

Þorsteinn B. Friðriksson

**VIÐSKIPTAMAÐUR ÁRSINS 2013**

▶ MARKAÐURINN



Kvikmyndir

**HROSS Í OSS OG BALTASAR ÁTTU ÁRIÐ 2013**

▶24


# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**HELGARBLAÐ**

28. desember 2013

304. tölublað 13. árgangur

Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




# ÓLÉTT EN HVERGI NÆRRI HÆTT

**Fyrirliði íslenska kvennalandsliðsins í knattspyrnu, Margrét Lára Viðarsdóttir, á von á sínu fyrsta barni. Erfið meiðsl leiddu hana inn á nýjar brautir en hún heldur fast í drauminn um að halda áfram atvinnumennsku að barnsburði loknum.** ▶ 18

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**KYN BARNSINS Í JÓLAGJÖF**

Ásgeir Erlendsson og Sara Rakel eiga von á barni 2014. ▶54



**KVIKNAÐI Í VINNUSTOFU SNORRA**

▶54



**FIMM ÁRA LEIKKONA Í BORGARLEIKHÚSINU**

Steinunn Kristín Valtýsdóttir.

▶30


JOE BOXER®
KRINGLUNNI & SMÁRALIND

Opið allan sólarhringinn í Engihjalla
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

Opið 10-19 lau. og sun.
PARTÝBÚÐIN
ALLT FYRIR VEISLUNA
Faxafeni 11 - Sími: 534 0534

**30 SJÓMENN MISSA VINNUNA MEÐ SÖLU ÖRVARS 4**
FISK-Seafood á Sauðárkróki hefur selt frystiskipið Örvar úr landi. Áherslubreyting í vinnslu fyrirtækisins er ástæða sölunnar. Þrjátíu sjómenn missa vinnuna.



**AFSKRIFA HUNDRUÐ MILLJÓNA 6**
Eigendur Sementsverksmiðjunnar afskrifa hundruð milljóna með samningum sem voru undirritaðir í gær. Akranesbær eignast verksmiðjureitinn að mestu.



SKOÐUN 12

**NÁFÖLVA MÆÐI NÚLLSTILLIR GÆÐI 12**
Þorsteinn Pálsson um vanda forystumanna í stjórnmálum, umræðuna um ríkisfjármálin og þörfina á að skapa raunveruleg verðmæti.

HELGIN 16→28

**YLJA SLAUFAR ÁRINU Á VIÐEIGANDI HÁTT 16**
Hljómsveitirnar Ylja, Moses Hightower og Snorri Helgason ætla að skapa huggulega jóla- og áramótastemningu í Gamla bíói í kvöld. Guðný Gígja Skjaldardóttir í Ylju hlakkar til kvöldsins.

**ÓLÉTT EN HVERGI NÆRRI HÆTT 20**
Fyrirliði íslenska landsliðsins í knattspyrnu, Margrét Lára Viðarsdóttir, á von á sínu fyrsta barni ásamt unnusta sínum Einari Erni Guðmundssyni. Margrét segir frá því hvernig erfið meiðsl leiddu hana inn á nýjar brautir en hún heldur fast í drauminn um að halda áfram atvinnumennsku að barnsburði loknum.

**VÍNIÐ MEÐ ÁRAMÓTAMATNUM 22**
Steingrímur Sigurgeirsson deilir með lesendum Fréttablaðsins þeim víntegundum sem passa best með hátíðarmatnum.




**ÁR JÁRNMANNSINS 24**
Kvikmyndaárið 2013 er senn á enda og er því við hæfi að stikla á stóru yfir það sem fyrir augu bar. Athygli vekur hversu fáar íslenskar myndir voru frumsýndar á árinu, en þær eru aðeins sex.



**ÁRAMÓTASPÁDÓMUR FRÁ ÁRINU 1913 28**
Illugi Jökulsson tók sér fyrir hendur að sýna fram á hve áramótaspádómar eru varasamir. Hann bjó því til spádóm sem upplýstur Evrópumaður hefði getað sett fram í fullri alvöru áramótin 1913-14, rétt áður en fyrri heimsstyrjöldin skall á.

MENNING 42→54

**GULL FYRIR PRETTÁN ÁRA GAMLA PLÖTU 46**
Söngdívurnar í Borgardætrum fengu gullplötu fyrir Jólaplötuna frá árinu 2000.



**BJARGAÐ AF ENGLI 54**
Snorri Ásmundsson komst í hann krappan þegar kviknaði í vinnustofu hans.

**FENGU KYN BARNSINS Í JÓLAGJÖF 54**
Ásgeir og Sara pökkuðu umslagi frá ljósmóður inn og opnuðu á aðfangadag.

SPORT 80



**GUÐJÓN VALUR GÆTI MISST AF EM**
Meiðslalisti íslenska handboltalandsliðsins lengist enn.




## FIMM Í FRÉTTUM JÓLAFÖGNUÐUR OG KJARABARÁTTA



**Einar Sveinsson** er frægur í Rómönsku-Ameríku fyrir að leika jólasveininn í sjónvarpinu í þáttaröð sem byggð er á sögum um íslenska jólasveina. Hann heimsækir barnaspítala í San Salvador hver jól.



**Vilborg Arna Gissurardóttir** fjallgöngukona komst á topp fjallsins Vinson Massif á aðfangadag, en það er hæsti tindur Suðurskautslandsins. Í jólakveðju á heimasíðu sinni sagðist hún njóta jólanna, bara á annan hátt en aðrir.



**Agnes Sigurðardóttir** biskup segir mikilvægast að finna gleðina á jólum. Biskupinn segir að samvera með fjölskyldu sé það mikilvægasta um hátíðarnar. Hún segist treysta því að guð miskunni sig yfir allar manneskjur.



**Laura Scheving Thorsteinsson** verkefnastjóri á sviði eftirlits og gæða hjá Landlækni segir útgangspunktinn í öryggismenningu á heilbrigðisstofnunum vera að leita ekki að sökudólgum heldur leita lausna þegar mistök eru gerð.



→ **Gylfa Arnbjörnssyni** er gróflega misboðið vegna ásakana um aukna misskiptingu vegna nýgerðra kjarasamninga og hvernig fjölmiðlar hafi hampað þeim sem ásaka mest. Hann segir að lögð hafi verið áhersla á að hækka lægstu laun í samningunum.

# Bókin er ennþá ein vinsælasta gjöfin

Bækur seldust vel fyrir jólin og eru útgefendur almennt sáttir við útkomuna. Lesendahópurinn fer sífellt stækkandi, sérstaklega með sprengingu lífsstílsbóka, að sögn útgefenda. Rafbókavæðingin virðist hafa haft lítil áhrif að þessu sinni.

**NEYTENDUR** „Bókin er enn að víkka út markaðshlutdeild sína," segir Bryndís Loftsdóttir, hjá Félagi íslenskra bókaútgefenda, þegar hún er spurð um bóksöluna fyrir jólin. Útgefendur eru ánægðir með jólin, salan var góð og bókin heldur sessi sínum sem hin klassíska jólagjöf.



**BRYNDÍS LOFTSDÓTTIR**

„Lesendahópurinn breikkaði með tilkomu íslensku glæpasagnanna, þá fengu margir bækur í jólagjöf sem voru ekki miklir lesendur fyrir. Svo með vinsældum lífsstílsbókanna hefur lesendahópurinn stækkað enn frekar. Fólk þarf að vera ansi áhugalaust í lífinu til þess að ekki sé hægt að finna einhverja bók við hæfi. Úrvalið er svo gott," segir Bryndís.

Endanlegar sölutölur fyrir jólin eru ekki komnar enda eru margir sem eiga eftir að skila og skipta jólabókunum sínum. „Það er reyndar mjög sjaldgæft að fólk skili bók bara af því að það langar ekki í bók. Íslendingar virðast vera víðsýnir og umburðarlyndir gagnvart því að prófa og gefa höfundum tækifæri. Fólk skiptir yfirleitt bók í einhverja aðra bók."

Bryndís segir óvenju marga titla gefna út á Íslandi og það sé einstakt hjá svo litlu málsamfélagi. Íslendingar séu líka duglegir að gefa bækur og þótt það sé margbúið að spá minnkandi vinsældum prentuðu bókarinnar þá haldi hún velli ár eftir ár.



**Í BÓKABÚÐ** Bókin var vinsæl jólagjöf í ár sem endranær. Salan var álíka mikil og í fyrra og virðist rafbyltingin engin áhrif hafa þar á. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> **Það er bara hluti af því að vera Íslendingur að gefa bók í jólagjöf.**
> *Bryndís Loftsdóttir hjá Félagi íslenskra bókaútgefenda*

„Þetta er svo rótgróið í þjóðarsálina. Það er bara hluti af því að vera Íslendingur að gefa bók í jólagjöf. Svo eru bækur á breiðu verðbili og verður sífellt auðveldara að finna góða bók í gjöf á fínu verði. Ég held að fólki finnist gaman að gefa eitthvað sem er einhver sögn í og bækurnar eru persónuleg gjöf."

Bryndísi þykir sérlega ánægjulegt hversu vel íslenskar barnabækur komu út fyrir þessi jól. „PISA-könnunin átti hlut að máli. Fólk vaknaði greinilega til vitundar um það hversu mikilvægt það er fyrir börn að lesa bækur. Úrval íslenskra barnabóka var líka mjög gott fyrir jólin og sérstaklega auðvelt að finna bækur handa strákum þetta árið. Nú þurfum við bara að lesa þessar bækur með strákunum okkar."

Bryndís segir árið 2013 hafa verið gott bókaár og að íslenskir höfundar megi vera sáttir við sitt framlag. „Það varð mikil lífsstílssprengja í byrjun ársins og nú er bara spennandi að sjá hver sprengjan verður árið 2014."

erlabjorg@frettabladid.is

Víða skammur tími til að skipta jólagjöfum að mati Neytendasamtakanna:

# Erfitt fyrir fólk á landsbyggðinni

**NEYTENDUR** Skammur tími til að skipta jólagjöfum sem ekki henta þiggjandanum getur torveldað fólki sem ekki býr á höfuðborgarsvæðinu að skipta. Neytendasamtökin hvetja fólk í þessari stöðu til að heyra í verslununum og biðja um lengri frest.

Ekkert er fjallað um skilarétt í lögum og eigendum verslana því í sjálfsvald sett hvort tekið er við vöru aftur sem ekki er gölluð. Flestar verslanir taka þó við vörum aftur í skiptum fyrir aðra, sérstaklega í kringum jólin.

Neytendasamtökin benda á það á vef sínum að sumar verslanir gefi afar skamman frest til að skila vörum, í sumum tilvikum aðeins fram að áramótum. Samtökin telja það helst til tæpan frest, sér í lagi fyrir þá sem ekki búi á höfuðborgarsvæðinu.

Útsölur eru hafnar, eða hefjast víða á næstu dögum. Þær geta flækt stöðu þeirra sem ætla að skila vörum þar sem sumar verslanir gefa ekki út inneignarnótur á upprunalegu verði heldur útsöluverði.

Eðlilegra væri að mati Neytendasamtakanna að gefa þeim sem ekki vilja taka út vöru á útsölunni kost á því að fá inneignarnótu á fullu verði sem gildir að lokinni útsölu. - bj



**SKILAÐ** Fjölmargir lögðu leið sína í verslanir í gær til að skipta jólagjöfum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# ÁRAMÓTASPRENGJA

Veiðilagerinn á Krókhálsi

## BLÆS TIL STÓRÚTSÖLU

Á haglabyssum og öndunarvöðlum og rifflum
og kayökum og flugustöngum og kasthjólum og
spúnum og veiðijökkum og fluguhjólum og tálfuglum
og flugulínum og neoprenvöðlum og háfum og
veiðitöskum og ýmsu öðru veiðidóti

**Allar vörur með miklum afslætti**



**OPIÐ**
27. desember 11 til 20
28. desember 11 til 18
29. desember 11 til 18
30. desember 11 til 20
31. desember 10 til 12

Veiði LAGERINN outlet

Veiðilagerinn - Krókhálsi 4 - 517 8050

## 21.12.2013 → 27.12.2013



**1.679 m** hafa verið boraðir við gerð tvennra jarðganga síðari hluta árs. Vaðlaheiðargöng eru nú 1.371 metri að lengd og Norðfjarðargöng eru 308 metrar.




**Ekkert** skip var á sjó við Ísland part úr degi á jóladag. Þessi staða hefur ekki komið upp áður að sögn Vaktstöðvar siglinga.

**500.000 kr.** Útgerðarfyrirtækið Samherji greiðir starfsfólki í landi samtals 500.000 krónur í aukabónus þetta árið. Starfsmennirnir eru yfir 500 svo alls kostar bónusinn fyrirtækið yfir 250 milljónir.

**12 milljarða króna** Íslenska leikjafyrirtækið Plain Vanilla er metið á 12 milljarða króna. Fimm milljónir hafa sótt iPhone-leikinn QuizUp.



**228** tilkynningar um hópuppsagnir bárust Vinnumálastofnun frá ársbyrjun 2008 til loka nóvember 2013 þar sem samtals 8.940 einstaklingum hefur verið sagt upp störfum.

**Átta** jólabörn komu í heiminn á Landspítalanum í ár, fimm í Hreiðrinu og þrjú á fæðingardeildinni.



**Alfreð Finnbogason** braut þrjátíu marka múrinn annað árið í röð í lokaleiknum fyrir jólafrí. Alfreð hefur skorað 64 mörk á síðustu tveimur árum.



**FLUGELDAR** eru óheimilir um nætur nema á nýársnótt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Úr reglugerð um skotelda:

## Engir flugeldar við brennurnar

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan minnir á reglur um notkun skotelda í tilkynningu en þar kemur fram að þeir eru aðeins leyfðir á tímabilinu frá 28. desember til 6. janúar.

Meðferð þeirra er þó alltaf bönnuð frá miðnætti til klukkan níu um morgun, að undanskilinni nýársnótt.

Við brennu og í næsta nágrenni hennar er öll meðferð flugelda og annarra skotelda bönnuð. Þar er aðeins leyfilegt að nota stjörnuljós og blys. - fbj

Heiðar kaupir af Grindavík:

## Selja 0,5% hlut í HS Veitum

**VIÐSKIPTI** Bæjarstjórn Grindavíkur hefur samþykkt að selja 0,5 prósenta hlut bæjarins í HS Veitum til Ursus I slhf., félags í eigu Heiðars Más Guðjónssonar fjárfestis.

Bæjarstjórnin samþykkti kaupsamninginn samhljóða og ákvað að fela bæjarráði að meta hvort stofna ætti sérstakan sjóð um fjármunina sem fást úr sölunni. Kaupverðið var ekki gefið upp.

Ursus keypti í nóvember síðastliðnum 16,5 prósenta hlut Reykjanesbæjar í HS Veitum. Kaupverðið þá var 1.520 milljónir króna. - hg

# Örvar SK-2 seldur og 30 missa skiprúmið

FISK-Seafood á Sauðárkróki hefur selt frystiskipið Örvar úr landi. Áherslubreyting í vinnslu fyrirtækisins er ástæða sölunnar. Þrjátíu sjómenn missa vinnuna. Skipstjórinn hefur engar upplýsingar um hvert framhaldið verður hjá hans mönnum.

**SJÁVARÚTVEGUR** Sjávarútvegsfyrirtækið FISK-Seafood á Sauðárkróki hefur selt frystitogarann Örvar SK-2 úr landi. Vegna sölu skipsins verður um 30 manns sagt upp störfum. Ástæða sölunnar er áherslubreyting í starfsemi fyrirtækisins með eflingu landvinnslu á kostnað frystingar og vinnslu á sjó.

Fyrirtækið sendi frá sér fréttatilkynningu þessa efnis um hádegisbil í gær, en hvorki Jón Eðvald Friðriksson, framkvæmdastjóri FISK-Seafood, né Gylfi Guðjónsson, útgerðarstjóri félagsins, vildu gefa frekari upplýsingar en gefnar eru í annars ítarlegri tilkynningu.

Þar segir að viðunandi kauptilboð hafi borist í skipið og frágangur samninga standi yfir, en Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að skipið verði selt til Rússlands. Stefnt er að því að það verði afhent nýjum eigendum í febrúar, en uppsagnarfrestur áhafnar Örvars er frá einum og upp í sex mánuði.

Þar segir jafnframt að þó að starfsmönnum fyrirtækisins geti fækkað tímabundið sé ljóst að til lengdar muni þeim fjölga. Ástæðan er sú áherslubreyting í starfsemi fyrirtækisins sem er ástæðan fyrir sölu skipsins.

Sverrir Kjartansson, skipstjóri á Örvari, gat ekki veitt Fréttablaðinu upplýsingar um framtíð áhafnar skipsins hjá fyrirtækinu. Fréttir af sölu skipsins bárust honum fyrst í gærmorgun. „Við vitum ekki neitt. Það var bara hringt í okkur í morgun og við látnir vita af þessu."

Þórarinn Sverrisson, formaður stéttarfélagsins Öldunnar, hafði aðeins nýlega frétt af sölu skipsins þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær. Hann sagði ið væntanlega hefði áhöfnin misst sitt skiprúm og hann hefði ekki heyrt í neinum þeirra um framhaldið, né heldur forsvarsmönnum fyrirtækisins.

Stefna FISK er að draga úr vægi frystingar og vinnslu á sjó, en efla í staðinn landvinnslu sem býður upp á fjölbreyttari framleiðslu og betri nýtingu alls hráefnis, segir í tilkynningu félagsins.

Undirbúningur að þessari breytingu er þegar hafinn, til dæmis með byggingu þurrkverksmiðju á Sauðárkróki. Jafnframt á FISK dótturfyrirtæki, sem sérhæfir sig í rannsóknum og þróun er snúa að eftirliti og eflingu gæða lokaafurða fyrirtækisins. svavar@frettabladid.is



**Í HÖFN** Á Sauðárkróki er FISK-Seafood burðarásinn í atvinnulífinu. Togarinn Örvar SK-2 hefur verið seldur úr landi, en hann var smíðaður á Spáni 1993 og hét áður Blængur NK. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA MYND/ÞORGEIR BALDURSSON

### Fjórða stærsta sjávarútvegsfyrirtækið

- FISK- Seafood er fjórða stærsta sjávarútvegsfyrirtæki landsins ef tekið er tillit til kvótastöðu. Fyrirtækið hefur yfir að ráða tæpum 18.000 þorskígildistonnum, eða 4,59% af heild.
- Landvinnslur FISK Seafood eru á þremur stöðum á landinu: á Grundarfirði, á Skagaströnd og á Sauðárkróki.
- Skipafloti fyrirtækisins samanstendur af þremur frystitogurum, einum ísfisktogara og einum togbát. Þau eru Arnar HU-1, Farsæll SH-30, Klakkur SK-5, Málmey SK-1 og Örvar SK-2.



**ÞORLÁKSMESSA** er vinsæl hjá afbrotamönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Afbrotatíðni yfir hátíðarnar:

## Færri afbrot á aðfangadag í ár

**LÖGREGLUMÁL** Fleiri afbrot voru framin á jóladag í ár samanborið við árið 2012. Hins vegar voru færri afbrot framin á aðfangadag þetta árið en í fyrra. Mun fleiri afbrot eru framin á Þorláksmessu en hina tvo hátíðisdagana. Þetta kemur fram í Afbrotatíðindum Ríkislögreglustjóra.

Á Þorláksmessu voru skráð brot 39 talsins, 17 á aðfangadag og 21 á jóladag. Flest brot á aðfangadag voru þjófnaðir.

Um er að ræða öll framin brot nema umferðarlagabrot. - fbj

Persónuafsláttur hækkar:

## Skattleysismörk í 141 þúsund

**EFNAHAGSMÁL** Persónuafsláttur hækkar um 4,2 prósent um áramótin, í takt við verðbólgu síðustu 12 mánaða. Eftir breytinguna verður afslátturinn 50.498 krónur á mánuði.

Skattleysismörkin hækka um sama hlutfall, og verða 141.025 krónur á mánuði samkvæmt samantekt á vef fjármálaráðuneytisins. Tekjuskatthlutfallið lækkar um 0,02 prósentustig í neðsta og efsta stigi, en um 0,48 prósentustig í miðstiginu. - bj


STÓR HUMAR
HUMARSÚPA
ÞORSKHNAKKAR
LAXAFLÖK
HAFBERG
fiskbúð sælkerans
Gnoðarvogi 44 • Sími 588 8686
OPIÐ LAUGARDAG 11-16


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**SNJÓKOMA SUÐVESTANLANDS Í KVÖLD** Talsvert frost verður á morgun, sérstaklega inn til landsins en á mánudag dregur úr frosti og hlánar sunnanlands. Mikil úrkoma verður þá suðaustan- og austanlands og hvasst víða á landinu.




**Á morgun**
Strekkingur eða hvassviðri sunnan- og vestanlands en annars hægari.




**Mánudagur**
Strekkingur eða hvassviðri og sums staðar stormur.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 19° | Berlín | 10° | Friedrichshafen | 8° | Las Palmas | 21° | New York | 8° | París | 12° |
| Aþena | 13° | Billund | 7° | Gautaborg | 7° | London | 9° | Orlando | 26° | San Francisco | 15° |
| Basel | 7° | Frankfurt | 9° | Kaupmannahöfn | 7° | Mallorca | 18° | Ósló | 6° | Stokkhólmur | 5° |



**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is,* Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# Notaður bíll
# Dúndur díll

Við kveðjum árið með hvelli. Notaðir bílar með dúndur afslætti og veglegum flugeldapakka frá Hjálparsveit Skáta í Reykjavík í skottinu. Það er opið í dag frá 12:00 til 16:00.

Dúndur díll **500.000** afsláttur



**FORD GALAXY TREND** - 4. 2006
Ekinn 153.000 km • bensin • beinskiptur
Verð: 1.290.000.-
**Dúndur díll: 790.000.-**

Dúndur díll **480.000** afsláttur



**HYUNDAI SANTA FE** - 2. 2006
Ekinn 122.000 km • bensín • sjálfskiptur
Verð: 1.270.000.-
**Dúndur díll: 790.000-**

Dúndur díll **400.000** afsláttur



**SUZUKI GRAND VITARA** - 11. 2005
Ekinn 147.000 km • bensín • sjálfskiptur
Verð: 1.390.000.-
**Dúndur díll: 990.000-**



**BMW 1 116** - 10 2007
Ekinn 42.000 km • bensin • beinskiptur
**Verð: 1.990.000.-**



**CHEVROLET MATIZ S** - 5. 2007
Ekinn 154.000 km • bensín • beinskiptur
**Verð: 590.000.-**



**TOYOTA AURIS TERRA** - 4. 2007
Ekinn 114.000 km • bensín • beinskiptur
**Verð: 1.490.000.-**



**SSANGYONG REXTON RX-270** • 7. 2005
Ekinn 155.000 km • dísel • sjálfskiptur
**Verð: 1.790.000.-**



**TOYOTA COROLLA TERRA** - 5. 2008
Ekinn 92.000 km • bensín • beinskiptur
**Verð: 1.690.000.-**

**Veglegur flugeldapakki með hverjum seldum bíl***

TRAUSTI

**Sölustaðir Hjálparsveita Skáta í Reykjavík:**

- **Bílabúð Benna - Vagnhöfða 23**
- Risaflugeldamarkaður HSSR - Malarhöfða 6
- Spöngin - Grafarvogi
- Grafarholt - við Húsasmiðjuna
- Mjóddin - Breiðholti
- Skátaheimili Skjöldunga - Sólheimum 21a
- Norðlingaholt - Elliðabraut

Hjálparsveit Skáta Reykjavík

*Flugeldapakki fylgir ekki með umboðssölubílum

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

**Traustur styrktaraðili Hjálparsveitar Skáta í Reykjavík til fjölda ára**

**Opnunartími:**
Opið virka daga frá 10-18
Opið á laugardögum 12-16

Bílabúð Benna - Notaðir bílar
Bíldshöfða 10 • 110 Reykjavík
Sími: 590 2035 • benni.is

Bílabúð Benna
*Sérfræðingar í bílum*

# Eigendur Sementsverksmiðjunnar afskrifa hundruð milljóna króna

Eigendur Sementsverksmiðjunnar afskrifa hundruð milljóna með samningum sem voru undirritaðir í gær. Akranesbær eignast Sementsverksmiðjureitinn að mestu leyti, upp á rúmlega 55 þúsund fermetra. Skipulagsmál svæðisins verða rædd á íbúaþingi um miðjan janúar.

**SKIPULAGSMÁL** Eigendur Sementsverksmiðjunnar afskrifa hundruð milljóna með samningum sem Akraneskaupstaður, Sementsverksmiðjan og Arion banki undirrituðu í gær.

Með þeim eignaðist Akranesbær svokallaðan Sementsverksmiðjureit að mestu leyti, bæði mannvirki og lóðaréttindi, án endurgjalds til Sementsverksmiðjunnar. Samanlagt tekur bærinn við réttindum á lóðum upp á alls um 55.500 fermetra.

Eigendur verksmiðjunnar eru Björgun ehf., Heidelberg á Íslandi, sem er dótturfélag norska sementsframleiðandans HeidelbergCement, Arion banki og Lýsing. Mest þurfa Björgun og Heidelberg að afskrifa en bankarnir afskrifa um eitt hundrað milljónir króna. „Við erum ánægðir með að almennir kröfuhafar eru ekki að tapa neinu,“ segir Gunnlaugur Kristjánsson, stjórnarformaður Sementsverksmiðjunnar, aðspurður.

Hann er mjög ánægður með samningana, sem voru gerðir að frumkvæði verksmiðjunnar. „Félagið hefði ekki getað haldið svona áfram. Við erum búnir að tapa rosalega miklu eftir hrun og töpuðum mjög miklu á gjaldþroti BM Vallár á sínum tíma. Svo hefur landið ekkert risið hérna og þess vegna var ekkert annað að gera en að fara í endurskipulagningu og hún tókst mjög vel,“ segir Gunnlaugur en verksmiðjan hefur tapað í kringum eitt hundrað milljónum króna á ári.

„Þetta eru góðir samningar fyrir alla. Bankinn og eigendurnir leggja mest til en bærinn hjálpaði til með því að taka yfir þessar eignir strax. Það hefði verið erfitt fyrir okkur að halda áfram með þær á bakinu.“

Næst á dagskrá er að huga að skipulagsmálum reitsins og verða þau rædd á íbúaþingi á Akranesi 18. janúar með aðstoð Kanon arkitekta.

Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri Akraness, er gríðarlega ánægð með samningana. „Það eru margir Skagamenn sem vildu auðvitað óska þess, og ég þar á meðal, að sementsframleiðsla væri í fullum gangi á Íslandi en það eru breyttir tímar. Það skiptir okkur miklu máli að fá eignarhald á þessu svæði. Það hefði verið mjög vont fyrir bæjaryfirvöld ef Sementsverksmiðjan hefði farið í þrot og við værum með skiptastjóra með yfirráð yfir þessu stóra svæði.“

Aðspurð segist hún vilja sjá sitt lítið af hverju á svæðinu. „Við erum spennt að heyra í íbúum vegna þess að þetta er svæði sem allir hafa skoðanir á. Ég myndi vilja sjá blöndu af léttri atvinnustarfsemi og íbúðum,“ segir hún.

Sementsverksmiðjan ehf. mun starfa áfram að innflutningi sements og leigja um 11 prósent af flatarmáli lóða á sementsreitnum til 2028. Þegar leigusamningurinn rennur út fær Akraneskaupstaður öll mannvirki á lóðinni afhent án kvaða, veðbanda eða endurgjalds.

Sex starfsmenn eru nú við störf í verksmiðjunni við pökkun og ýmis störf en engin sementsframleiðsla er þar lengur. Þegar best lét störfuðu þar á annað hundrað manns en verksmiðjan hóf starfsemi 1958.

freyr@frettabladid.is



**➜ Hvað verður um sementsstrompinn?**

Sementsstrompurinn, sem hefur lengi verið eitt helsta kennileiti Akraness, er á því svæði sem Akranesbær fær til yfirráða. „Mönnum þykir mjög vænt um þennan stromp. Við gerum ekkert við hann nema að vel athuguðu máli,“ segir Regína Ásvaldsdóttir.

**SEMENTSVERKSMIÐJAN** Skipulagsmál svæðisins þar sem verksmiðjan stendur verða rædd í janúar.



**SAMNINGAR Í HÖFN** Gunnlaugur Kristjánsson og Regína Ásvaldsdóttir við undirritun samningsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**55 ÞÚSUND FERMETRAR** Sementsverksmiðjan heldur eftir til 15 ára svæðinu sem er afmarkað með bláum línum til vinstri. Akranesbær fær forræði yfir lóðunum sem eru afmarkaðar með rauðum línum. Mannvirki sem Sementsverksmiðjan leigir af Akraneskaupstað innan „rauða svæðisins“ eru merkt með bláum skálínum.

## 250 milljóna kostnaður við niðurrif

Gert er ráð fyrir að kostnaður Akranesbæjar við niðurrif mannvirkja geti numið um 250 milljónum króna en með þessum samningi verður engin breyting á skyldum Akraneskaupstaðar varðandi niðurrifið. Á móti kostnaðinum koma m.a. 23,4 milljónir króna sem Sementsverksmiðjan ehf. greiddi í gær vegna niðurrifs á efnisgeymslu og tekjur vegna sölu eða leigu á Faxabraut 10.





Það er aldrei of seint að byrja!

**Skíðaskóli um helgar kl. 11–15.**
**Brettaskóli Bláfjalla og Mint Snow um helgar kl. 10:30–14:30.**

**Nýtt í vetur:**
Byrjendakennsla fyrir fullorðna
– mánudaga, miðvikudaga og fimmtudaga.

Skráning og nánari upplýsingar
á **skidasvaedi.is**

SKÍÐASVÆÐIN


Íbúar húss á vegum Sunnuhlíðar í Kópavogi urðu fyrir miklu ónæði:

# Lyfta biluð allt frá aðfangadegi

**HEILBRIGÐISMÁL** Lyfta bilaði í íbúðarhúsi fyrir aldraða á aðfangadag og var ekki enn komin í gagnið í gærkvöldi. Húsið er á vegum Sunnuhlíðarsamtakanna í Kópavogi. Umsjónarmaður fasteigna segir að erfitt hafi reynst að finna orsök bilunarinnar.

Meirihluti íbúa hússins styðst við göngugrindur eða er bundinn við hjólastól, að sögn aðstandanda. „Það er ansi bagalegt fyrir fólkið að komast ekki milli hæða yfir jólin. Systir mín mætti fjölskyldu á göngunum sem hafði flutt jólaveisluna á Sunnuhlíð, þar sem ekki var hægt að flytja viðkomandi íbúa niður stigann,“ segir Hjördís Jóhannsdóttir, en móðir hennar býr í húsinu. Dóttir Hjördísar var stödd í lyftunni þegar hún bilaði um fjögurleytið á aðfangadag.

Matsalur íbúa er á neðstu hæð hússins. „Móðir mín hefur staulast þetta með herkjum en hjá henni er bara einn stigi. Aðrir búa ofar,“ segir Hjördís, sem er ósátt við það hversu langan tíma hefur tekið að gera við lyftuna. „Ég hef ekki orðið vör við að neinn sinni þessu,“ segir hún.

Sæmundur Alfreðsson, umsjónarmaður fasteigna Sunnuhlíðar, segir það hafa tekið viðgerðarmenn langan tíma að finna út hvað olli biluninni. Lyftan átti að komast í gagnið í gær, en svo fór ekki. Sæmundur segir íbúana hafa orðið fyrir nokkrum óþægindum, en reynt hafi verið að komast til móts við þá, meðal annars hafi þeim sem ekki komust í matsalinn verið færður matur. - eb




**SUNNUHLÍÐ** Lyfta bilaði í íbúðarhúsi fyrir aldraða á aðfangadag. Hún var enn í ólagi í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




# 25% AFSLÁTTUR AF ALLRI SNYRTIVÖRU

**27. - 31. DESEMBER**

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Ríkisstjórn Suður-Súdans vill semja við hóp uppreisnarmanna og enda átök:

# Stjórnvöld óska eftir vopnahléi

**SUÐUR-SÚDAN** Ríkisstjórn Suður-Súdans komst í gær að samkomulagi um að sækjast eftir vopnahléi við uppreisnarmenn í landinu.

Breska ríkisútvarpið, BBC, hafði eftir leiðtogum Austur-Afríkuríkjanna að þeir fögnuðu því að stjórnvöld í landinu hefðu fallist á að sækjast eftir tafarlausu vopnahléi. Þeir skoruðu jafnframt á Riek Machar, leiðtoga uppreisnarmanna, að fara að fordæmi stjórnvalda. Machar er fyrrverandi varaforseti Suður-Súdans, en hann og forseti landsins, Salva Kiir, hafa síðustu mánuði barist um völdin í landinu.

Um þúsund manns hafa látist í átökunum og að minnsta kosti eitt hundrað þúsund flúið heimili sín. Um sextíu þúsund hafa leitað skjóls í flóttamannabúðum Sameinuðu þjóðanna víðs vegar um landið.

Sameinuðu þjóðirnar tilkynntu nýverið að þær ætluðu á næstu vikum að senda fleiri friðargæsluliða til landsins. **- hg**



**HERMENN** Fjölmiðlar hafa fjallað um margvísleg voðaverk sem tengjast átökunum í Suður-Súdan. NORDICPHOTOS/AFP.



**GLERI SÓPAÐ** Sprengingin var öflug og nærliggjandi byggingar löskuðust. FRÉTTABLAÐIÐ/AP.

# Andstæðingur Hesbollah lést í sprengjuárás

Öflug bílsprenging drap sex og særði sjötíu í Beirút, höfuðborg Líbanons, í gær. Mohammed Chatah, fyrrverandi fjármálaráðherra landsins og harður andstæðingur Hesbollah-samtakanna, lést í sprengingunni.

**LÍBANON, AP** Sex létust og yfir sjötíu særðust í bílsprengingu í miðborg Beirút, höfuðborgar Líbanons, í gær. Sprengjunni, sem vó um sextíu kíló, var komið fyrir í bifreið Mohammeds Chatah, fyrrverandi fjármálaráðherra Líbanons og ráðgjafa Saad Hariri, fyrrverandi forsætisráðherra landsins. Chatah og bílstjóri hans létust báðir.

Talið er að liðsmenn Hesbollah-samtakanna hafi komið sprengjunni fyrir. Chatah var harður andstæðingur samtakanna og gagnrýndi þau meðal annars á Twitter um klukkustund áður en hann lést. Þar sagði hann samtökin þrýsta á að fá aukin völd í varnarmála- og utanríkisstefnu Líbanons.

Chatah var í gær á leiðinni á fund með Hariri og meðlimum líbanskrar hreyfingar sem hefur gagnrýnt stjórnvöld í Sýrlandi opinberlega. Chatah og Hariri voru einnig andstæðingar Bashars al-Assad, forseta Sýrlands, en hann nýtur stuðnings Hesbollah. Réttarhöld yfir fimm liðsmönnum samtakanna eiga að hefjast eftir þrjár vikur, en þeir eru sakaðir um að hafa drepið Rafik Hariri, föður Saads, í sprengjutilræði í Beirút árið 2005.

Chatah var súnní-múslimi líkt og Hariri. Borgarastyrjöldin í Sýrlandi hefur aukið á spennuna milli súnnía og sjía-múslima í Líbanon. Liðsmenn Hesbollah, sem eru sjíar, hafa undanfarna mánuði gengið til liðs við stjórnarher Sýrlands en súnníar í Líbanon styðja uppreisnarmenn.

haraldur@frettabladid.is








**TÓK VIÐ GJÖF** Soffía Guðmundsdóttir leikskólastjóri veitti tölvunum viðtöku. MYND/SELTJARNARNESBÆR

Lionsklúbbur afhenti gjöf:

# Leikskólabörn fengu iPad

**SAMFÉLAGSMÁL** Um miðjan desember færði Sigurður H. Engilbertsson, formaður Lionsklúbbs Seltjarnarness, fyrir hönd félaga sinna í klúbbnum, Leikskóla Seltjarnarness þrjár spjaldtölvur frá Apple að gjöf.

Af því tilefni komu börnin saman í sal skólans og elstu börnin sungu nokkur jólalög við undirleik Sesselju Kristjánsdóttur, söngkonu og starfsmanns leikskólans.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Leikskóli Seltjarnarness fær stuðning frá Lionsmönnum því á síðasta ári færðu þeir skólanum einnig tvær spjaldtölvur að gjöf. **- fb**




DEBENHAMS

# ÚTSALAN
# ER HAFIN

# 30-70%
AFSLÁTTUR

**20%** afsláttur af öllum undirfötum og náttfötum fyrir dömur og herra*

*Gerðu lífið skemmtilegra*

*GILDIR TIL 31. DESEMBER

Finndu okkur á facebook

**Opið 11 - 18 í dag**

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



**HEIL HEILSU** Járningamaður bar ekki með sér smit. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eftirliti með hestum aflétt:

## Ekki merki um smit í Hólaborg

**LANDBÚNAÐUR** Engin merki eru um að sjúkdómar hafi borist inn í hestaþjálfunarstöðina Hólaborg með áhöldum erlends járningamanns í vetur. Matvælastofnun hefur því aflétt hömlum sem settar voru á starfsemina í kjölfarið. Hestaþjálfunarstöðin hefur verið undir sérstöku eftirliti Matvælastofnunar eftir að í ljós kom að járningamaðurinn hafði komið með notuð járningaáhöld, svuntu og vinnuskó til landsins og notað við sjúkrajárningar á stöðinni. Slíkur innflutningur er ólöglegur og felur í sér smithættu. Hrossin í Hólaborg hafa verið skoðuð og ekki hafa fundist nein merki um að sjúkdómar hafi borist inn í stöðina.

- shá

# Risapottar 1X2 eru búnir til sérstaklega fyrir jólin

Peningaupphæð er lögð til hliðar fyrir risapott sem m.a. er boðið upp á um jólin þegar flestir tipparar freista gæfunnar. Stærsti pottur sögunnar var helgina fyrir jól þegar um 440 milljónir króna fengust fyrir 13 rétta.

**GETRAUNIR** Ákveðin peningaupphæð er lögð til hliðar og sett í stóran pott í getraunaleiknum 1X2 sem dælt er úr nokkrum sinnum á ári, þar á meðal um jólin.

Til að mynda voru um 440 milljónir í pottinum fyrir þrettán rétta síðasta laugardag, sem var sá stærsti í sögu Íslenskra getrauna. Alls skiptu 204 tipparar með sér vinningnum, sem nam rúmlega tveimur milljónum króna.

„Við erum afar ánægðir með að fá risapott. Þá fá íþróttafélögin sinn hluta af sölunni. Því hærri pottur, því meiri líkur á að það seljist meira,“ segir Stefán Konráðsson, framkvæmdastjóri Íslenskrar getspár, aðspurður. Svíar, sem eru í samstarfi við Íslendinga og Suður-Afríkumenn, ráða ferðinni hvað risapottana varðar. Til að mynda voru þrír risapottar fyrr á árinu vegna áttatíu ára afmælis Svenska Spel sem heldur utan um sænsku getraunirnar.

Að sögn Stefáns myndast risapottarnir annars á þrjá vegu. Í fyrsta lagi þegar enginn er með þrettán rétta og fer potturinn þá yfir á næstu viku. Í öðru lagi þegar margir eru með 10 eða 11 rétta og enginn nær lágmarksvinningnum, sem er fimmtán krónur sænskar [um 266 íslenskar krónur]. Fer þá potturinn yfir á næstu viku.

Í þriðja lagi er ákveðinn hluti af hverri seldri krónu tekinn frá fyrir pott sem er notaður þegar einungis einn er með þrettán rétta. Þessi regla tók gildi á haustmánuðum 2010. Þá var útborgunarhlutfalli í getraunum breytt úr 46% í 65% og um leið var útborgunarhlutfalli hvers vinningsflokks breytt örlítið. Við þessa breytingu hækkuðu vinningar mjög og áhugi jókst. Til að mynda hafa tíu stærstu pottarnir í sögu Íslenskra getrauna myndast á síðustu þremur árum.

Nýju reglurnar kveða á um að sú manneskja sem hlýtur 13 rétta fær tíu milljónir sænskra króna [um 177 milljónir íslenskra króna] í vinning sama þótt lægri upphæð hafi verið í pottinum. Peningurinn sem er lagður til hliðar vegna þessarar reglu safnast saman og er notaður í risapott eins og þann sem var í boði um síðustu helgi. Rétt eins og á sama tíma fyrir ári var ákveðið að tvöfalda sænsku milljónirnar tíu fyrir jólin.

Stefán segir að mest sé tippað í kringum jólin en svo dregur úr því þegar nær dregur vorinu. Risapottar um jólin hafa því verið nokkuð oft í boði í gegnum árin til að mæta eftirspurninni og auka hana á sama tíma.

„Það eru margar umferðir spilaðar um jólin. Þótt það sé mikið um að vera í jólaboðum eru margir sem setjast niður og horfa á fótboltann líka,“ segir hann.

freyr@frettabladid.is

**673**

Heildarvinningspotturinn í 1X2 á laugardaginn var sá langstærsti til þessa, eða 673 milljónir króna.



**ÁNÆGÐUR MEÐ RISAPOTTA** Stefán Konráðsson hjá Íslenskri getspá er ánægður með risapottana sem myndast nokkrum sinnum á ári. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### 5 stærstu pottarnir í sögu 1X2 á Íslandi

| Nr. | Ár | Vika | Ísl. kr. | 13 réttir | Fjöldi alls | Fjöldi Íslandi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | 2013 | 51 | 440.850.013 | 2.139.410 | 204 | 2 |
| 2. | 2012 | 51 | 269.468.885 | 4.383.490 | 65 | 1 |
| 3. | 2013 | 42 | 231.751.000 | 6.478.470 | 37 | 0 |
| 4. | 2013 | 43 | 231.751.000 | 7.619.440 | 31 | 1 |
| 5. | 2013 | 44 | 231.751.000 | 1.463.250 | 157 | 7 |





NOTANDANAFN
Jon Jonsson
LYKILORÐ
INNSKRÁ
1234 5678 9098 7654
AUÐKENNI
Sláðu inn PIN númer:
Senda
ÖRUGGASTA LYKILORÐIÐ ER EKKI GEYMT Á NETINU
RAFRÆN SKILRÍKI - ÖRUGG AUÐKENNING
Rafræn skilríki er ein öruggasta auðkenning sem þekkist í rafrænum samskiptum á Íslandi. Eitt og sama PIN kemur þér inn á rafrænt þjónustusvæði tuga þjónustuveitenda. Í stað margra lykilorða hjá mörgum aðilum kemur eitt PIN, geymt á einum stað á rafrænum skilríkjum og tryggir þér öruggan aðgang.
Fáðu þér rafræn skilríki í farsímann þinn, sér eða samhliða skilríkjunum á debetkortinu. Rafræn skilríki í síma virka óháð tækjum og vöfrum og veita aukið frelsi.
Gakktu í hóp tugþúsunda notenda sem velja meira öryggi og einfaldara aðgengi.
Kynntu þér framtíð rafrænnar auðkenningar á audkenni.is
AUÐKENNI
Sími: 530 0000 | audkenni@audkenni.is | audkenni.is
H:N Markaðssamskipti / SÍA

Björgunarsveitirnar þurfa á okkar framlagi að halda:

# Æ mikilvægara björgunarstarf

Enn og aftur hefur óeigingjarnt sjálfboðastarf björgunarsveitanna sannað gildi sitt undanfarna daga. Í óveðrinu sem gengið hefur yfir víða á landinu hikuðu björgunarsveitarmenn ekki við að standa upp frá jólaborðinu og fara frá fjölskyldum sínum til að aðstoða samborgara í vandræðum.

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Mikilvægi björgunarsveitanna fer vaxandi ef eitthvað er vegna síaukins ferðamannastraums til landsins, líka yfir vetrarmánuðina. Jónas Guðmundsson, verkefnisstjóri hjá Landsbjörgu, segir í grein í Fréttablaðinu í gær að björgunarsveitir og lögregla hafi undanfarin ár bjargað hundruðum ferðamanna að vetrarlagi, sem hafi fest bíla í snjó, villzt af leið eða lent í hrakningum utan alfaraleiða.

Tilgangur greinar Jónasar er að hvetja alla þá sem eru í samskiptum við ferðamenn eða starfa við ferðaþjónustu að veita ferðamönnum réttar upplýsingar þannig að þeir fari sér ekki að voða í óblíðum vetrarveðrum. Því miður benda sumar fréttir jólahelgarinnar til að það vanti talsvert upp á ábyrgðartilfinningu sumra í ferðaþjónustunni, sem ana út í vitleysu með hópa ferðamanna og búa til fullkomlega óþörf verkefni fyrir björgunarsveitirnar.

Í fréttum RÚV var þannig sagt frá því að leiðsögumaður á vegum ferðaskrifstofu sem býður upp á ævintýraferðir hefði hunzað viðvaranir björgunarsveitarinnar í Öræfum og lagt út í óveðrið. Niðurstaðan varð sú að björgunarsveitin sem hafði ráðið ferðaskrifstofunni frá því að leggja af stað þurfti að bjarga ferðamönnunum og leiðsögumönnum þeirra.

Nú stendur ein mesta fjáröflunarvertíð björgunarsveitanna fyrir dyrum, flugeldasalan fyrir áramótin. Það er óhætt að hvetja alla landsmenn, sem á annað borð ætla að kaupa flugelda, til að styrkja björgunarsveitirnar með framlagi sínu. Við eigum alveg gríðarlega mikið undir því að búnaður og tæki sveitanna sé eins og bezt verður á kosið. Við vitum aldrei hvenær við eða okkar nánustu geta þurft á aðstoð þeirra að halda.

Um leið og við gerum okkar bezta til að styðja við bakið á björgunarsveitunum þarf að huga að því hvernig komið verður í veg fyrir að vaxandi ferðamannastraumur valdi of miklu álagi á þær. Núverandi fjárhagsgrundvöllur þeirra stendur ekki undir mikið víðtækari starfsemi eða fleiri útköllum en þær þurfa nú að fást við.

Það hlýtur að koma til skoðunar hvort ferðaþjónustan komi með einhverjum hætti inn í fjármögnun björgunarsveitanna, því að hún á ekki síður en almenningur í landinu mikið undir því að þær séu hlutverki sínu vaxnar.

Það er lágmark að fyrirtæki í ferðaþjónustu sýni varkárni, taki mark á ráðleggingum björgunarsveitanna og ani ekki út í óþarfa áhættu. Með réttum ráðleggingum til ferðamanna og ábyrgri hegðun þeirra sem skipuleggja ferðir þeirra er áreiðanlega hægt að fækka óþörfum útköllum.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára




AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## „Náfölva mæði núllstillir gæði"



Yfirskriftin er fengin að láni úr kvæðinu Þúsaldarháttur í fyrstu ljóðabók Bjarka Karlssonar, Árleysi alda. Höfundur segist feta þar í fótspor þeirra sem fyrrum sömdu heimsósómakvæði. En orð þessa nýja skálds eru ágætis áminning um að hrunið setti mark sitt á hvort tveggja andlegt og efnalegt ástand fólksins í landinu.

Hitt er svo annað að það ætti að vera til vitnis um hræringar sem horfa til betri vegar í samfélaginu er ljóðskáld selur sjöundu prentun af frumvoryrkju sinni þegar fyrir messu heilags Þorláks.

Árið sem er að líða geymir eitt af áhrifaríkari atvikum íslenskrar stjórnmálasögu. Tveimur vikum fyrir kosningar var ástandið þannig í Sjálfstæðisflokknum að innanbúðarféndum Bjarna Benediktssonar, formanns flokksins, hafði tekist að grafa svo undan vígstöðu hans að segja má að hann hafi staðið með boga án strengs.

Í kjölfar viðtals í beinni sjónvarpsútsendingu tókst honum aftur á móti að hnýta nýjan streng. Eftir það fékk fjaðurmagn bogans nýtt afl og þeir fengu hann ekki sóttan. Tapaði vörn var snúið í sókn. Þessi eina kvöldstund breytti óneitanlega talsverðu um það sem á eftir fór.

Reyndist sú breyting til góðs fyrir þjóðarbúið? Við áramót er ástæða til að leita svara við þeirri spurningu. Um hitt er ógerlegt að segja hvernig mál hefðu skipast ef formaður Sjálfstæðisflokksins hefði ekki komið vörnum við eftir þessa örlagaríku sjónvarpskvöldstund.

## Nokkur fet í rétta átt

Aðstæður voru sérstæðar og óvenjulegar eftir síðustu kosningar. Svo mikið málefnalegt djúp hafði myndast á síðasta kjörtímabili og í kosningabaráttunni að ógerlegt var að mynda ríkisstjórn af nokkru tagi þannig að líklegt yrði að hún gengi í takt. Úrslitin færðu Framsókn sæti við ríkisstjórnarborðið. Milli hennar og annarra flokka var hins vegar slíkt haf að engin leið var að brúa það með hefðbundnum málamiðlunum.

Af mörgum öðrum ólöstuðum á fjármálaráðherra mestan þátt í að unnt reyndist að vinda ofan af glæfrakosningaloforði Framsóknar. Án þeirrar staðföstu forystu er hætt við að tilraun til að efna loforðið samkvæmt efni sínu hefði fært Ísland aftur á bak. Hugsanlega mun takmörkuð framkvæmd þess valda litlum eða jafnvel engum skaða. Hitt hefði verið betra að nýta skattheimtusvigrúmið til að færa landið fram á við. En trúlega var þess ekki kostur eins og mál höfðu skipast í kosningunum.

Þung umræða um ríkisfjármálin á jólaföstunni er til sannindamerkis um að mikla staðfestu hefur þurft til að tryggja að þau færu ekki úr böndunum. Óvíst er með öllu að sá árangur væri veruleiki nú við árslok hefði formaður Sjálfstæðisflokksins ekki náð vopnum sínum á liggjandanum fyrir kosningar.

Ekki tókst að gera langtíma stöðugleikasamninga á vinnumarkaðnum. Fjármálaráðherrann á hins vegar þátt í því að unnt var að hnýta enda skammtíma samninga á lokametrunum. Þeir geta aftur varðað veginn áfram verði stöðugleikaforystan í ríkisstjórninni og á vinnumarkaðnum nægjanlega þróttmikil á nýju ári.

Athyglisvert er að opinberlega hefur forsætisráðherra ræktað mest samband við þann verkalýðsforingja sem nú er í áköfustu andófi við forystu ASÍ vegna stöðugleikamarkmiðsins. Það sýnir ekki aðeins mismikla alvöru og andstæður heldur bendir það til að innan ríkisstjórnarinnar leggi menn einfaldlega ekki sömu merkingu í hugtakið eins og stöðugleika.

## Mæða eða áskorun nýs árs

Mörgum finnst ugglaust að þeir standi í sömu sporum og fyrir ári. En að öllu þessu virtu hefur þó ýmislegt hnikast í rétta átt; þótt ekki sé nema um nokkur fet. Rætur betrumbótanna liggja margar hverjar í þessu annálaða sjónvarpsviðtali. Þjóðarbúið hafði með öðrum orðum hag af því að svo fór sem fór.

Annað er, að fimm árum eftir hrun er einn helsti vandinn sem forystumenn í stjórnmálum standa andspænis hversu snúið það er að gera hvort tveggja í senn, að auka mönnum bjartsýni og segja allan sannleikann um stöðu þjóðarbúsins.

Umhleypingar í efnahagslífi annarra landa hafa síðan auðveldað leikinn fyrir forseta Íslands og þá sporgöngumenn hans sem vilja slíta utanríkispólitík landsins upp með rótum. Það veldur óvissu. Sjálfstæðisflokkurinn geldur þess greinilega að hafa misst forystuhlutverkið í utanríkismálum til Bessastaða.

Leiðtogum vinstri stjórnarinnar var tíðrætt um fórnir. Ekki er víst að það sé vel valið orð þótt mæði náfölva hafi núllstillt lífsgæðin. Fyrir hrun byggðu þau á froðu. Vilji menn endurheimta fyrri kjör með stöðugleika þarf að skapa raunveruleg verðmæti. Þau koma ekki af sjálfu sér. Það þarf að afla þeirra. Til þess þarf miklu meiri breytingar. Þær geta verið mæða eða áskorun nýs árs eftir því hvernig á er litið.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

markhönnun ehf

# nettó
## Í HÁTÍÐARSKAPI
















**Tilboðin gilda 28. - 31. des**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Er rafrænt auðkenni þitt öruggt?

Netárásir á vefsíður eru mikið áhyggjuefni og því þarf að gæta fyllstu varúðar. Því miður eru auðkenni inn á vefsíður misörugg. Notendanafn og leyniorð geta komist í hendur óviðkomandi.

Mikilvægt er að nota öruggasta auðkennið sem völ er á. Rafræn skilríki eru metin öruggust í úttekt sérfræðinga.* Öryggið felst ekki síst í því að lykilorð eru hvergi geymd miðlægt.

Rafræn skilríki fást bæði fyrir debetkort og farsíma og eru auðveld í notkun. Fólk er hvatt til að auðkenna sig inn á vefsíður með rafrænum skilríkjum.

RAFRÆN SKILRÍKI – auðkenni til framtíðar

* ADMON ráðgjöf. 2013. „Mat á fullvissustigi auðkenna. Sannvottun á auðkennum fyrir rafræna þjónustu."




FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

TOLLSTJÓRI

# HELGIN



**Egill Helgason fjölmiðlamaður**

### Brúðkaup og djass

Á laugardaginn er ég að fara í brúðkaup sem ég vænti að verði skemmtilegt. Á sunnudaginn vænti ég þess að eiga frí frá jólaboðum sem hafa verið býsna tíð undanfarna daga. Gæti vel hugsað mér að skreppa í bíó eða hlusta á eitthvað af frábærum djassplötum sem ég fékk í jólagjöf. Svo er maður með samviskubit vegna neyslu jólanna sem brýst vonandi út í gönguferð ef veður lofar og svellbunkarnir sem eru yfir öllu. Ég þarf líka að fara að undirbúa mig andlega undir gamlárskvöld, það er satt að segja ekki einn af mínum uppáhaldsdögum.



**Anna Kristjánsdóttir vélstýra**

### Vinna og sofa

Ég verð á næturvöktum alla helgina frá föstudagskvöldi til mánudagsmorguns. Þetta eru tólf tíma vaktir og því lítið annað gert en að vinna og sofa.



**Sindri Freysson rithöfundur**

### Bóklestur og útivera

Deginum í dag verður varið í jólabókalestur, hóflega útiveru og kannski reynt að hitta nokkra gamla félaga í kvöld. Á morgun er okkur síðan boðið til tengdamóður minnar í mat og áramótafögnuð.



**Fanney Karlsdóttir, sérfræðingur í samfélagsábyrgð**

### Týpísk jólahelgi

Þetta verður týpísk jólahelgi, fjölbreytt skemmtun með góðu fólki. Ég fæ vini í bröns í dag og síðan stendur valið á milli þess að spila við ættingja eða mæta í partí hjá eldhressum æskuvinum.

# Ylja ætlar að slaufa árinu á viðeigandi hátt

**Hljómsveitirnar Ylja, Moses Hightower og Snorri Helgason** ætla að skapa huggulega jóla- og áramótastemningu í Gamla bíói í kvöld. Guðný Gígja Skjaldardóttir í Ylju hlakkar til kvöldsins.

**Júlía Margrét Einarsdóttir**

Sannkallaðir hátíðartónleikar verða haldnir í kvöld í Gamla bíó í tilefni árstímans en þá verður bæði jólum og áramótum fagnað samtímis. Það eru hljómsveitirnar Moses Hightower, Ylja og Snorri Helgason sem koma fram að þessu sinni og von á mikilli hátíðarstemningu. Hljómsveitirnar munu leika bæði sitt eigið efni í bland við jóla- og áramótalög.

„Við höfðum verið með þessa hugmynd í maganum í einhvern tíma,“ segir Guðný Gígja Skjaldardóttir, annar stofnmeðlimur hljómsveitarinnar Ylju. „Okkur hefur lengi langað til að spila á svona hátíðartóleikum og ákváðum loksins að láta af þessu verða. Umboðsmaðurinn okkar skipulagði svo tónleikana í samráði við aðra. Við þekkjum strákana í Moses Hightower aðeins en við spiluðum með þeim í Hljómskálanum í fyrra. Svo verður Snorri Helgason að spila þarna líka svo þetta verður alveg frábært.“

Hljómsveitin Ylja var stofnuð árið 2008 af söngkonunum og gítarleikurunum Guðnýju Gígju Skjaldardóttur og Bjarteyju Sveinsdóttur, en frá stofnun hefur fjölgað í hljómsveitinni og í dag eru þau fimm talsins. Fyrsta plata hljómsveitarinnar kom út á síðasta ári, en hún heitir einfaldlega Ylja í höfuðið á sveitinni.

Tónlist sveitarinnar hefur fengið frábærar undirtektir og flestir landsmenn þekkja smellinn „Út“ en tónlist sveitarinnar er lágstemmd þjóðlagaskotin folktónlist.

„Við höfum verið starfandi núna í fimm ár, við byrjuðum fyrst bara tvær ég og Bjartey. Við kynntumst í kór og urðum vinkonur í gegnum sameiginlegan áhuga okkar á tónlist.Við spilum báðar á gítar og syngjum, Smári Tarfur er einnig gítarleikari, Valgarður er á bassa og Maggi Magg trommuleikari. Þetta hefur verið viðburðarríkt ár hjá hljómsveitinni og nóg um að vera. Ég myndi segja að Aldrei fór ég suður standi upp úr, en Airwaveshelgin var líka alveg rosalega skemmtileg.Rauðasandsfestival var svo þvílíkt ævintýri. Árinu verður slaufað á viðeigandi hátt með þessum tónleikum. Við komum til með að spila einhver jólalög á tónleikunum, og eitthvað áramótalegt efni líka. Svo kemur bara í ljós hvort við spilum eitthvað saman, hljómsveitirnar þrjár eða hvort við verðum bara hver í sínu lagi.“



**HLJÓMSVEITIN YLJA** Ein þeirra sveita sem troða upp á hátíðartónleikum í kvöld. MYND/ÞÓR ELÍASSON

> Ég myndi segja að Aldrei fór ég suður standi upp úr, en Airwaves-helgin var líka alveg rosalega skemmtileg.
>
> *Guðný Gígja Skjaldardóttir*



**HLJÓMSVEITIN KÆLAN MIKLA** sveitin verður á meðal þeirra sem bölva 2013 í kvöld. MYND/KRUMMI

**Árið senn á enda**

## Glatað ár kvatt á Gauknum

**TÓNLIST** Tónleikarnir Fokk 2013 verða haldnir á Gauknum í kvöld í tilefni þess að árið er senn á enda. Hljómsveitirnar Muck, Skelkur í bringu, Grísalappalísa og Kælan mikla munu standa fyrir þessum óvenjulegu áramótatónleikum. Nýju ári verður ærlega fagnað með sannkallaðri tónlistarveislu en markmið tónleikanna er ekki að kveðja liðið ár með hlýju og söknuði heldur að bölva því sem kolsvartasta og ömurlegasta ári Íslandssögunnar. Hljómsveitirnar sem troða upp á tónleikunum eru á einu máli um að kærkomið verði að segja skilið við árið og bjóða velkomið nýtt ár með von um að það verði skárra en það síðasta. Húsið verður opnað klukkan níu og miðar seldir við innganginn. -je



**MAGNÚS, SVEINN OG HLJÓMSVEIT** Drengirnir halda uppi stuðinu í Gamla vínhúsinu í kvöld.

**Uppskeruhátíð ársins**

## Tónleikar í Gamla vínhúsinu

**TÓNLIST** Félagarnir Sveinn Guðmundsson og Magnús Leifur, sem áður var kenndur við hljómsveitina Úlpu, munu blása til jóla og nýárstónleika í Gamla vínhúsinu í Hafnarfirði í kvöld. Þeir Sveinn og Magnús hafa haft í ýmsu að snúast upp á síðkastið og því verða tónleikarnir nokkurs konar uppskeruhátíð ársins 2013. Sveinn gaf nýverið út plötuna Fyrir herra Spock, MacGyver og mig, og leikur hann efni af plötunni ásamt hljómsveit um hálftíuleytið. Magnús Leifur stígur næstur á svið og flytur lög af plötu, sem er væntanleg frá honum, sem kemur til með að bera nafnið Pikaia en Magnús er að leggja lokahönd á plötuna um þessar mundir. Húsið verður opnað klukkan níu og er frítt inn á tónleikana. -je

# Lúkas eftir Guðmund Steinsson frumsýnt

Marta Nordal leikstjóri segir flesta þekkja samskiptamynstur þegar ein manneskja stýrir annarri og kúgar hana.

Í kvöld verður leikritið Lúkas eftir Guðmund Steinsson frumsýnt í Þjóðleikhúsinu. Leikritið fjallar um hjónin Sólveigu og Ágúst og kunningja þeirra Lúkas, en Lúkas er daglegur matargestur hjá hjónunum. Þau dýrka Lúkas og dá en hann leikur sér að þeim og drottnar yfir þeim.

„Túlkun verksins má yfirfæra ýmist á persónuleg sambönd, samskipti þjóðar við leiðtoga sinn og starfsfólks við vinnuveitanda. Flestir þekkja samskiptamynstur þegar ein manneskja stýrir annarri og kúgar hana, og hún gefur sig henni á vald,“ segir Marta Nordal, leikstjóri verksins. „Það er aldrei gefið upp í leikritinu hver Lúkas er, hvaðan hann kom og hvert samband hans við hjónin er. Þau líta nánast á hann sem guð, en hann kemur fram við þau eins og þræla. Óttinn er umfjöllunarefni verksins, en hann er aflið sem knýr annars vegar óttann hjá þeim sem vill ekki að aðrir hafi frjálsan vilja og hins vegar óttann hjá þeim sem eru hræddir við refsingu. Höfundur verksins, Guðmundur Steinsson, heldur verkinu opnu fyrir túlkun sem gefur áhorfandanum svigrúm til að finna sína eigin samsvörun í samskiptunum.“ Verkið var frumsýnt árið 1957 og vakti mikla athygli. „Undirtextinn er kraumandi í gegnum alla sýninguna eins og gjarnan er í verkum Guðmundar. Í sumum senum segir fólkið ekki neitt en leikritið segir okkur á sama tíma mjög margt. Þetta er verk fyrir alla, en það geta allir séð sjálfan sig í því á einhvern hátt.“

Með aðalhlutverk fara Edda Björg Eyjólfsdóttir, Friðrik Friðriksson og Stefán Hallur Stefánsson. Verkið verður sýnt í Þjóðleikhúsinu fram yfir áramót, -je



**LEIKRITIÐ LÚKAS** Verkið er frumsýnt í kvöld. MYND/EDDI


ÁRAMÓTA SPRENGJA
Í ÖLLUM VERSLUNUM ÚTILÍFS
ENDUM ÁRIÐ Á LÉTTUM NÓTUM
SKÖRUM JÓLAKÍLÓIN Á HÓLM
AFSLÁTTUR FRÁ 30%
FÖT, SKÓR OG GRÆJUR FYRIR RÆKTINA
ÚTILÍF
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is



**NÝTT HLUTVERK** Margrét Lára er spennt fyrir að takast á við nýja áskorun. Hún segist ætla að nýta tímann fram að barneign og sækja sér starfsreynslu á sviði geðsjúkdóma.

# Ólétt en hvergi nærri hætt

**Margrét Lára Viðarsdóttir** á von á sínu fyrsta barni ásamt unnusta sínum, sjúkraþjálfaranum Einari Erni Guðmundssyni. Margrét er þó hvergi nærri hætt í fótbolta og ætlar sér að halda ótrauð áfram í knattspyrnu að barnsburði loknum, staðráðin í að verða komin í leikform fyrir úrslitakeppni HM 2015.

**Elimar Hauksson**
elimar@365.is



Það voru óvænt tíðindi þegar Margrét Lára og Einar tilkynntu móður hans að þau ættu von á sínu fyrsta barni. Þau tilkynntu fjölskyldunni um væntanlegan fjölskyldumeðlim á aðfangadagskvöld við mikinn fögnuð. Ég hitti parið sitt í hvoru lagi enda hafa þau í nógu að snúast þessa dagana. Margrét vinnur nú á geðsviði Landspítalans til að sækja sér reynslu áður en hún hefur mastersnám í sálfræði en Einar starfar sem sjúkraþjálfari hjá Styrk.

*Við Margrét hittumst á Landspítalanum eftir vakt, fyrir fótboltaæfingu. Margrét, hvernig tilfinning er það að þurfa fljótlega að leggja skóna á hilluna, allavega tímabundið, og færa sig yfir í móðurhlutverkið?* „Það er frábær tilfinning. Við erum náttúrulega bara í skýjunum með þetta," segir Margrét en von er á barninu í heiminn 14. júní, ári fyrir úrslitakeppni HM í Kanada.

### Loksins laus við meiðslin

Þau Einar hafa verið á Íslandi síðustu mánuði eftir að keppnistímabili sænsku deildarinnar lauk en samningur Margrétar við úrvalsdeildarliðið Kristianstad rann út í lok þessa tímabils. Þrátt fyrir að hafa átt við langvinn meiðsli að stríða síðastliðin fimm ár átti Margrét Lára gott tímabil með Kristianstad og varð fjórði markahæsti leikmaðurinn í sænsku deildinni með 14 mörk.

„Það er rosalega gott þegar meiðslin eru hætt að hrjá mann og ég er ótrúlega fegin að þau eru loksins að baki. Það var mjög skrítið að fara úr því að æfa 12 sinnum í viku niður í kannski sex skipti. Það var mjög erfitt en ég finn að mér líður mun betur núna, ég er hvergi bangin."

*Stefnirðu á að spila með landsliðinu, komist það í úrslitakeppnina í Kanada?* „Ef allt gengur að óskum þá vonast ég til þess að komast sem fyrst aftur á völlinn. Ég er harðákveðin í því að koma til baka. Ég er loksins laus við þessi meiðsli sem hafa verið að hrjá mig og hef verið mjög heppin það sem af er meðgöngunni. Ég geri mér grein fyrir því að það ástand varir ekki í sex mánuði í viðbót en ef allt gengur að óskum þá vonast ég til að komast sem fyrst á völlinn aftur, vonandi fyrir 2015. Ég verð bara að treysta stelpunum til að koma okkur á HM svo ég geti fengið að spila í Kanada, ég hef líka 100% trú á að þær geri það."

Margrét stefnir á að halda áfram í atvinnumennsku að barnsburði loknum og segist eiga nóg eftir.

„Ég er ennþá bara 27 ára gömul og mér finnst ég eiga nokkur ár eftir. Það er erfitt að skipuleggja framtíðina en draumurinn væri að fara út og halda atvinnumannsferlinum áfram í svona 1-2 ár eftir að krílið kemur í heiminn. Þannig að pabbinn þarf að vera duglegur að passa," segir Margrét og hlær við.

### Sálfræðin heillar

Margrét er með BS-gráðu í sálfræði en námið tók hún samhliða atvinnumennskunni í fjarnámi við HA. Hún stefnir á mastersnám á því sviði.

„Ég hefði átt að vera að fara út til Svíþjóðar núna í janúar en vinnuveitendur mínir hjá Kristianstad skilja það að sjálfsögðu að ég verði ekki með á næsta tímabili. Ég ætla að nota tímann til að vinna og sækja mér reynslu fyrir mastersnámið í sálfræðinni. Ég er að vinna uppi á geðdeild Landspítalans og stefni að því að nota tímann á meðan fótboltinn er ekki númer eitt og fá mér smáreynslu á sviði geðsjúkdóma."

> **Ég verð bara að treysta stelpunum til að koma okkur á HM svo ég geti fengið að spila í Kanada, ég hef líka 100% trú á að þær geri það.**

*Af hverju geðsjúkdómar?* „Ég fór náttúrulega í sálfræði fyrir þremur árum en reyndar stefni ég að því að læra íþróttasálfræði. Ég hef engan sérstakan áhuga á geðsjúkdómum fram yfir annað, áhugi minn snýr aðallega að íþróttasálfræði. Það er samt rosalega gott að hafa þennan bakgrunn líka þar sem maður veit ekki hvort maður getur unnið fullt starf sem íþróttasálfræðingur eða hvort maður þarf að vinna á stofnun með því. Það sem vakti áhuga minn á íþróttasálfræði er það hvað hugurinn skiptir miklu máli. Ég er búin að vera í erfiðum meiðslum í mörg ár og þó ég hafi unnið marga titla og unnið mikið af persónulegum sigrum þá hef ég upplifað mjög erfið tímabil, það getur verið svolítið keðjuverkandi. Íþróttasálfræði fór að toga í mig eftir að ég meiddist og lenti í erfiðleikum varðandi íþróttina. Þá sá ég hvað það skiptir miklu máli að halda hausnum í gegnum allt ferlið, það er svo mikilvægt að missa ekki hausinn þó illa gangi."

*Margrét hóf störf á geðsviði Landspítalans nú í haust, hvernig var að koma þangað?* „Þegar ég byrjaði að vinna hérna fyrst var ég ekki með neitt merki, Ég var bara eins og hver annar sjúklingur hérna inni. Það voru mjög skemmtilegar vikur hérna fyrst þar sem fólk var mikið að rugla mér saman við sjúklinga og fólk sem kannaðist við mig og vissi ekki alveg hvaðan, hvort það var af Vogi eða öðrum meðferðarstofnunum eða úr fótbolta. Ég held að flestir starfsmenn byggingarinnar séu samt farnir að viðurkenna mig sem starfsmann núna," segir Margrét og hlær.

### Faðirinn líka íþróttamaður

*Einar, unnusti Margrétar, vill helst ekki hafa sig í frammi en féllst þó á að spjalla stuttlega við blaðamann eftir nokkrar málamiðlanir. Einar er sjálfur handboltamaður, spilaði bæði með Val og IFK Kristianstad auk þess sem hann er nú útskrifaður sjúkraþjálfari og starfar sem slíkur. Nú hafið þið Margrét verið saman í næstum sex ár, Hvernig byrjaði þetta allt saman?*

„Við sáumst fyrst á handboltaleik hjá Val en fyrir það höfðum við aldrei séð hvort annað. Svo kynntumst við í gegnum landsliðskonuna Ástu Árnadóttur sem var með mér í sjúkraþjálfuninni. Síðan þróaðist þetta hægt og rólega og ári áður en hún fór út til Potsdam vorum við byrjuð saman."

*Hvernig hefur fjarbúðin gengið síðan? Þetta hlýtur að hafa verið flókið.* „Jú, jú, ég neita því ekki. Ég bjó reyndar úti í Kristianstad í sex mánuði hjá Margréti árið 2010 þegar ég spilaði með IFK Kristianstad. Þar fyrir utan höfum við verið sitt í hvoru lagi og bara reynt að eyða sumrinu og fríunum sem mest saman."

*Kom aldrei til greina að þú bara flyttir út til hennar eða hún jafnvel heim til Íslands?* „Í rauninni ekki, við vildum bara leyfa hvort öðru að njóta sín í sínu. Ég var náttúrulega að klára nám og spila handbolta hérna heima meðan hún vildi ná árangri í fótbolta þannig að við vildum ekki vera að taka hvort frá öðru. Auðvitað var það stundum leiðinlegt, eðlilega, að geta ekki verið meira saman á þessum tíma. En nú verður breyting til batnaðar, við eigum íbúð hér í bænum þar sem við búum núna þannig að nú fáum við góðan tíma saman," segir Einar.

*Margrét meiddist og átti við erfið aftanlærismeiðsli að stríða í fimm ár, tókst þú mikið eftir því hvað meiðslin tóku á hana?* „Þetta var auðvitað erfitt fyrir

hana. Ég held samt að margir hefðu verið löngu búnir að gefast upp, hún er ótrúlega sterkur karakter og lætur ekki margt hafa áhrif á sig. En auðvitað, eins og hjá öllum, þá gengur þetta upp og niður en heilt yfir þá tók hún þessu af mikilli yfirvegun. Það er ekki eins og það hafi verið gríðarlegar peningaupphæðir sem drifu hana áfram til að koma sér úr meiðslum.“

**Ódrepandi áhugi**

*Margrét er markahæsti landsliðsmaður Íslands frá upphafi, myndirðu segja að hún væri meðvituð um orðspor sitt í fótboltanum?* „Hún hefur náttúrulega ódrepandi áhuga á fótbolta og er mjög metnaðarfull. Margir með hennar orðspor væru ekki svona jarðbundnir en hún er mjög jarðbundin. Meðan aðrir með hennar hæfileika myndu kannski setjast niður og hugsa hvað þeir eru góðir, þá hugsar Margrét hvað hún geti gert til þess að ná lengra.“

*Heldur þú að sálfræðin eigi vel við Margréti?* Já, það held ég, sérstaklega íþróttasálfræði miðað við reynslu hennar og bakgrunn. Hún getur miðlað ótrúlegri reynslu til annarra íþróttamanna og ég held að hún muni standa sig frábærlega í því eins og öllu öðru sem hún tekur sér fyrir hendur,“ segir Einar.

**Siggi Raggi var eins og klettur**

*Margrét Lára spilaði undir stjórn Sigurðar Ragnars Eyjólfssonar í 66 landsleikjum. Nú er Sigurður hættur að þjálfa liðið en undir lokin var staða hans umdeild meðal einhverra leikmanna. Hvernig var samstarf ykkar Sigurðar?* „Siggi Raggi gerði ótrúlega marga góða hluti fyrir mig persónulega og fyrir íslenska kvennalandsliðið. Ég á Sigga Ragga allt gott að þakka. Hann stóð með mér eins og klettur í gegnum mín erfiðu meiðsli og hjálpaði mér mjög mikið oft og tíðum en lengst af hans þjálfaraferli var ég meidd. Siggi kom liðinu á stall sem það hafði aldrei verið á áður en ég held að það skipti engu máli hversu góður þjálfari þú ert, þegar þú ert búinn að þjálfa lið í sjö ár þá verður til smá þreyta á báða bóga. Ég held að það hafi verið fín tímasetning hjá honum að stíga til hliðar og fá nýjan mann inn.“

> **Ég er búin að vera í erfiðum meiðslum í mörg ár og þó ég hafi unnið marga titla og unnið mikið af persónulegum sigrum þá hef ég upplifað mjög erfið tímabil, það getur verið svolítið keðjuverkandi. Íþróttasálfræði fór að toga í mig eftir að ég meiddist og lenti í erfiðleikum varðandi íþróttina. Þá sá ég hvað það skiptir miklu máli að halda hausnum í gegnum allt ferlið, það er svo mikilvægt að missa ekki hausinn þó illa gangi.**

**Breyttir tímar í kvennaknattspyrnunni**

Margrét segir að áður fyrr hafi afrekskonur nánast undantekningalaust hætt eftir barnsburð. Hún segir landslagið í dag hins vegar vera breytt.

„Þetta var náttúrulega þannig að margar hættu bara við 20-25 ára aldur og þurftu bara að fara að sinna heimili og börnum. Við erum náttúrulega farnar að geta verið atvinnumenn í þessu sem gerir okkur kleift að koma til baka. Þegar maður er atvinnumaður að æfa tvisvar á dag þá er auðvitað tími á milli æfinga til að sinna fjölskyldu. Ég held að umhverfið sé það sem hafi mest áhrif, það gerir konum kleift að stunda íþróttina og eiga fjölskyldu því þetta elur sig ekki upp sjálft,“ segir Margrét.

Aðspurð um hvort barnið verði Eyjapeyi eða Eyjapæja svöruðu bæði að það skipti engu máli og Margrét bætti við að það yrði bara að koma í ljós. „En Eyjamaður verður barnið, það er klárt,“ segir Margrét Lára Viðarsdóttir.



**EIGA VON Á BARNI** Margrét Lára og Einar Örn tilkynntu fjölskyldunni um væntanlegan fjölskyldumeðlim á aðfangadagskvöld við mikinn fögnuð. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL









Opnum í dag!
Alvöru
FLUGELDAR
Fullt af nýjum flottum vörum!
STÓRKOSTLEG!
Nýtt!
27.900
STÓRKOSTLEG 100 skota
Forgrunnur af silfurlituðum og bláum brakandi eldkúlum með miklum silfurhölum upp í gulllita og silfurlita pálma sem leka niður himininn. Hreinlega stórkostleg! Sjá video á www.flugeldar.com
PINK CADILLAC LIMMO
KYNNINGARTILBOÐ
19.900
12.900
Nýtt!
PINK CADILLAC LIMMO 80 skota
Silfurhalar upp í bleikar og silfurlitaðar tívolíbombur með silfurregni, braki og þungum þrumum í bland. Sjá video á www.flugeldar.com
Nýtt!
BILUN MEÐ BLÁU ÍVAFI 152 skota
Nafnið segir allt sem segja þarf! Sjá video á www.flugeldar.com
BLUE METTALLIC
Nýtt!
19.900
BLUE METTALLIC 80 skota
Bláar tívolíbombur og silfur-glimmer. Sjá video á www.flugeldar.com
Nýtt!
VÁ 140 skota
Bláar og rauðar tívolíbombur yfir í brakandi gull og silfurlitaða hraða pálma. Sjá video á www.flugeldar.com
Okkar vinsælasta síðastliðin ár!
NEW EFFECT
NEW EFFECT 150s
Tímalaus klassík sem kemur á óvart í hvert skipti
3 TOMMU AÐEINS
2.900stk
MIÐNÆTUR- OG TÍVOLÍBOMBUR
Stórar og smáar, -stakar eða pakkatilboð! Þú færð flottu raketturnar hjá okkur!
XXL PAKKINN
25.900
TILBOÐ




## Fáðu meira fyrir peninginn!

**Taflan**

Ef þú kaupir fyrir **20.000** færðu **20%** meiri vöru að auki!*
Ef þú kaupir fyrir **30.000** færðu **30%** meiri vöru að auki!*
Ef þú kaupir fyrir **50.000** færðu **40%** meiri vöru að auki!*
Ef þú kaupir fyrir **60.000** færðu **50%** meiri vöru að auki!*
Ef þú kaupir fyrir **100.000** færðu **60%** meiri vöru að auki!*

*Gildir LÍKA á fjölskyldupökkum og öðrum tilboðum!




## Sölustaðir okkar eru:

**Skeifan 19**
(við hliðina á Myllunni)
Einar 899 6005

**Lækjargata 2**
(áður videóleiga)
Emil / Guðni 694 4150

Sjá kort af staðsetningu sölustaða á www.flugeldar.com

**Kleppsvegur 152**
(við hliðina á versluninni Adam og Evu)
Jóhann & Ragnar 690 7424

**Bæjarlind 14-16**
(verslunin Persía)
Jóhann & Ragnar 690 7424

**Vitinn, Oddeyrarbryggju**
(við Eimskip)
Steinar 694 9021

**Opnunartími:**
28. des. frá kl. 10:00 - 22:00
29. des. frá kl. 10:00 - 22:00
30. des. frá kl. 10:00 - 22:00
31. des. frá kl. 10:00 - 16:00

SKOÐAÐU VIDEO AF FLUGELDUNUM Á HEIMASÍÐU OKKAR WWW.FLUGELDAR.COM

# Vínið með áramótamatnum

Steingrímur Sigurgeirsson deilir með lesendum Fréttablaðsins þeim víntegundum sem passa best með hátíðarmatnum.



Fréttablaðið hafði samband við vínsérfræðinginn Steingrím Sigurgeirsson og fékk hann til að benda okkur á þær víntegundir sem honum finnst helst vera passandi með vinsælum áramótaréttum. Steingrímur hefur í áraraðir verið sérlegur áhugamaður um gott vín, en hann skrifaði sinn fyrsta pistil um áhugamálið á níunda áratug síðustu aldar. Nú á árinu kom út bókin Vín – frá þrúgu í glas, eftir Steingrím, þar sem hann rekur sögu vínsins og fjallar um vínrækt og framleiðslu víðsvegar um heiminn. Að velja réttu veigarnar með matnum getur verið vandasamt verk, en það getur skipt gríðarlega máli fyrir endanlega útkomu veisluréttanna að passandi vín sé haft við hönd. Í samráði við Steingrím völdum við þrjá rétti sem eru vinsælir á borðum í áramótakvöldverðinum, kalkún, nautalund og önd.



## Kalkúnn

Kalkúnn er afskaplega vinsæll á veisluborðum Íslendinga um áramótin. Þetta er ljóst fuglakjöt en engu að síður er málið ekki alveg svo einfalt þegar kemur að vínvalinu. Það er nefnilega svo margt annað sem fylgir blessuðum kalkúninum. Fyllingin, sósan, sætu kartöflurnar og ýmislegt annað sem gjarnan er borið fram með og hafa verður í huga þegar að vínið er valið.




**➔ Ódýrari kostur:** Í sjálfu sér er hægt að velja bæði hvítt og rautt með kalkúninum. Ef rautt verður fyrir valinu er t.d. mjög góður kostur að veðja á þrúguna Pinot Noir. Það eru fáanleg nokkur virkilega fín Pinot Noir-vín frá Chile á fínu verði. Þetta eru ávaxtarík og mjúk vín sem falla vel að flestum kalkúnauppskriftum. **Ég mæli með Montes Limited Selection Pinot Noir, Cono Sur Vision Pinot Noir og Marques de Casa Concha Pinot Noir. Þau kosta á bilinu 2.500 krónur til 3.000 krónur.**




**➔ Dýrari kostur:** Nýsjálendingar hafa náð einstökum tökum á Pinot Noir og það eru nokkur virkilega góð Pinot Noir-vín þaðan fáanleg hér. **Ég myndi veðja á Dog Point Pinot Noir (4.999 krónur) eða St. Clair Pioneer Block 4 Pinot Noir (3.699 krónur). Annað svæði utan Frakklands sem stendur framarlega þegar kemur að Pinot Noir er Oregon í Bandaríkjunum. Domaine Drouhin Willamette Valley Pinot Noir er frábær kostur, kostar þó 6.299 krónur.**



## Nautalund / Nautalund Wellington

Nautalundin er fastur liður hjá mörgum á gamlárskvöld og það er til að mynda mjög vinsælt að baka hana í smjördeigi á la Wellington enda glæsilegur réttur sem sómir sér vel á veisluborðinu. Hér þurfum við að grípa til góðu vínanna úr Cabernet Sauvignon og Merlot og þá horfum við óneitanlega til upprunasvæðis þeirra þrúgna: Bordeaux í suðvesturhluta Frakklands.




**➔ Ódýrari kostur:** Bordeaux-vínin hafa hækkað mikið í verði á síðustu árum enda vínin frá stóru og þekktu Chateau-unum eftirsótt um allan heim. Það má þó finna „minni spámenn“ sem gefa ansi mikið fyrir peninginn. **Tvö vín vil ég nefna í þeim flokki. Annars vegar Chateau Bonnet Reserve og hins vegar Chateau Lamothe-Vincent Heritage. Bæði í kringum 2.500 krónur.**




**➔ Dýrari kostur:** Með nautalund og þegar mikið er lagt í rétt eins og Wellington á maður eiginlega að bjóða upp á vín við hæfi. 2009 árgangurinn var stórkostlegur í alla staði í Bordeaux, hreinlega mögnuð vín. **Nú er til dæmis hægt að fá tvö „vín númer tvö“ frá tveimur þekktum vínhúsum í Bordeaux, sem eru hreint ótrúlega góð miðað við verð. Annars vegar Brio de Cantenac frá Chateau Cantenac Brown (5.699 krónur) og hins vegar Labastide-Dauzac frá Chateau Dauzac (4.860 krónur). Mæli eindregið með báðum.**






## Önd

Önd er ekki bara frábær veislumatur heldur afskaplega „vínvænn“ matur rétt eins og gott nautakjöt. Hér má hæglega grípa til bestu rauðvínanna. Bordeaux er auðvitað klassískt en það er líka frábær samsetning að velja rauðvín frá suðurhluta Frakklands, Rhone eða Languedoc úr þrúgunum Syrah og Grenache.




**➔ Ódýr kostur:** Vínin frá Cotes-du-Rhone eru frá suðurhluta Rhone-héraðsins, yfirleitt blanda úr Syrah, Grenache og stundum fleiri þrúgum. **Þau kosta yfirleitt rúmar 2.500 krónur og ef valið er vín frá topp framleiðanda á borð við Guigal eða Vidal-Fleury eru þau skotheld.**




**➔ Dýrari kostur:** Í norðurhluta Rhone er Syrah-þrúgan ríkjandi og vá hvað vínin þaðan geta verið góð. Cote Rotie og Hermitage eru stóru nefnin en það eru líka mjög dýr vín. **Góður kostur er Crozes-Hermitage frá annað hvort Jaboulet (2.999 krónur) eða Chapoutier (3.550 krónur), vín af ekrunum fyrir neðan sjálfa Hermitage-hæðina. Svo má líka fara ennþá lengra suður þar sem þrúgurnar fá meiri hita í krydd og fara í unaðsleg vín á borð við hin mögnuðu Chateau l'Hospitalet (5.559 krónur) risavaxið og suðrænt eða hið magnaða Mas du Soleilla Les Bartelles (4.295 krónur) sem minnir á heitan Cote Rotie.**



# LAGER-HREINSUN!

## HEFST LAUGARDAGINN 4. JANÚAR Í ÖLLUM VERSLUNUM BYKO

**ALLT Á AÐ SELJAST**

ÓTRÚLEG VERÐLÆKKUN Á VÖLDUM VÖRUM

BYKO

BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.



**JÁRNKALL Á TOPPNUM** Iron Man-myndirnar með Robert Downey Jr. í aðalhlutverki hafa svo sannarlega slegið í gegn. Priðja myndin í flokknum var sú aðsóknarmesta í ár vestan hafs með 138 milljarða króna í aðgangseyri.

# ÁR JÁRNMANNSINS

**Kvikmyndir 2013**

Haukur Viðar Alfreðsson
haukur@frettabladid.is

Kvikmyndaárið 2013 er senn á enda og við hæfi að stikla á stóru yfir það sem fyrir augu bar. Óvenju fáar íslenskar myndir voru frumsýndar á árinu, en þær voru aðeins sex. Sem fyrr voru það fokdýrar tæknibrellumyndir sem skiluðu mestu í kassann og er það þriðja myndin um Járnmanninn sem trónar á toppi listans yfir þær kvikmyndir sem skiluðu mestum hagnaði á heimsvísu. Samtals halaði hún inn rúmlega 138 milljarða króna, tæpum 35 milljörðum meira en myndin í öðru sæti. Athygli vekur að fimm tekjuhæstu kvikmyndir ársins eru allar framhaldsmyndir.

## TEKJUHÆSTU KVIKMYNDIR ÁRSINS 2013

1. **Iron Man 3** — 138 milljarðar króna
2. **Despicable Me 2** — 106 milljarðar
3. **Fast & Furious 6** — 91 milljarður
4. **The Hunger Games: Catching Fire** — 89 milljarðar
5. **Monsters University** — 86 milljarðar
6. **Man of Steel** — 76 milljarðar
7. **Gravity** — 75 milljarðar
8. **Thor: The Dark World** — 72 milljarðar
9. **The Croods** — 68 milljarðar
10. **World War Z** — 62 milljarðar


Jólahappdrætti

# Krabbameinsfélagsins

Útdráttur
24. desember 2013

## Vinningar

Birt án ábyrgðar

**KIA cee´d sportswagon dísil LX, 3.570.000 kr.**

77693

**Greiðsla upp í bifreið eða íbúð, 1.000.000 kr.**

72454

**Úttekt hjá ferðaskrifstofu eða verslun, 200.000 kr.**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1051 | 35387 | 57280 | 70865 | 89417 | 111872 | 138800 |
| 5374 | 37138 | 57847 | 72593 | 91826 | 115095 | 140205 |
| 7344 | 40304 | 58571 | 72952 | 94782 | 118006 | 143394 |
| 10524 | 42856 | 58688 | 74096 | 98510 | 118372 | 146235 |
| 11184 | 43835 | 59518 | 79369 | 98558 | 119180 | 146425 |
| 13654 | 45230 | 60270 | 79767 | 99207 | 122765 | 146780 |
| 17099 | 45263 | 63419 | 82759 | 100718 | 127532 | 147100 |
| 22398 | 47967 | 63781 | 85694 | 101794 | 129109 | 148327 |
| 23798 | 49955 | 63812 | 87118 | 105415 | 135124 | |
| 26196 | 51604 | 64922 | 87592 | 107330 | 136727 | |
| 27425 | 52365 | 65605 | 88550 | 110041 | 136818 | |
| 32266 | 56228 | 70570 | 88676 | 110560 | 138508 | |

**Úttekt hjá ferðaskrifstofu eða verslun, 100.000 kr.**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1210 | 20701 | 35758 | 67271 | 88441 | 112690 | 133510 |
| 2026 | 20725 | 38437 | 69187 | 91986 | 113367 | 135586 |
| 2220 | 20782 | 41393 | 69310 | 94447 | 115306 | 135980 |
| 2443 | 21953 | 47443 | 70078 | 97110 | 117574 | 137092 |
| 4736 | 22689 | 48490 | 71160 | 101461 | 119063 | 137476 |
| 5934 | 26345 | 49602 | 72734 | 102254 | 122527 | 138728 |
| 9999 | 27505 | 52107 | 73584 | 103120 | 122656 | 139179 |
| 10276 | 28421 | 56209 | 73798 | 103409 | 122812 | 139525 |
| 10847 | 29186 | 58812 | 76911 | 103934 | 123189 | 140664 |
| 11507 | 29612 | 59045 | 77019 | 105970 | 123261 | 143147 |
| 12250 | 30843 | 63302 | 77874 | 107241 | 125081 | 146095 |
| 12368 | 31027 | 65525 | 78169 | 108077 | 125521 | 148865 |
| 14933 | 32841 | 65980 | 79006 | 108892 | 127818 | 148932 |
| 15293 | 33915 | 66332 | 85774 | 110512 | 129109 | 149473 |
| 15493 | 34713 | 66518 | 86785 | 111107 | 129487 | |
| 19109 | 35579 | 67149 | 86864 | 111912 | 130520 | |

Krabbameinsfélagið þakkar landsmönnum veittan stuðning.

Handhafar vinningsmiða framvísi þeim á skrifstofu Krabbameinsfélagsins að Skógarhlíð 8, sími 540 1900.

Byrjað verður að greiða út vinninga þann 17. janúar nk.

Krabbameinsfélagið
www.krabb.is


## ÁRIÐ FRAM UNDAN

Það verður fullt af kræsingum á boðstólum fyrir bíóáhugafólk á næsta ári, ekki síst fyrir unnendur ævintýra úr draumaverksmiðjunni í Hollywood. Rennum nú yfir það sem er væntanlegt.

*Janúar*
### Jack Ryan: Shadow Recruit
Gamla Tom Clancy-hetjan fær andlitslyftingu og er að þessu sinni leikin af Chris Pine. Kenneth Branagh leikstýrir.

*Febrúar*
### RoboCop
Endurgerð sígildrar myndar Pauls Verhoeven frá 1987. PG-13 stimpillinn veit að vísu ekki á gott.



*Apríl*
### Captain America: The Winter Soldier
Undirritaður missti hreinlega stjórn á sér, svo góð þótti honum fyrsta myndin í þessari ofurhetjuseríu. Vonandi veldur framhaldið ekki vonbrigðum.



*Júní*
### How to Train Your Dragon 2
Það er pressa á Íslandsvininum Dean DeBlois, leikstjóra myndarinnar, enda þykir fyrri myndin fantagóð. En Barack Obama leist vel á sýnishornið sem hann fékk að sjá.






*Maí*
### The Amazing Spider-Man 2
Andrew Garfield snýr aftur sem Köngulóarmaðurinn. Til allrar hamingju segja sumir, enda var forveri hans, Tobey Maguire, ekki vinsæll.

*Júlí*
### Jupiter Ascending
Wachowski-systkinin hafa ekki gefist upp á vísindaskáldsögunum þó að mynd þeirra, Cloud Atlas, hafi ekki gengið nægilega vel í kvikmyndahúsum á árinu.

*September*
### The Equalizer
Bjargvætturinn gamli, sem áhorfendur Stöðvar 2 muna eflaust eftir frá níunda áratugnum, er nú leikinn af Denzel Washington.



*Október*
### Paranormal Activity 5
Þessi vinsæla sería er orðin þynnri en obláta, en aðdáendur hennar geta látið sig hlakka til næsta árs. Hvorki meira né minna en tvær Paranormal Activity-myndir eru væntanlegar.






*Nóvember*
### Dumb and Dumber To
Farrelly-bræður hafa enn tröllatrú á heimskingjunum tveimur, sem verða nú aftur leiknir af þeim Jim Carrey og Jeff Daniels. Já, leikarar þurfa líka að borða.



**Á FÁKI FRÁUM** Rúmlega 13.000 manns sáu Hross í oss í bíó í ár.

## BALTI SLÓ Í GEGN



Kvikmynd Baltasars Kormáks, 2 Guns með þeim Mark Wahlberg og Denzel Washington í aðalhlutverkum, er í 47. sæti yfir tekjuhæstu bandarísku kvikmyndir ársins. Hún aflaði tæplega 15 milljarða króna á heimsvísu og fékk ágætis dóma gagnrýnenda. Óhætt er að segja að Baltasar sé óðum að festa sig í sessi sem poppkornsvænn spennumyndaleikstjóri vestra, en Contraband, kvikmynd hans frá því í fyrra, gekk einnig vel í bíóhúsum.

Nóg er að gera hjá honum á næsta ári og strax eftir áramót hefjast tökur í Nepal á kvikmyndinni Everest. Með aðalhlutverk í henni fara Jake Gyllenhaal, Josh Brolin og John Hawkes. Þá er hann með fangelsismynd á teikniborðinu fyrir Universal-kvikmyndaverið, víkingamynd sem tekin verður hér á landi og Grafarþögn, framhald Mýrarinnar eftir Arnald Indriðason.



**TVÆR STJÖRNUR** Þeir Mark Wahlberg og Denzel Washington léku aðalhlutverkin í myndinni 2 Guns, sem kom Baltasar Kormáki endanlega á kortið vestanhafs.

## HROSS, LADDI OG ÞUNGAROKK

Aðeins sex íslenskar kvikmyndir voru frumsýndar á árinu, þremur færri en í fyrra, og var þeim misvel tekið. Hross í oss, fyrsta kvikmynd Benedikts Erlingssonar, er ótvíræður sigurvegari, bæði þegar skoðaðar eru tekjur af miðasölu og viðtökur gagnrýnenda sem voru gríðarlega góðar. Alls sáu rúmlega 13 þúsund manns myndina og skilaði það tæpum 20 milljónum króna í kassann.

Rúmlega 10 þúsund sáu kvikmynd Ágústs Guðmundssonar, Ófeigur gengur aftur, og skilaði það myndinni um 14,5 milljónum króna í tekjur. Laddi var í ágætis formi og tæknibrellurnar fínar. Gagnrýnendur voru þó ekkert sérlega hrifnir.

Þeir voru hins vegar sig hrifnir af Málmhaus Ragnars Bragasonar sem var þriðja tekjuhæsta íslenska kvikmyndin, með um 6,8 milljónir króna í tekjur af rúmlega 5.600 seldum miðum.

Þó er rétt að taka fram að miðasala í Bíó Paradís er ekki inni í þessum aðsóknartölum.

*Mars*

### Need For Speed

Aaron Paul, sem margir þekkja sem Jesse Pinkman úr þáttunum Breaking Bad, leikur aðalhlutverkið í bíóútgáfu þessara vinsælu tölvuleikja.





*Ágúst*

### The Expendables 3

Sly Stallone mætir í þriðja sinn með sístækkandi safnhaug sinn af afdönkuðum vöðvatröllum. Það er ekkert víst að þetta klikki.

*Desember*

### Exodus

Ridley Scott og Biblían. Þetta getur farið á hvorn veginn sem er.




Bjölluhljómur. Ljósadýrð. Hnetur. Köngull. Smákökur. Friður. Veisluborð. Mjöll. Snjór. Laufabrauð. Kertaljós. Ilmur. Spil. Grenitré. Piparkökur. Möndlur. Snjókorn. Konfekt. Stjarna. Hangikjöt. Möndlugrautur. Söngur. Kerti.

OPNUNARTÍMI UM HÁTÍÐIRNAR

Vínbúðirnar á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Reykjanesbæ og Selfossi

| | |
|---|---|
| Laugardagur 28. desember | kl. 11.00 - 18.00 |
| *Reykjanesbær og Selfoss* | kl. 11.00 - 16.00 |
| Sunnudagur 29. desember | Lokað |
| Mánudagur 30. desember | kl. 11.00 - 20.00 |
| *Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur* | kl. 10.00 - 20.00 |
| Þriðjudagur 31. desember | kl. 10.00 - 14.00 |
| Miðvikudagur 1. janúar (nýársdagur) | Lokað |
| Fimmtudagur 2. janúar | Talning |

Sjá nánar um opnun einstakra búða á vinbudin.is

Nánari upplýsingar um opnunartíma er að finna á **vinbudin.is**

VÍNBÚÐIN

ENNEMM / SÍA / NM60027

Vínbúðirnar hlutu gullmerki í **Jafnlaunaúttekt PwC 2013**. Við erum afar stolt af verðlaununum enda eru samfélagsleg ábyrgð og jafnréttishugsun órjúfanlegur hluti af stefnu Vínbúðanna.

# KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr og snjöll



**1398 kr. kg**

Lambalæri, ferskt eða með trönuberja- og eplamarineringu og hvítlauks- og rósmarínmarinerað




**30% afsláttur**

**1498 kr. kg**

Verð áður ~~2139 kr.~~ kg
KEA léttreyktur lambahryggur

# ÁRAMÓTIN NÁLGAST




2,4 kg

**3698 kr. stk.**

Julius önd, frosin, 2,4 kg




**898 kr. stk.**

Andabringur þýskar

**DÚNDUR VERÐ!**




2 lítrar

**189 kr. stk.**

7Up 2 lítrar

**50% afsláttur**




**49 kr. stk.**

Verð áður ~~99 kr.~~ stk.
X- Ray orkudrykkur, 250 ml

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

EXPO - www.expo.is

| Krónan Árbæ | Krónan Bíldshöfða | Krónan Breiðholti | Krónan Granda | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Lindum | Krónan Mosfellsbæ | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Vallakór | Krónan Akranesi | Krónan Reyðarfirði | Krónan Selfossi | Krónan Vestmannaeyjum |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|







Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

# ÁRAMÓTASPÁDÓMUR FRÁ ÁRINU 1913

FLÆKJUSAGA

**Illugi Jökulsson** tók sér fyrir hendur að sýna fram á hve áramótaspádómar eru varasamir. Hann bjó því til spádóm sem upplýstur Evrópumaður hefði getað sett fram í fullri alvöru áramótin 1913-14, rétt áður en fyrri heimsstyrjöldin skall á.






HEIMURINN UM ÁRAMÓTIN 1913-14

Nú þegar árið 1913 er að renna sitt skeið á enda, þá er vel við hæfi að nota áfanga áramótanna til að skyggnast um, meta ástand heimsins og spá fyrir um hvað gerast muni á næstu misserum og árum, og já, við gætum jafnvel ætlað okkur þá dul að reyna að sjá marga áratugi fram í tímann, heila öld hvorki meira né minna. Hvernig verður umhorfs í heiminum þegar árið 2013 mun að endingu líka renna sitt skeið og árið 2014 leysa það af hólmi? Slík langtímaspá er kannski ekki alveg jafn fáránlegt verkefni nú og endranær. Mannkynið er jú núna á árinu 1913 á svo öruggri og markvissri braut til friðar og aukinna framfara að spádómar svo langt fram í tímann eru líklega auðveldari nú en nokkru sinni.

Hvað stórveldin í Evrópu varðar er ekki vafi á að þau munu halda áfram að eflast að íþrótt og frægð. Fyrir utan Balkanskaga hefur ríkt samfelldur friður í Evrópu í rúm 40 ár og stórveldin munu áreiðanlega kappkosta að rjúfa sem minnst þann frið. Hin tvö öflugu bandalög sem stórveldin í Evrópu hafi bundist í munu áreiðanlega letja þau mjög þess að hefja stríð hvert gegn öðru. Þótt Þýskaland tali stundum digurbarkalega gegn Bretum og Frökkum til dæmis, þá er í raun óhugsandi að til meiriháttar styrjaldar komi. En brjótist nú stríð samt út einhvern tíma í framtíðinni er öruggt að það verður stutt og snaggaralegt. Strax og í óefni stefnir hjá öðrum aðila, þá verður saminn friður og þráður framfaranna tekinn upp að nýju.

## Pólland einskonar stuðpúði

Ögn meiri óvissa er um mál austar í álfunni, ekki síst hvað snertir Austurríki-Ungverjaland. Sumir telja ríkið dauðadæmt í þeirri mynd sem við þekkjum það. Það mun þó vafalaust velta mjög á framgangi Franz Ferdinands ríkisarfa sem hlýtur á næstu árum að taka við stjórnartaumunum, enda gerist Franz Jósef keisari nú ellimóður. Franz Ferdinand er sagður röggsamur mjög og honum gæti vel auðnast að bæla niður sjálfstæðisgaspur ýmissa þjóða í ríki sínu. Til dæmis verður ekki séð að þjóðir eins og Tékkar og Slóvakar muni til lengdar sjá sér hag í því að mynda vanmáttug smáríki millum stórveldanna Þýskalands, Rússlands og Austurríkis-Ungverjalands. Því verður að teljast líklegast að ríki Franz Ferdinands muni halda velli, þótt það sé vissulega veikast hinna evrópsku stórvelda. Á Balkanskaga eru enn óútkljáð mál sem illt er að spá um, líklega mun Serbía enn eflast og jafnvel leggja undir sig mestallan þennan róstusama skaga (nema náttúrlega Grikkland sem nýtur verndar breska heimsveldisins). Í austurhluta Evrópu gæti fyrr eða síðar komið til styrjaldar milli Þjóðverja og Rússa vegna Póllands, og það er jafnvel hugsanlegt að á einhverjum tímapunkti hrifsi Þýskaland Pólland af Rússum. Um sjálfstætt Pólland verður hins vegar varla að ræða næstu hundrað árin, nema þá ef Þjóðverjar og Rússar sjái sér hag í því að hafa það sem einskonar stuðpúða á milli sín. Margir Pólverjar þrá enn sjálfstæði en verða að átta sig á að stórveldi Evrópu eru einfaldlega orðin svo sterk að við þeim verður ekki framar hróflað né vilji þeirra sniðgenginn.

Í Rússlandi stefnir allt í framfaraátt. Nikulás keisari virðist nú loks hafa áttað sig á því að einveldi fyrri tíma er tímaskekkja og sýnir nú tilburði að deila valdi sínu með aðlinum og hinum bestu borgurum. Með vaxandi iðnvæðingu og nýtingu hinna nær óþrjótandi auðlinda Rússlands mun ríki Nikulásar og arftaka hans halda áfram að eflast. Þar eð óhjákvæmilegri útþenslu Rússlands eru takmörk sett, því stórveldin í vestri hafa þegar tekið sér nær allar nýlendur sem völ er á, þá mun áhugi Rússa í vaxandi mæli beinast til Kína, en það ríki er nú óneitanlega á fallanda fæti. Hver veit nema sú stund renni upp einhvern tíma næstu áratugina, að rússneskur keisari haldi innreið sín í Borgina heilögu í Peking? Ljóst er alla vega að með uppgangi Rússlands mun Nikulás slá algjörlega vopnin úr höndum þeirra sem vilja hrekja Rómanov-ættina frá völdum. Um áramótin 2013-14 mun rússneskur keisari af Rómanov-ætt því áreiðanlega taka sér sæti meðal annarra voldugra keisara og konunga Evrópu þegar þeir koma saman til að skipa málum á stórveldafundi.

> **Um áramótin 2013-14 mun rússneskur keisari af Rómanov-ætt því áreiðanlega taka sér sæti meðal annarra voldugra keisara og konunga Evrópu þegar þeir koma saman til að skipa málum á stórveldafundi.**

Ekki er fyrirsjáanleg breyting á því næstu hundrað árin að ráðum verður fyrst og fremst ráðið við borð evrópsku stórveldanna. Hið mikla iðnveldi Bandaríkjanna mun eflast við framleiðslu allskonar iðnvarnings en ekki verður með góðu móti séð hvað gæti orðið til þess að þau sneru af þeirri braut að sinna fyrst og fremst málum í Ameríkuálfunum tveim, en láta Evrópuríkin um stórpólitíkina annars staðar. Eftir hundrað ár verða Bandaríkin vafalaust ráðandi í Suður-Ameríku, rétt eins og í norðurálfunni, en hvort það verður í krafti hervalds eða eingöngu efnahagsvalds er vafamál. Ætli hið síðara sé ekki líklegra.

## Afgangur heimsins

En hvað um afgang heimsins? Ætla má að á flestum svæðum evrópsku nýlenduveldanna verði eftir hundrað ár komnar á legg sjálfstæðishreyfingar sem stýrt verður af nýlendumönnum sjálfum. Gamalgrónar breskar nýlendur eins og Kanada og Ástralía verða vafalaust orðnar sjálfstæðar en þó enn í mjög nánum tengslum við móðurríkið. Og vissulega munu innfæddir í ýmsum nýlendum koma í vaxandi mæli koma við sögu, ekki síst í fornum stórveldum eins og á Indlandi. Ekki eru þó miklar líkur á að eftir hundrað ár verði margar nýlendnanna í Asíu og Afríku búnar að slíta sig alveg úr tengslum við nýlenduveldin í Evrópu. Í Suður-Ameríku tók sú þróun 400 ár frá því að Evrópumenn fundu þar lönd og þar til heimamenn brutust undan yfirráðum Spánverja og Portúgala. Sumir myndu jafnvel telja að þar hafi nýlendumenn í Ameríku sýnt fljótfærni því ríki þeirra stríddu við fátækt og erfiðleika eftir að hafa skorið á tengslin við Evrópuveldin. Íbúar í nýlendum Breta, Frakka og annarra munu vafalítið læra af þessu og ekki vera of fljótir á sér að krefjast ótímabærs sjálfstæðis. Reyndar er alls ekki óhugsandi að sjálfstæðishreyfingar í nýlendunum muni alls ekki láta mikið á sér kræla og nýlendumenn (og jafnvel innfæddir líka að því marki sem þeir hafa skoðun á málinu) muni þvert á móti sjá sér hag í að vera að minnsta kosti næstu hundrað árin í sem allra nánustum tengslum við nýlenduherra sína til að njóta þeirrar þekkingar og visku sem þaðan kemur. En innfæddir munu reyndar komast til aukinna áhrifa. Árið 2014 verður til dæmis áreiðanlega ekki fátítt að svartir menn gegni ýmsum allháum embættum í hinum víðáttumiklu nýlendum Breta í Afríku, en auðvitað enn undir handarjaðri og eftirliti hvíta mannsins.

Samfélagsbreytingar verða sjálfsagt allmiklar næstu hundrað árin. Lýðræði og áhrif verkalýðsstéttar munu aukast, jafnvel í keisararíkjum Evrópu, en verkalýðsstéttin mun þó að endingu læra að best er að flana ekki að neinu, og lúta sem fyrr leiðsögn hinna bestu manna úr gamalgrónum valdastéttum. Stjórnleysingjar, kommúnistar og aðrir slíkir æsingamenn verða því löngu kveðnir í kútinn eftir hundrað ár. Áhrif evrópska aðalsins minnka enn smátt og smátt en verða þó enn umtalsverð eftir hundrað ár. Framsókn kvenna mun aukast og ekkert er því til fyrirstöðu að árið 2013 muni konur jafnvel gegna ýmsum minni háttar ráðherraembættum.

Hvað tækni snertir munu framfarir halda áfram óslitið, menn munu leggja undir sig loftin í flugvélum og loftskipum, þótt ekki leysi slíkur ferðamáti hin stóru og glæsilegu farþegaskip af hólmi næstu hundrað árin. Ýmsir munu spá því að menn geti flogið út í geiminn einhvern tíma næstu hundrað árin, og gæti vissulega farið svo en þó er vandséð hvað menn ættu að vilja þangað svo fagurt og friðsælt sem um verður að litast á jörðinni næstu hundrað árin 1913-2013.






ROLEX

MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavik
511 1900 - www.sviss.is



# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 28. desember 2013 | 27. tölublað | 9. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is



GLEÐILEGT NÝTT ÁR!
FARSÆLT NÝTT ÁR!
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN




Þorsteinn B. Friðriksson

## Viðskiptamaður ársins 2013

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




## Bestu viðskiptin




## Verstu viðskiptin


Óskum landsmönnum öllum gleðilegra jóla með þökk fyrir samskiptin á árinu sem er að líða.

advania
Welcome to IT

## VIÐSKIPTI ÁRSINS



**SKELJUNGUR** Þótt dómnefnd Markaðarins hafi valið söluna á Skeljungi sem viðskipti ársins vegna þeirrar endurskipulagningar, uppbyggingar og virðisaukningar sem orðið hefur hjá félaginu síðustu ár, þá þykir sumum sem helst til hátt verð hafi verið greitt fyrir félagið. Hvort það er rétt leiðir tíminn einn í ljós. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Innleystur hagnaður kemur sölu Skeljungs í fyrsta sætið

***Fyrr í desember féllust samkeppnisyfirvöld með skilyrðum á söluna á Skeljungi sem gekk í gegn á árinu. Aðaleigendur félagsins, Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir og Guðmundur Örn Þórðarson, virðast mega vera sátt.***

**Óli Kristján Ármannsson**
olikr@frettabladid.is

Frá því var greint á vordögum að hjónin Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir og Guðmundur Örn Guðmundsson hefðu ákveðið að selja allan hlut sinn, um 92 prósent, í olíufélaginu Skeljungi. Viðræður voru teknar upp við framtakssjóðinn SÍA II sem sjóðastýringarfélagið Stefnir rekur. Viðskiptin gengu svo í gegn og þóttu seljendur félagsins koma svo vel frá borði að dómnefnd Markaðarins hefur valið þau viðskipti ársins. Valið byggist á miklum hagnaði sem þau hjón virðast hafa innleyst við söluna, sem síðan gekk í gegn á haustdögum og hlaut blessun samkeppnisyfirvalda snemma í desember.

Í október greindi Morgunblaðið frá því að Svanhildur Nanna og Guðmundur Örn hefðu selt hlut sinn fyrir tíu milljarða króna. Með í kaupunum fóru fasteignir Skeljungs og færeyska olíudreifingarfélagið P/F Magn. Virðisaukningin er allnokkur því fyrir hlutinn hafa þau hjón líkast til greitt tvo til þrjá milljarða. Frá því var greint á sínum tíma að 51 prósents hlut í félaginu hefðu þau, ásamt Birgi Bieltvedt, keypt af Glitni á 1,5 milljarða króna í ágúst 2008. Restina keyptu þau svo af bankanum á um milljarð árið 2010 og árið 2011 keyptu þau átta prósenta hlut Birgis.



**SVANHILDUR NANNA VIGFÚSDÓTTIR**



**GUÐMUNDUR ÖRN ÞÓRÐARSON**

Gert er ráð fyrir því að nýir eigendur Skeljungs taki við félaginu núna eftir áramótin, en kaupandi félagsins er samlagshlutafélagið SF IV, sem er í rekstri Stefnis.

Gerð var sátt við Samkeppniseftirlitið, sem í tilkynningu Stefnis er sögð ætlað að „tryggja sjálfstæði Skeljungs“. Sáttin er enn óbirt, en Samkeppniseftirlitið hefur fylgst grannt með olíumarkaði og er annt um að þar haldist áfram virk samkeppni. Skilyrði sem sett eru í sáttinni eru sögð miða að því marki.

„Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka var ráðgjafi kaupenda í viðskiptunum. Kaupin voru leidd af framtakssjóðnum SÍA II, sem er í rekstri Stefnis, en meðal annarra hluthafa eru lífeyrissjóðir, aðrir stofnanafjárfestar og einstaklingar. Nánar verður greint frá hluthöfum SF IV þegar nýir eigendur taka við félaginu,“ segir í tilkynningu á vef Stefnis.

Þar er líka haft eftir Benedikt Ólafssyni, forstöðumanni sérhæfðra fjárfestinga hjá Stefni, að með því að ganga samhliða frá kaupum á öllu hlutafé í P/F Magn og sameina félögin, sé enn fleiri stoðum skotið undir reksturinn auk þess sem töluverður hluti tekna verði í erlendri mynt.

„Við teljum því sameinað félag vera álitlegan fjárfestingarkost og fjölmörg tækifæri þegar horft er fram á veginn,“ er eftir honum haft.

Viðskiptin eru þó ekki alveg óumdeild, því þau eru líka nefnd í vali Markaðarins á verstu viðskiptum ársins. Þótt seljendur hafi mögulega komið vel frá borði eru skiptar skoðanir um ágæti viðskiptanna fyrir kaupendurna.

Þannig mun sú staða lífeyrissjóðanna að vera stútfullir af peningum sem þeir þurfa nauðsynlega að „koma í vinnu“ ef til vill hafa ýtt þeim út í að greiða fullhátt verð fyrir félagið. „Til lengri tíma er þetta mjög líklega hnignandi bissness þar sem nýrri bílar sem seljast í dag eyða fjórum lítrum á hundraðið í stað eldri bíla sem er skipt út, sem eyddu tíu lítrum eða meira,“ segir einn álitsgjafi Markaðarins. Þá mun þróunin á sviði rafmagnsbíla einnig þýða versnandi viðskiptamódel fyrir olíufélög til lengri tíma.

Vangaveltum sem þessum verður hins vegar trauðla svarað nema með reynslunni einni.

Svanhildur Nanna segir þau mjög ánægð yfir því að Skeljungur sé kominn á þann stað að fagfjárfestar sýni félaginu áhuga, séu reiðubúnir að fjárfesta í því og styðja við áframhaldandi enduruppbyggingu fyrirtækisins, að því er fram kemur á vef Stefnis. „Þegar við komum að félaginu seinnihluta árs 2008, stóð það mjög völtum fótum og ljóst að tíðar breytingar á eignarhaldi og sviptingar í efnahagsumhverfinu höfðu bitnað illa á félaginu, sem var í raun orðið tæknilega gjaldþrota á þessum tíma,“ er eftir henni haft. Síðustu fimm ár hafi svo öflugur hópur stjórnenda og starfsmanna unnið hörðum höndum að því að byggja félagið upp á nýjan leik. „Rekstur þess hefur batnað til muna og skuldastaðan er aftur orðin viðráðanleg.“

Þá bendir Svanhildur Nanna á að Skeljungur sé gamalt og rótgróið félag sem eigi sér langa sögu. Því hafi stór hópur fólks komið að félaginu með einum eða öðrum hætti í gegnum árin. „Við höfum fundið það í gegnum aðkomu okkar að margir bera sterkar taugar til félagsins og er það okkar von að félagið sé nú komið á þann stað að allir Skeljungsmenn geti verið stoltir af. Við teljum þetta rétta tímapunktinn til að koma félaginu í hendurnar á öflugum hópi fjárfesta sem er vel í stakk búinn að styðja við áframhaldandi uppbyggingu félagsins.“

Einar Örn Ólafsson heldur áfram sem forstjóri Skeljungs eftir söluna, en hann á yfir þriggja prósenta hlut í félaginu. Hann hefur verið forstjóri frá árinu 2009. Áður gegndi hann starfi framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs Glitnis banka og hélt áfram störfum fyrir Íslandsbanka eftir hrun. Hann lét af störfum hjá bankanum á vordögum 2009.

### SKELJUNGUR, MAGN OG SÍA II

**Skeljungur** var stofnaður árið 1928. Félagið rekur um 100 afgreiðslustöðvar undir vörumerkjum Orkunnar og Shell. Þá selur félagið fyrirtækjum um allt land olíu og tengdan varning. Hjá félaginu starfa um þrjú hundruð starfsmenn. Fasteignir félagsins eru sagðar nálægt 35 talsins og eru samtals um 23 þúsund fermetrar.

**P/F Magn** var stofnað af Shell í Danmörku árið 1953, að því er fram kemur í upplýsingum Stefnis. „Hjá fyrirtækinu starfa um 140 starfsmenn. Magn rekur ellefu bensínafgreiðslustöðvar í Færeyjum auk þess að sinna fyrirtækjamarkaði og selja gasolíu til húshitunar í Færeyjum.“

**SÍA II** er framtakssjóður í rekstri Stefnis hf. Hluthafar SÍA II samanstanda af lífeyrissjóðum, fjármálafyrirtækjum og fagfjárfestum. „Framtakssjóðir á vegum Stefnis hafa verið leiðandi í framtaksfjárfestingum á Íslandi og hafa, ásamt meðfjárfestum, fjárfest fyrir yfir 20 milljarða í óskráðum félögum frá árinu 2011,“ segir á vef Stefnis.

## BESTU VIÐSKIPTI ÁRSINS

### 1. sæti

**Salan á Skeljungi og færeyska olíufélaginu P/F Magn til samlagshlutafélagsins SF IV.**
Á vormánuðum var greint frá því að viðræður stæðu yfir um söluna á Skeljungi, en viðræðurnar leiddi framtakssjóðurinn SÍA II, sem er í rekstri Stefnis. Í desemberbyrjun kom svo græna ljósið á viðskiptin frá Samkeppniseftirlitinu.

***Rökstuðningur*** *„Ef staða Skeljungs og tengdra félaga er skoðuð nánar er ljóst að „samstæðan“ var lítils virði fyrir um þremur árum vegna mikilla skulda. Niðurfellingar skulda síðan þá og kaupgleði fagfjárfesta í dag gerir eigendum félagsins kleift að ná fram einum bestu viðskiptum síðustu ára.“*

*„Eigendur Skeljungs koma vel frá borði – fengu ríflega greitt fyrir sinn hlut.“*

*„Ef rétt er að þau [hjónin Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir og Guðmundur Örn Þórðarson] hafi fengið tíu milljarða króna fyrir félagið (með skuldum) eru þau réttnefndir snillingar!“*

### 2. sæti

**PLAIN VANILLA OG QUIZUP. Leikjafyrirtækið Plain Vanilla sló í gegn með tölvuleiknum QuizUp og náði heimsathygli fyrir.**
Viðræður um sölu fyrirtækisins fyrir milljarða standa yfir.

***Rökstuðningur*** *„Það er svo frábært þegar ungir frumkvöðvar „sigra heiminn“ með þessum hætti. Frábærar fyrirmyndir sem sýna vonandi að útrásin er ekki með öllu dauð og að orðið útrás ætti ekki að vera skammaryrði á Íslandi.“*

*„Flott fjármögnun frá alvöru fjárfestum, tæknilega góð útfærsla á mjög góðu konsepti og stórkostlega vel heppnuð „viral“ markaðssetning sem byggir algerlega á aðdráttarafli vörunnar sjálfrar. Gaman að sjá svona verkefni spretta upp úr íslenska sprotaumhverfinu.“*

*„Að fá risa-yfirtökutilboð frá Zynga Games í Bandaríkjunum og hafna því. Þetta setur ótrúlega háan verðmiða á þetta tölvufyrirtæki.“*

*„Ótrúlegt að íslenskt fyrirtæki nái því að eiga app sem er í efstu sætum iTunes Store vikum saman. Magnaður árangur.“*

### 3. sæti

**SALAN Á BETWARE. Austurríska fyrirtækjasamsteypan Novomatic keypti 90% hlutafjár Betware í nóvember.**
Salan er meðal stærstu erlendra fjárfestinga í íslensku athafnalífi frá hruni. Kaupverð nam tveimur til þremur milljörðum króna.

***Rökstuðningur*** *„Sala á íslensku hátæknifyrirtæki sem ekki er skráð á hlutabréfamarkað sýnir hversu ábatasamt það getur verið að leggja áherslu á tækniþróun og nýsköpun í íslensku atvinnulífi.“*

*„Kaup á fyrirtækjum hafa oftar vakið athygli en sala þeirra. Það er hins vegar ekki fyrr en við sölu sem menn innleysa verðmæti.“*

*„Mikil fagmennska einkennir rekstur Betware og fyrirtækið er með faggilda vottun samkvæmt alþjóðlegum stöðlum. Salan á fyrirtækinu fyrir tvo til þrjá milljarða króna sýnir að það er eftirspurn eftir íslensku hugviti.“*

## ANNAÐ SEM VAR NEFNT

**800 milljóna viðbótarfjármögnun Meniga í júní**
*„Hef fylgst með Meniga frá upphafi og tel að Georg Lúðvíksson sé snillingur sem eigi sér fáa líka. Afar sjaldgæf blanda frumkvöðuls, akademísks fræðimanns og hörku bissnessmanns.“*

**Fríverslunarsamningur Íslands og Kína**
*„Opnar mýmörg tækifæri sem standa nágrannaríkjum okkar ekki til boða.“*

**Kaup Kristjáns Loftssonar á hlut Árna Vilhjálmssonar í Granda**
*„Kristján er orðinn einn valdamesti maður viðskiptalífsins eftir kaup hans á hlutabréfum erfingja Árna Vilhjálmssonar í Fiskveiðahlutafélaginu Venusi. Kristján heldur nú um alla þræði í HB Granda og fær að veiða hval óáreittur. Auk þess hafa Kristján og Arion banki sammælst um að skrá HB Granda á aðalmarkaðinn á næsta ári sem mun auka verðmæti útgerðarrisans til muna.“*




Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó að við þekkjum kannski ekki viðfangsefnin í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Hjá Íslandsbanka starfar hópur fólks sem býr að áratuga reynslu af ráðgjöf við stór og smá fyrirtæki í verslun og þjónustu og hefur víðtæka sérþekkingu á fjárhagsumhverfi þeirra. Þannig getum við ávallt tryggt þeim þá bankaþjónustu sem þau þarfnast.

Þekking sprettur af áhuga.

Hrafnhildur Garðarsdóttir hefur áralanga reynslu í ráðgjöf til fyrirtækja í verslun og þjónustu, auk 20 ára reynslu í hótel- og veitingageiranum.

Hrafnhildur er viðskiptastjóri hjá Íslandsbanka.

**Við bjóðum góða þjónustu**

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

VERSTU VIÐSKIPTI ÁRSINS

# Kaup á fimmtungshlut í Vodafone eru talin verstu viðskipti ársins

*Um leið og kaup lífeyrissjóða á tuttugu prósenta hlut í Vodafone í aprílbyrjun eru talin einhver verstu viðskipti ársins sem er að líða eru þau að sama skapi talin Framtakssjóði Íslands til tekna. Bréf Vodafone hafa heldur verið á niðurleið í rykkjótum gangi á meðan þróunin hefur almennt verið á hinn veginn í Kauphöll Íslands.*

**Óli Kristján Ármannsson**
olikr@frettabladid.is

Kaup stórra lífeyrissjóða á tuttugu prósenta hlut í Vodafone á vormánuðum hljóta að teljast ein verstu viðskipti ársins,“ segir í umsögn eins dómnefndarmanna Markaðarins þetta árið. „Vodafone hefur síðan mætt miklum mótbyr á markaði og fallið um fimmtung í verði frá sölunni. Aftur á móti hljóta þetta að teljast frábær viðskipti fyrir seljandann – Framtakssjóð Íslands.“

Sjónarhorn annars dómnefndarmanns er aðeins víðara, en sá telur að til verstu viðskipta ársins teljist yfirhöfuð kaup á hlutabréfum í Vodafone í byrjun árs. „Um leið og Kauphöllin hefur hækkað um 35 prósent á árinu þá hefur Vodafone lækkað um 25 prósent.“

Og því verður heldur ekki neitað að frá aprílbyrjun, þegar skráð verð hlutabréfa Vodafone stóð í 34,7 krónum á hlut og þar til nú fyrir jól þegar bréfin stóðu í 27,35 krónum á hlut, hefur virði bréfanna lækkað um 21,2 prósent.

Gengi bréfa Vodafone hefur raunar verið nokkuð sveiflugjarnt, en félagið var skráð á Aðalmarkað Kauphallarinnar í desember. Fyrir þann tíma var félagið í eigu Framtakssjóðs Íslands. Við skráningu hélt sjóðurinn hins vegar eftir nærri fimmtungshlut (seldi sextíu prósent) sem síðan var seldur annan apríl og átti því eftir söluna ekkert hlutafé í félaginu.

Meðal lífeyrissjóða sem keyptu hlutinn í aprílbyrjun er Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, A- og B-deild, séreignarsjóður Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga, að því er fram kemur í tilkynningum (flöggunum) í Kauphöllinni á degi viðskiptanna.

Eftir viðskiptin og fram undir maílok mjakaðist gengi bréfanna rólega niður undir 32-33 krónur á hlut í Kauphöllinni, en hafði verið í tæpum 35 krónum. Síðan tóku bréfin snarpa niðurdýfu eftir að félagið birti uppgjör fyrsta ársfjórðungs eftir lokun markaða maí. Greint var frá því að 16 milljóna króna tap hefði verið á rekstri félagsins á fjórðungnum, en á sama tíma árið áður hafði verið 119 milljóna króna hagnaður.

Daginn eftir féllu bréfin um tíu prósent og héldu svo áfram að þokast niður á við þar til lægsta punkti var náð í september og tiltrú fjárfesta tók að aukast á ný.

Þannig höfðu bréfin hækkað um 20 prósent, í nálægt því 30 krónur á hlut, þegar tölvuþrjótur náði að stela trúnaðarupplýsingum af vef félagsins í nóvemberlok. Lækkun vegna þessa var þó skammvinn og tók gengið nánast strax að rétta við á ný. Þannig var lægsta gengi eftir öryggisbrestinn tæpum sex prósentum yfir botngenginu eins og það var um haustið.




**VIÐ HÖFUÐSTÖÐVAR VODAFONE Í REYKJAVÍK** Slakt uppgjör Vodafone eftir fyrsta ársfjórðung olli snarpri niðursveiflu á gengi bréfa félagsins. Bréfin náðu lægsta punkti í haust, en hafa síðan verið að þokast upp á við. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## VOND VIÐSKIPTI Í ÖÐRU TIL FIMMTA SÆTI




**2. sæti – Kaupin á Skeljungi**
Næstverstu viðskipti ársins eru einnig á borði lífeyrissjóða landsins að mati dómnefndarmanna Markaðarins. Sætið skipa kaup lífeyrissjóða (í gegnum SF IV slhf. og framtakssjóðinn SÍA II í rekstri Stefnis) á bróðurparti Skeljungs og færeyska olíufélagsins P/F Magn. Félagið er sagt hafa verið lítils virði fyrir þremur árum, en niðurfellingar skulda og kaupgleði fagfjárfesta í dag hafi gert eigendum félagsins kleift að ná fram einum bestu viðskiptum síðustu ára. „Lífeyrissjóðirnir eru stútfullir af peningum og virðast vera að kaupa Skeljung á allt of mikið,“ segir einn dómnefndarmaður Markaðarins.



**3. sæti – Viðræðuslit við ESB**
„Ég flokka ákvörðun Gunnars Braga Sveinssonar um að hætta aðildarviðræðum við Evrópusambandið sem afdrifaríkustu mistökin sem snertu íslenskt atvinnulíf á árinu,“ segir dómnefndarmaður. „Þetta rýrir samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja, festir gjaldeyrishöftin í sessi og er vitnisburður um þjóð sem kann ekki að haga sér í alþjóðlegu umhverfi frjálsrar hugsunar og viðskipta.“



**4.-5. sæti – Álverið í Helguvík**
„Ljóst hefur verið flestum sem vildu sjá síðustu árin að þetta verkefni væri vægast sagt ólíklegt til að ganga eftir,“ segir dómnefndarmaður og bendir máli sínu til stuðnings á dapra álmarkaði þar sem lítil von sé um verulegan viðsnúning. Þá hafi fjármögnun ekki verið tryggð auk þess sem raforka sé ótryggð, bæði hvað varði verð og orkuöflun. „Eins og stundum áður var lagt af stað með þessar óvissu forsendur og reynt að láta hlutina gerast með því draga pólitíkusa að málinu, láta opinbera aðila leggja út fyrir fjárfestingu í innviðum og liðka fyrir bæði ýmiss konar leyfum og óhagkvæmum orkusamningum. Víti til varnaðar þegar kemur að samkrulli viðskipta og stjórnmála.“




**4.-5. – Gerð Vaðlaheiðarganga**
„Vaðlaheiðargöng eru ríkisframkvæmd, dulbúin sem einkaframkvæmd, og rík ástæða til að hafa efasemdir um arðsemi framkvæmdarinnar.“

## VODAFONE OG ÚRVALSVÍSITALAN




**GENGIÐ Í KAUPHÖLLINNI FRÁ APRÍLBYRJUN** 2. apríl var gengið frá sölu Framtakssjóðs Íslands á þeim fimmtungshlut í Vodafone sem eftir stóð í bókum sjóðsins. Hér má sjá hvernig gengi bréfa félagsins, annars vegar, og Úrvalsvísitala Kauphallarinnar, hins vegar, kvíslast út frá þeim tímapunkti.

## ANNAÐ SEM VAR NEFNT

**Tregðulögmál hjá Samkeppniseftirlitinu**
„Telst eðlilegt að Samkeppniseftirlitið dragi fyrirtækjasölur mánuðum saman og geti þannig skaðað nauðsynlegt söluferli fyrirtækja?“ spyr dómnefndarmaður og nefnir bæði Skeljung og Norvik sem dæmi. „Eftirlitið er nauðsynlegt, en við erum á rangri leið ef megnið af atvinnulífinu þorir vart að róta sér nema fá fyrst leyfi hjá þessari stofnun.“

**Kosningaloforð**
„Kaup Framsóknarflokksins á atkvæðum „millistéttarinnar“ í kosningunum í vori fjármögnuð með skattfé.“

**Yfirtaka Landsbankans á Hátækni**
„Fróðlegt væri að vita hvert kaupverðið var. Fyrirtækið var nánast lagt niður í kjölfar kaupanna.“

**Góðu boði hafnað**
„Fréttir um að Plain Vanilla hafi hafnað 12 milljarða yfirtökutilboði frá Zynga hljóta að falla í flokk verstu viðskipta.“

**Stutt stopp í forstjórastól**
„Betur hefði verið heima setið en af stað farið í að ráða Hannes Smárason forstjóra NextCode Health, systurfélags Íslenskrar erfðagreiningar. Ekki liðu nema um þrjár vikur frá ráðningu þar til sérstakur saksóknari var búinn að gefa út á hendur honum ákæru fyrir fjárdrátt og umboðssvik, hann hættur og Björn Zoëga tekinn við.“




SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

VIÐSKIPTAMAÐUR ÁRSINS



*Þorsteinn B. Friðriksson*
*Viðskiptamaður ársins*

**ÞORSTEINN BALDUR FRIÐRIKSSON** Í umsögn eins dómnefndarmanna Markaðarins í valinu á manni ársins í viðskiptalífinu er bent á að leikjafyrirtækið Plain Vanilla hafi margfaldast í verði eftir að spurningaleikurinn Quiz Up fór í loftið. Meira að segja þannig að vakið hafi athygli tölvuleikjarisa á borð við Zynga.

# Urðu næstum gjaldþrota en eru nú eitt heitasta tæknifyrirtæki heims

***Síðustu mánuðir hafa verið rússíbanareið fyrir Þorstein B. Friðriksson, stofnanda og framkvæmdastjóra Plain Vanilla. Fyrir tæpum tveimur árum var Plain Vanilla nálægt gjaldþroti en er nú með einn vinsælasta tölvuleik í heimi fyrir spjaldtölvur og snjallsíma. Nýverið var gefið út nýtt hlutafé sem nemur 2,5 milljörðum króna. Því þarf ekki að koma á óvart kjör dómnefndar Markaðarins á Þorsteini sem manni ársins í viðskiptalífinu.***

**Þorbjörn Þórðarson**
thorbjorn@frettabladid.is

Stærstur hluti nýs hlutafjár fer í rekstur á Íslandi og gerir fyrirtækinu kleift að vaxa, bæta Quiz Up og þróa nýja tölvuleiki. Núverandi hluthafar, Tencent Holdings og Sequoia Capital, leiða fjármögnun. Stjórnendur Plain Vanilla fundu fyrir því núna í desember að mjög mikill áhugi var meðal fjárfesta í Sílíkondal að taka þátt í fjármögnun fyrirtækisins. Það var svolítið nýtt fyrir Þorstein og Ými Örn Finnbogason fjármálastjóra, en aðeins einu og hálfu ári áður höfðu þeir verið í erfiðleikum með að fá bókaða fundi með fjárfestum. „Ég veit ekki hversu margir sjóðir höfðu samband við okkur í síðasta mánuði. Þeir voru yfir hundrað, alveg auðveldlega. Núna eftir að þessi fjármögnun hefur gengið í gegn þá mun þetta ef til vill minnka. Þetta hefur tekið mjög mikinn tíma frá manni. Þetta er líka dálítið erfitt þegar við erum í þessum vexti. Mér finnst að varan þurfi fullan fókus og það er ofboðslega mikið að gera,“ segir Þorsteinn.

Hann segist hafa lent oft í því að menn hafi haft samband eftir að hafa neitað Plain Vanilla um fjármagn og kannski fundist Quiz Up alls ekki góð hugmynd í fyrstu. „Við tókum svokallað insider-round. Við tókum bara fjármagn frá sjóðum sem voru þegar búnir að fjárfesta í okkur áður en Quiz Up varð vinsæll.“

### Gylliboð á hverju strái

*Var það prinsippákvörðun út frá tryggð við þessa fjárfesta?* „Já, það var það. Þetta voru sjóðirnir sem höfðu bæði reynst okkur vel og hjálpað okkur og sett inn fjármagn áður en þetta varð svona vinsælt. Það er mikil hjarðhegðun í þessum heimi úti. Um leið og við urðum vinsæl og fólk byrjaði að setja peninga í okkur þá varð allt vitlaust. Sumir sjóðir hringdu og voru með alls kyns gylliboð. Eins og að bjóða mér á einkaþotu til Las Vegas. Ég þáði ekkert af þessu. Á svona vegferð er fullt af freistingum úti um allt en mér finnst einhvern veginn að þegar þú þiggur eitthvað svona þá ertu pínulítið að setja þig í erfiða stöðu. Viltu vera að vinna með sjóðum sem eru að bjóða svona? Mér finnst þetta ekki gott merki um að þetta séu heilir menn. Þú líka setur þig í stöðu ef þú neitar þeim, þá finnst þér eins og þú skuldir þeim eitthvað af því þeir gerðu eitthvað fyrir þig. Þetta eru hálfgerðar mútur.“

*Fjárfestingarsjóðurinn Sequoia Capital. Hvaða menn eru þetta og hvernig kemst þú í samband við þá?* „Þegar ég kom fyrst út til Sílíkondals og San Francisco fyrir tveimur árum, þá var maður með þessa drauma að fá aðgang að þessum stóru frægu sjóðum sem eru á bak við þessi stóru tæknifyrirtæki sem öll virðast koma frá þessu svæði. Sequoia er fyrsta fyrirtækið sem kemur upp í hugann þegar maður horfir á þessa sjóði. Þetta er elsti og virtasti sjóðurinn í Sílíkondal. Þeir standa á bak við félög eins og Apple, Google, Cisco, Dropbox og Instagram. Það má eiginlega nefna öll stóru fyrirtækin í þessum tækniiðnaði og þá hefur Sequoia komið þar að með einum eða öðrum hætti,“ segir Þorsteinn. Eftir fjármögnun Sequoia á Plain Vanilla kom einn af starfsmönnum sjóðsins, Roelof Botha, inn í stjórn Plain Vanilla. Botha, sem er fertugur, er með MBA-gráðu frá Stanford og var áður fjármálastjóri PayPal. Hann hefur verið ofarlega á



**JÓLATÓNLEIKAR**
**Söngsveitin Fílharmónía heldur jólatónleika í Háteigskirkju klukkan 20 í kvöld. Hátíðleg jólatónlist er á dagskrá, til dæmis verk eftir Sigvalda Kaldalóns, Jórunni Viðar, Oliver Kentish og fleiri góðkunna tónlistarmenn.**

# GÓÐ LAUSN VIÐ TIMBURMÖNNUM

**ICECARE KYNNIR** *DRINKOFF® fyrir morgundaginn. Töflur gegn þynnku.*

DRINKOFF® töflurnar innihalda náttúruleg efni, fumaric-sýru, succinic-sýru, C-vítamín og fólinsýru.

Fumaric-sýra hefur verið notuð í matvæli og lækkar sýrustig í fæðu. Fumaric-sýra hjálpar til við niðurbrot á acetaldehyde sem myndast þegar alkóhól brotnar niður í líkamanum og minnkar þannig óþægindi í kjölfar neyslu áfengis. C-vítamínið í töflunum stuðlar að réttum blóðsykursstyrk og styður við ónæmiskerfið í niðurbrotsferlinu.

DRINKOFF® töflurnar frá Vitrum eru flokkaðar sem fæðubótarefni og innihalda náttúruleg efni sem eru ekki lyfseðilsskyld.

**Ráðlögð notkun:** Takið tvær töflur áður en fyrsti áfengi drykkurinn er drukkinn og tvær töflur eftir síðasta áfenga drykkinn, áður en farið er að sofa. Ef drykkja áfengis stendur í lengri tíma má taka 1-2 töflur eftir hvern drykk. Ekki fleiri en sex töflur í hvert skipti.

**Varúð:** Aðeins ætlað fólki eldra en 20 ára. Ekki ætlað barnshafandi konum eða mjólkandi mæðrum. Geymið þar sem börn ná ekki til. Ef lyf eru tekin að staðaldri, ber að ráðfæra sig við fagfólk áður en DrinkOff-töflurnar eru teknar.

Í tilfellum þar sem of stórir skammtar eru teknir inn þarf að hafa strax samband við lækni.



**BETRI LÍÐAN**
Birna Gísladóttir hjá Icecare segist hafa heyrt frá ánægðu fólki sem prófað hefur Drinkoff. „Þetta svínvirkar."




**MINNI ÓÞÆGINDI**
Fumaric-sýra hjálpar til við niðurbrot á acetaldehyde sem myndast þegar alkóhól brotnar niður í líkamanum og minnkar þannig óþægindi í kjölfar neyslu áfengis.

Hausverkur Ekki þjást MigreLief
Mígreni.is
MigreLief fyrirbyggjandi fæðubótarefni fyrir fullorðna og börn

ÚTSALA Í FLASH
30-70% afsláttur




Kjól
Áður 24.990
Nú 7.990 kr.

FLASH

Kjól
Áður 24.990
Nú 7.990 kr.

Laugaveg 54,
sími: 552 5201



SALTFISKUR
GEYSIR Bistro
Aðalstræti 2 | 101 Reykjavík | Tel: +354 517 4300 | www.geysirbistro.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
SAFT

Berum ábyrgð á eigin heilsu



Megin hlutverk HNLFÍ er að stunda endurhæfingu, heilsueflingu, forvarnir og samhæfð meðferðarform. Markmið HNLFÍ er að verða leiðandi í samþættum meðferðarformum þar sem eitt tekur við af öðru þ.e. samfelldur ferill meðferða frá bráðasjúkrahúsi í gegnum endurhæfingu að bestri mögulegri færni einstaklingsins.

Heilsustofnun NLFÍ leggur áherslu á meðferðir í rólegu umhverfi og í nálægð við náttúruna. Við leitumst við að aðstoða dvalargesti okkar við að finna jafnvægi milli álags og hvildar. Einstaklingsmiðuð meðferð, traust og fagleg þjónusta stuðlar að árangri dvalargesta við endurhæfingu og forvarnir og að aðlagast daglegu lífi eftir sjúkdóma. Hjá okkur stunda dvalargestir hreyfingu við hæfi, huga að reglulegu og hollu mataræði, góðum svefnvenjum og andlegu jafnvægi.






HEILSUSTOFNUN NLFÍ HVERAGERÐI

Heilsustofnun NLFÍ
Grænumörk 10 - 810 Hveragerði - Sími 483 0300
www.hnlfi.is - heilsu@hnlfi.is

# STÓÐ OG FÉLL MEÐ SJÁLFRI SÉR

**FALLEGUST** *Á árinu sem er að líða var Tanja Ýr Ástþórsdóttir krýnd fegurst íslenskra kvenna. Hún saumar nú á sig áramótakjól.*

Fegurðardrottning Íslands verður seint valin kona ársins því það að vera fegurðardrottning er ekki afrek í sjálfu sér. Fegurðardrottningar hafa hins vegar tækifæri til að afreka margt í nafni titilsins og láta gott af sér leiða,“ segir Tanja Ýr, sem á nýárinu ætlar að svipta hulunni af leyndarmáli sem snýr að góðgerðarmálum sem fegurðardrottning Íslands.

„Mér hefur þótt skrítið að vera gagnrýnd fyrir að taka þátt í fegurðarsamkeppni. Með þeirri ákvörðun stóð ég og féll með sjálfri mér og það var alfarið mitt val. Í fegurðarsamkeppnum er heldur engin ein fegurst útlits; það þarf að horfa á heildarmyndina og innri mann.“

Að eðlisfari er Tanja Ýr feimin og þurfti mikið tiltal til að þora að stíga á svið sem keppandi í Fegurðarsamkeppni Íslands, þar sem hún var krýnd fegurst kvenna í september.

„Ég ráðfærði mig stöðugt við foreldra mína og eldri systur og fékk alls staðar hvatningu og stuðning. Ég ákvað því að slá til en það tók sinn tíma að læra að ganga á háum hælum og fyrir framan hóp fólks. Smám saman naut ég mín betur og eftir keppnina var ég orðin mun sterkari og sjálfsöruggari en áður.“

Tanja Ýr segir titilinn lítt hafa breytt lífi sínu en að hann hafi breytt henni sjálfri. „Titillinn opnaði margar dyr sem ég hefði annars hvorki séð né reynt að opna. Fegurðarsamkeppnir eru því uppörvandi, skemmtilegar og styrkja ungar konur til að stíga út fyrir þægindarammann og elta sína drauma.“

### VIÐBURÐARÍKT ÁR AÐ BAKI

Um helgina ætlar fegursta kona lýðveldisins að sauma sér áramótakjól.

„Mig hefur lengi langað að læra að sauma og mun njóta liðsinnis móður minnar við saumaskapinn. Ég hef lengi haft kjólinn í kollinum en hann verður hvítur og síddin rétt neðan við hnén,“ upplýsir Tanja Ýr, full tilhlökkunar fyrir áramótin.

„Á gamlárskvöld er árlegt matarboð heima og mamma býður systrum mínum, mökum og systrabörnum í skemmtilegt vina- og fjölskylduboð. Mamma vill helst bjóða öllum heim til að fagna nýju ári og vinir mínir fjölmenna til að borða með okkur, spila á spil, sprengja flugelda og fara saman á brennu.“

Þegar Tanja Ýr lítur yfir farinn veg á árinu stendur margt upp úr.

„Það er vitaskuld ógleymanlegt að hafa verið valin Ungfrú Ísland en ekki síður að hafa farið í óvænta ferð til Tenerife með foreldrum mínum og til ömmu minnar á níræðisaldri austur í Neskaupstað. Ég mun líka minnast ársins fyrir hvað ég eignaðist margar vinkonur í gegnum fegurðarsamkeppnina og hversu þétt vinir og ættingjar stóðu við bakið á mér. Ég vissi fyrir að ég ætti góða að en þarna kom berlega í ljós hversu rík ég er af góðu og traustu fólki,“ segir Tanja Ýr um viðburðaríkt ár sem einnig olli tímamótum þegar hún hóf nám í fjármálaverkfræði við Háskólann í Reykjavík í haust.

„Á vormisseri ætla ég að skipta yfir í hugbúnaðarverkfræði því það á betur við mig. Ég hef meira gaman af tölvum en fjármálum og sé fyrir mér að vinna við það í framtíðinni. Framtíðin er björt og mig langar líka að stofna fjölskyldu og læra að sauma meira.“

### NAMMIGRÍS Á JÓLUM

Tanja Ýr segir enga sérstaka tilfinningu fylgja því að vera fegurst.

„Það er auðvitað gaman en ég tók ekki þátt til þess að vinna og bjóst alls ekki við því. Því var sigurinn dálítið skrítinn og óraunverulegur.“

Á nýárinu keppir Tanja Ýr í Miss World í Lundúnum og ber titilinn Ungfrú Ísland fram á haust.

„Ég hef alltaf hugsað mikið um útlit og heilsu og til eru af mér gamlar myndir þar sem ég stelst í förðunardót systra minna og pósa fyrir framan myndavélina. Ég stunda líkamsrækt og loftfimleika og er dugleg að prófa ýmsar jaðaríþróttir. Þá er ég manna duglegust yfir nammiskálinni á jólum en það bitnar ekki á holdafarinu ef maður drekkur vel af vatni og er duglegur að hreyfa sig.“

■ thordis@365.is



**ÆVINTÝRAGJÖRN** Um helgar þykir Tönju Ýr skemmtilegast að hitta vini, sofa út og slaka á í faðmi fjölskyldunnar en einnig að prófa nýtt jaðarsport. Hún segist ekki finna fyrir meiri áhuga karlpeningsins eftir að hún varð Ungfrú Ísland en að strákar séu djarfari að taka hana tali þegar þeir séu úti á lífinu. MYND/STEFÁN





ÚTSALAN HEFST Í DAG
40-70%
AFSLÁTTUR
af öllum útsöluvörum
evans.
TOPSHOP
WAREHOUSE
KAREN MILLEN
DOROTHY PERKINS

# MILLI JÓLA- OG NÝÁRSTÓNLEIKAR Í HAFNARFIRÐI

Í kvöld, laugardaginn 28. desember, verða ókeypis tónleikar haldnir á efri hæð Gamla vínhússins í Hafnarfirði. Þar munu stíga á svið Sveinn Guðmundsson og Magnús Leifur Sveinsson sem áður var kenndur við hafnfirsku hljómsveitina Úlpu.

Sveinn tók upp og gaf út sína fyrstu plötu fyrr á þessu ári og Magnús Leifur setti á fót hljóðverið Aldingarðinn í Garðabæ í ár. Frjósamt og viðburðaríkt ár verður því kvatt í Hafnarfirði í kvöld.

Húsið verður opnað kl. 21.00 en um hálftíma síðar mun Sveinn kom fram og flytja lög af plötu sinni „Fyrir herra Spock, MacGyver og mig“ ásamt nýrra óútgefnu efni. Honum til halds og trausts verða Magnús Leifur á gítar og básúnu, Hálfdán Árnason á kontrabassa og Ívar Atli Sigurjónsson á gítar, munnhörpu og fleiri hljóðfæri. Á eftir Sveini mun Magnús Leifur taka við og gefa forsmekkinn af væntanlegri plötu sinni „Pikaia“ sem verið er að leggja lokahönd á og kemur út með vorinu. Hálfdán, Ívar og Sveinn munu einnig verða honum til stuðnings.

Ókeypis er inn á tónleikana og allir velkomnir.



Ókeypis tónleikar verða haldnir á efri hæð Gamla Vínhússins í Hafnarfirði í kvöld.



## ÁRAMÓTA-BRENNUR Í REYKJAVÍK

**Brennur verða á tíu stöðum í Reykjavík, eins og verið hefur undanfarin ár. Eldur verður borinn að köstunum kl. 20.30 á gamlárskvöld á öllum stöðum nema Úlfarsfelli þar sem tendrað er kl. 14.30 um daginn.**

1. **Við Ægisíðu, stór brenna.**
2. **Skerjafjörður gegnt Skildinganesi 48–52, lítil brenna.**
3. **Við Suðurhlíðar, neðan við Fossvogskirkjugarð, lítil brenna.**
4. **Vestan Laugarásvegar á móts við Valbjarnarvöll, lítil brenna.**
5. **Geirsnef, stór brenna.**
6. **Við Suðurfell, lítil brenna.**
7. **Fylkisbrennan við Rauðavatn, stór brenna.**
8. **Gufunes, við gömlu öskuhaugana, stór brenna.**
9. **Kléberg á Kjalarnesi, lítil brenna.**
10. **Úlfarsfell á athafnasvæði Fisfélagsins ofan við Lambhagaveg, lítil brenna (tendrað kl. 14.30)**

**Fólk er hvatt til að skjóta ekki upp flugeldum við brennurnar. Stjörnuljós og blys eru betri kostur enda barnvænni og hættuminni.**











ÍSFUGL

Holda®
KALKÚNN
kalkunn.is

# Íslenskur Kalkúnn á hátíðarborðið



Kalkúnakjöt er vinsæll hátíðarmatur og heilsteiktur fugl gefur réttu fjölskyldustemminguna um jól og áramót.

Kalkúnabringur eru einnig góður valkostur í hátíðarmatinn. Þær fást í hæfilega stórum einingum, ferskar, kryddaðar eða fylltar með góðgæti.

Kalkúnabringur eru fitusnauðar, ljúffengar og léttar í maga.
Taktu því létt og hafðu kalkúnakjöt um hátíðarnar.

Kalkúnn

Íslensk framleiðsla

Ljúffeng máltíð og létt í maga

grafika.is / Guðrún Anna




Öflug vörn gegn sveppasýkingum

„Ég mæli með Bio Kult Candéa fyrir skjólstæðinga mína. Síðustu ár hef ég lagt mikla áherslu á að vera í jafnvægi, með góða orku og einbeitningu í lífi og starfi. Ég hef lagt áherslu á að taka inn góða gerla til að viðhalda jafnvægi og orku og hef prófað þá allra bestu hér á markaðinum hverju sinni,“ segir Sigríður Jónsdóttir, ADHD markþjálfi og fíkniráðgjafi.
„Mér finnst Bio Kult Candéa vera skjótvirkasta varan sem ég hef prófað. Ég mæli með henni fyrir skjólstæðinga mína sem gjarnan eru að glíma við ójafnvægi í lífi sínu.“

Bio-Kult
Candéa




# LJÚFT ÍSKONFEKT

**SPENNANDI** *Sigrún Þorsteinsdóttir heldur úti vefsíðunni Café Sigrún þar sem hún birtir uppskriftir að hollustugóðgæti. Sigrún gefur hér lesendum uppskriftir að girnilegu ískonfekti sem gaman væri að bjóða upp á um áramót.*

Ískonfekt er alltaf svo skemmtilegt, bæði er um að ræða konfekt með súkkulaði utan um og svo er maður með sörpræs því konfektmolinn er frosinn. Mikilvægt er að nota gott súkkulaði (eins og t.d. 70% frá Green & Black‘s) en að sjálfsögðu má einnig nota carob eða hvítt súkkulaði ef þið þolið kakóið illa. Nota má hvaða ís sem er í konfektið en mikilvægt er að ísinn sé algjörlega gaddfrosinn þegar þið farið að setja brætt súkkulaði utan á hann. Best er að nota sílikonmót fyrir konfekt til að útbúa ískonfektið.

Athugið að best er að leggja cashew-hneturnar í bleyti í nokkrar klukkustundir, jafnvel yfir nótt.



**HUGMYNDARÍK** Sigrún Þorsteinsdóttir er snjöll að útfæra og búa til hollar og góðar uppskriftir.

### Innihald

- 125 g cashew-hnetur, lagðar í bleyti
- 60 g döðlur, saxaðar gróft
- 60 ml appelsínusafi (eða mangósafi)
- 1 banani, vel þroskaður
- 2 msk. agavesíróp
- 2 msk. kókosolía
- 100 g dökkt, lífrænt framleitt súkkulaði með hrásykri

### Aðferð

**1.** Leggið cashew-hnetur í bleyti í nokkrar klukkustundir (eða yfir nótt).
**2.** Saxið döðlurnar og leggið þær í bleyti í appelsínusafanum.
**3.** Hellið vatninu af cashew-hnetunum og setjið þær í matvinnsluvél. Blandið á fullum krafti í a.m.k. eina mínútu.
**4.** Skafið hliðar matvinnsluvélarinnar og blandið áfram í 30 sekúndur. Bætið kókosolíunni og agavesírópinu út í og haldið áfram að mala í nokkrar sekúndur.
**5.** Skafið hliðarnar aftur og blandið í 30 sekúndur.
**6.** Hellið appelsínusafanum út í ásamt döðlunum og blandið áfram í um eina mínútu eða þangað til cashew-blandan er orðin mjúk.
**7.** Bætið banananum út í og blandið áfram í um 10 sekúndur eða þangað til blandan er silkimjúk.
**8.** Hellið ísnum í konfektmót úr sílikoni ef þið eigið svoleiðis (svo að þið fáið litla bita). Frystið í um 3-4 tíma
**9.** Ef þið eigið ekki sílikonmót, færið ísinn þá yfir í ísvél í 30 mínútur. Setjið svo ísinn í plastbox og inn í frysti.
**10.** Ef ekki er notuð ísvél eða sílikonmót má frysta ísinn í plastboxi og hræra í ísnum á um 30 mínútna fresti í um 3-4 tíma. Áður en ísinn harðnar alveg er best að skafa litlar kúlur með melónuskeið. Setjið kúlurnar í box og frystið helst yfir nótt eða þangað til kúlurnar eru grjótharðar.
**11.** Bræðið súkkulaðið yfir vatnsbaði. (Setjið svolítið vatn í lítinn pott. Setjið skál ofan á pott þannig að skálin sitji á brúnunum. Setjið súkkulaðið ofan í skálina og bræðið yfir vægum hita). Gætið þess að ofhita ekki súkkulaðið og það má alls ekki fara dropi af vatni ofan í skálina.
**12.** Takið súkkulaðið af hitanum og látið það kólna í 5 mínútur.
13. Takið ískúlurnar/ískonfektið úr frystinum (eina í einu) og dýfið með skeið í súkkulaðið eða þekið hverja kúlu með súkkulaði (hellið með teskeið yfir).
**14.** Látið storkna á bökunarpappír í nokkrar mínútur og setjið svo aftur inn í frysti.
**15.** Áður en ískonfektið er borðað þarf að láta það þiðna í um 5-10 mínútur.

### GOTT AÐ HAFA Í HUGA

- Það má dýfa kúlunum t.d. í kókosmjöl eða smátt saxaðar hnetur áður en súkkulaðið harðnar alveg.
- Nota má hvaða ís sem er inn í konfektið en mikilvægt er að hann sé gaddfrosinn áður en súkkulaðið fer utan um hann.
- Nota má carob eða hvítt súkkulaði í staðinn fyrir súkkulaði.
- Nota má hlynsíróp í stað agavesíróps.
- Nota má macadamia hnetur í staðinn fyrir cashew-hnetur.




# ÁRAMÓT

LAUGARDAGUR 28. DESEMBER 2013



## Augnförðun í partíið

Kolsvartur eyeliner er lykillinn að afgerandi og dramatísku augnaráði í áramótapartíinu.
SÍÐA 2

## Hrifnir af Freixenet

Spænska freyðivínið Freixenet Cordon Negro Brut er þurrt, létt og sýruríkt.
SÍÐA 3

## Flugeldar á sumarkvöldi

Í Sydney er haldin ein stærsta flugeldasýning heims.
SÍÐA 4


Raunveruleikastjarnan Kim Kardashian notar svartan eyeliner óspart.


Gwen Stefani með þykkan eyeliner sem endar í sveig, augnskugginn er hlutlaus.


Breska söngkonan Adele er ávallt með þykkan eyeliner.


Ofurmódelið Kate Moss dregur þykkar línur allan hringinn kringum augað.


Taylor Swift lætur eyelinerinn aðlagast augnskugganum fyrir mýkra yfirbragð.

# Afgerandi augu í áramótapartíið

Kolsvartur eyeliner er lykillinn að afgerandi og dramatísku augnaráði í áramótapartíinu. Talsverða leikni þarf til að línan verði þráðbein og falleg og því ekki seinna vænna að byrja að æfa sig. Með eftirfarandi leiðbeiningum ætti línan að nást fyrir gamlárskvöld.

1 Byrjaðu við mitt augnlokið, alveg við hárlínuna og dragðu línu út frá miðjunni með vel ydduðum blýanti eða blautum eyelinerpensli. Þessi lína markar hversu breið línan verður og til að búa til dramatískt útlit skaltu hafa hana breiða. Þó nokkra æfingu þarf til að gera beina og fallega línu. Byrjendur geta gert línuna í nokkrum stuttum strokum.

2 Byrjaðu nú við augnkrókinn og dragðu fíngerða línu. Láttu hana tengjast fyrri línunni mjúklega.

3 Til að lengja línuna við enda augans svo hún sveigist örlítið upp og út á við skaltu byrja þar sem augnhárin enda og draga mjúkan sveig með blýantinum.

4 Þegar sveigurinn er kominn skaltu draga línu aftur til baka að augnháralínunni við miðju og búa þannig til þríhyrningslaga form.

5 Fylltu í formið með blýantinum svo úr verði þykk og falleg lína.

6 Ljúktu verkinu með 2 til 3 umferðum með maskara sem bæði þykkir og lengir augnhárin.

*Heimild www.preen.me*


Þó nokkra leikni þarf til að draga fallega línu. Byrjendur geta dregið línuna með nokkrum stuttum strokum. NORDIC PHOTOS/ GETTY


Fíngerð lína dregin alveg við augnhárin og önnur lína í sanseruðum lit fyrir ofan.





Vínið er gott eitt og sér og tilvalið þegar fagna skal nýju ári.




Vínið er þurrt, létt og sýruríkt. Það er gott eitt og sér en passar líka einkar vel með humri og rækjuréttum.

# Nýju ári fagnað með Freixenet

**Álitsgjafar Fréttablaðsins voru hrifnastir af Freixenet-freyðivíninu í fyrra. Stefán Guðjónsson, einn fremsti vínsérfræðingur landsins, tekur undir.**

Spænska freyðivínið Freixenet Cordon Negro Brut var valið besta freyðivínið af álitsgjöfum Fréttablaðsins í fyrra en þeir kusu allir þurr vín framyfir sæt. „Mjög góður fyrsti sopinn,“ sagði blaðamaðurinn Björn Þór Sigbjörnsson um Freixenet. „Þetta hreinsar alveg bragðlaukana,“ bætti Dominique Plédel, vínsérfræðingur og eigandi Vínskólans, við. „Það skilur eftir sig gott bragð. Þetta er vín sem maður gæti drukkið bara eitt og sér,“ sagði Bjarni Freyr Kristjánsson, þjónn og vínsérfræðingur.

Stefán Guðjónsson, eigandi vín- og ölstofunnar Vínsmakkarans og veitingastjóri á 101 hóteli, tekur undir þetta en hann er jafnframt einn fremsti vínþjónn og vínsmakkari landsins. „Vínið er þurrt, létt og sýruríkt. Það er mjög gott á bragðið og hefur langt eftirbragð. Það hefur skemmtilegan sítruskeim og er tilvalið þegar mikið stendur til og tilefni er til að fagna.“

> **Vínið er mjög gott á bragðið og hefur langt eftirbragð. Það hefur skemmtilegan sítruskeim og er tilvalið þegar mikið stendur til og tilefni er til að fagna. Það er gott eitt og sér en líka með léttum fiskréttum.**

Stefán segir vínið henta vel eitt og sér og þá helst sem fordrykkur eða þegar verið er að fagna eins og á gamlárskvöld. „Það er líka mjög gott með léttum skelfiski og fiskréttum sem ekki eru í þungri sósu og passar til dæmis einstaklega vel með humri eða rækjuréttum.“

Stefán segir vínið á mjög góðu verði. „Það kostar rétt um tvö þúsund krónur sem telst afar sanngjarnt verð miðað við gæði. Fólk virðist kunna að meta það enda er þetta með söluhæstu freyðivínum í heimi.“



Stefán mælir með Freixenet. MYND/VALLI

# Flugeldar á fallegu sumarkvöldi

Sumarið er gengið í garð í Ástralíu. Í Sydney er haldin ein stærsta flugeldasýning heims en um milljarður manns fylgist með henni í beinni útsendingu í sjónvarpinu. Íslensk hjón sem þar búa ætla að grilla sjávarfang og njóta sýningarinnar með góðum vinum.

Flugeldum er skotið upp víðar en á Íslandi á gamlárskvöld. Í borginni Sydney í Ástralíu fer fram ein stórkostlegasta flugeldasýning heims hvert gamlárskvöld og um milljarður manns fylgist með henni í sjónvarpinu. Sýningarnar eru raunar tvær, önnur fyrr um kvöldið sem er ætluð barnafólki og hin, og sú stærri, á miðnætti. Rúmlega ein og hálf milljón manns fylgist með sýningunum tveimur sem fara fram við hafnarsvæðið í Sydney þar sem Óperuhúsið fræga stendur. Að auki fylgjast rúmlega tvær milljónir heimamanna með sýningunni í sjónvarpi. Fjöldi Íslendinga er búsettur í Ástralíu og meðal þeirra eru hjónin Aldís Tryggvadóttir og Vilhjálmur Waage sem einmitt eru búsett í Sydney. Aldís segir allt snúast um flugeldasýningarnar í borginni dagana fyrir gamlárskvöld. „Fyrri sýningin er helst ætluð fjölskyldum með ung börn en stóra sýningin hefst á miðnætti og er alltaf frábær enda mikið í hana lagt. Það eru borgaryfirvöld sem hafa umsjón með sýningunni og kostar hún um sjö milljónir ástralskra dala, sem er nálægt 730 milljónum íslenskra króna.“



Heimamenn koma sér fyrir í almenningsgarðinum á gamlársdag. MYND/GETTY



Ástralar grilla gjarnan sjávarfang á gamlárskvöld. MYND/ÚR EINKASAFNI

### Fjölmenn sýning

Hafnarsvæðið í Sydney er mjög stórt og rúmar mikinn mannfjölda. „Flestir sem mæta reyna að vera sem næst Óperuhúsinu og brúnni. Sumir leggja meira að segja á sig að gista undir berum himni til að ná sem bestu plássi. Margir eru líka á bátum og snekkjum og svo hafa auðvitað mörg heimili gott útsýni yfir svæðið. Allir mæta með nesti og nóg að drekka og stemningin er virkilega góð. Hér mæta gestir til að skemmta sér og fagna nýju ári. Auðvitað hjálpar til hvað veðrið er gott, en sumarið hefst hér í Ástralíu í desember. Langtímaspáin sýnir 26 stiga hita á gamlársdag og 19 stiga hita um kvöldið. Lestirnar ganga hér allan sólarhringinn og ótrúlegt að upplifa hvað gengur vel að koma fólki til og frá hafnarsvæðinu.“

Í Ástralíu er ekki leyfilegt að skjóta upp flugeldum og því skipar sýningin eðlilega stóran sess í hjörtum landsmanna. Í ár eru auk þess fjörutíu ár síðan Óperuhúsið var opnað og hafa borgaryfirvöld lofað sérstaklega glæsilegri sýningu í ár að sögn Aldísar.



Stórglæsileg flugeldasýning í stórkostlegu umhverfi. MYND/GETTY

### Grillað úti í blíðunni

Áramót í ástralskri sumarblíðu eru eðlilega gjörólík þeim sem við eigum að venjast. Aldís segir misjafnt hvað fjölskyldan gerir yfir áramótin. „Oft förum við til fjalla en í ár verðum við í Sydney. Planið er að fara seint út að borða með góðum vinum og svo verður farið í partí þar sem útsýnið er meiri háttar. Þeir Ástralar sem eru heima hjá sér þetta kvöld grilla gjarnan, til dæmis sjávarfang, og vafalaust gerum við það líka í ár. Við erum svo heppin að búa mjög nálægt höfninni og göngum því á milli staða. Þetta gæti ekki verið mikið þægilegra fyrir okkur.“



# Gullborg

ÓDÝRIR OG GÓÐIR

# FLUGELDAR

ÍSLENSKA DÚNDRIÐ

## 34 ára reynsla

af innflutningi og sölu flugelda

Erum líka með fullt af
RISA sýningatertum þær
flottustu á markaðnum




## Gullborg

Alltaf jafn flott



Stjörnuljós




## Víti

Ein af vinsælustu
skotkökum Íslands
Fæst eingöngu á
Bíldshöfa 18




## Geysir

Flott gos

Tilboð
Frábær Tilboð á:
30cm Stjörnuljósum
Púðurkerlingum og
Kínverjabeltum

## Blys

Kraftmikil og flott



Gullborg
Bíldshöfða 18

Opnunartími
28., 29., og 30. desember kl 10-22
31. desember kl 10-16
4. & 5. janúar kl 14-18
6. janúar kl 12-18

# Hreindýrasteik með sveppum og smálauk

Þegar góða veislu gjöra skal er hreindýrasteik málið. Hrein villibráð sem smakkast ákaflega vel. Kjötið er meyrt og bragðmikið.

Villibráð er kjörin um áramótin. Hér er uppskrift að hátíðlegri máltíð.

800 g hreindýrsfilet
1 tsk. salt
nýmalaður pipar
smjör til steikingar
Meðlæti
400 g sveppir, tegund eftir smekk
12 skalottlaukar
2 msk. smjör
salt og nýmalaður pipar

**PÚRTVÍNSSÓSA**
3 skalottlaukar
1 tsk. púðursykur
2 dl púrtvín
2 l villikraftur
2 msk. smjör



*Gerið sósuna fyrst.*

*Skerið laukinn smátt og steikið hann í smjöri þar til hann byrjar að fá lit. Bætið púðursykri út í og látið laukinn karamellast. Hellið þá púrtvíninu út í pottinn og látið sjóða niður um helming án loks áður en krafturinn er settur saman við. Jafnið sósuna með maizena og bragðbætið með salti og pipar. Þeytið köldu smjöri út í sósuna rétt áður en hún er borin fram.*



Hægt er að bera allt mögulegt fram með hreindýrasteikinni. Sumir vilja hafa eitthvað sætt, ávexti eða sultu, en aðrir kjósa einfaldara meðlæti.

*Hreinsið kjötið og kryddið vel með salti og pipar. Brúnið kjötið á báðum hliðum í smjöri á heitri pönnu. Ausið bráðnu smjörinu yfir kjötið á meðan það er að brúnast.*

*Leggið því næst kjötið í eldfast form og setjið kjöthitamæli í það. Setjið í 125°C heitan ofn í um það bil 20 mínútur. Mælirinn á að sýna 70°C fyrir þá sem vilja hafa kjötið bleikt en 76°C gegnsteikt. Kjötið er betra minna steikt. Kjötið þarf að hvíla í að minnsta kosti fimm mínútur áður en það er skorið niður.*

*Hreinsið lauk og sveppi og skerið í báta. Steikt í smjöri á heitri pönnu og kryddað með salti og pipar. Sett í eldfast form og bakað í 10-15 mínútur.*

*Berið kjötið fram með sveppum, lauk, brúnuðum kartöflum, ofnbökuðum eða soðnum, waldorf-salati eða eplasalati, rauðkáli og púrtvínssósunni.*



Með þessum rétti eru skalottlaukur og perur.






## *Brot sem kæta og gleðja*

Áramótaskaupið 2013 er á næsta leiti en það er jafnan vinsælasta sjónvarpsefnið á ári hverju með yfir 90 prósent uppsafnað áhorf. Hvernig væri nú að koma sér í gírinn með því að rifja upp gömul brot úr Skaupum liðinna ára?

Á vefsíðunni merleidist.is, sem hefur að geyma brot af því besta úr íslenskri sjónvarpssögu, er að finna flipa merktan áramótaskaupinu og þar undir mörg sprenghlægileg brot, jafnt gömul sem ný. Brotin birtast handahófskennt og ótrúlegt hvað hin stóru mál liðinna ára og áratuga rifjast upp þó þau séu dregin upp með spaugilegum hætti.

Á síðunni er líka að finna brot með Hemma Gunn, Fóstbræðrum, Radíusbræðrum, Tvíhöfða, Stelpunum, 70 mínútum og fleiri íslenskum skemmtiþáttum. Þar er líka að finna íslensk jólalagamyndbönd sem ljúft er að renna í gegnum.




1 AF HVERJUM 3
FINNST Í LAGI AÐ KEYRA EFTIR
AÐ HAFA FENGIÐ SÉR EINN
ER ÞAÐ EINN AF ÞÍNUM VINUM?
BARA EINN
ER EINUM OF
MIKIÐ
VÍNBÚÐIN
Samgöngustofa
HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 12-3220
LJÓSMYND: TORFI AGNARSSON


KiMs
Bragðgott og brakandi...
KiMs
SOUR CREAM & ONION
KiMs
OSTEPOPS
KiMs
MEGA MIX KRYDRET
KiMs
KANONKUGLER
Cheddarost
KiMs
JØRGENS FAVORIT MIX
KiMs
FRANSKE KARTOFLER
KiMs
PEANUTS
RISTEDE & SALTEDE
KiMs
allskonar fyrir alla

# Íslenskur kalkúnn

## Hollur hátíðarmatur!



## Heslihnetu- og sveppafylling að hætti Reykjabúsins

- 150 g smjör
- 350 g nýir sveppir, niðursneiddir
- 200 g laukur, smátt saxaður
- 1 stilkur sellerí, smátt saxaður
- 1/2 búnt steinselja, smátt söxuð eða 2 msk þurrkuð
- 3-4 msk þurrkuð salvía
- 300 g skinka, smátt söxuð
- 100 g heslihnetur, ristaðar og sneiddar
- 150 g (u.þ.b. 3 bollar) brauðteningar
- 2 stór egg
- 2 dl rjómi
- 1/2 tsk salt
- 1 tsk ferskmalaður pipar

Bræðið smjör í stórum potti og látið sveppi og grænmeti ásamt steinselju, salvíu og skinku krauma í því í 10 mínútur eða þar til grænmetið er orðið mjúkt. Bætið þá heslihnetum og brauðteningum í pottinn og látið fyllinguna kólna lítillega. Hrærið þá eggjum og rjóma saman við og kryddið með salti og pipar. Má laga daginn áður og geyma í ísskáp þar til fylla á fuglinn.

## Verði ykkur að góðu

*Nonni og Stína*

Reykjabúinu, Mosfellsbæ.

- **Holda kalkúnn frá Reykjabúinu er hollur**
- **Hreint kjöt án allra aukaefna, fitusnautt og létt í maga**
- **Fæst í flestum matvöruverslunum**

Fleiri uppskriftir og eldunarleiðbeiningar á

**kalkunn.is**

Holda
KALKÚNN
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

ATARNA

## BÍLAR & FARARTÆKI

Abill.is



Volvo XC-90 AWD, 2004, ekinn 133. Verð 2490



Toyota Corolla 6/2006, ekinn 159 þ.km. Verð 1050.-



Toyota Yaris 7/2006, 5 dyra ,ekinn 119 þ.km. Tilboðsverð 990 stgr.

**Abíll ehf**
**Viðarhöfða 6, 110 Reykjavík**
**Sími: 5876600**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**




VANTAR ALLAR GERÐIR BÍLA Á SKRÁ OG Á STAÐINN!!, Komdu til okkar, sendu okkur mail á 100bilar@100bilar.is eða hringdu í síma 5179999, Skráðu bílinn frítt hjá okkur. Kíktu á www.100bilar.is

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.**
**www.100bilar.is**

### Bílar til sölu

Seldur.is

VILTU SELJA BÍLINN Í DAG? Sendu okkur upplýsingar í gegnum seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð!!



**DIESEL PAJERO 285ÞÚS !**
MMC Parjero diesel 2,5 árg.'96, sk. ,14 Beinsk. krókur. Tilboð 285þús. S. 891 9847.

### 500-999 þús.



**TILBOÐ 550 ÞÚS. 100% VISALÁN**
DODGE STRATUS 2,4 árg. 2003 ek.81 þús. m. sjálfskiptur, skoðaður 14 ný vetrardekk,fallegur og góður bíll, ásett verð 850 þús. TILBOÐ 550 ÞÚS. möguleiki á 100% visa/euro s.841 8955.

### Bílar óskast



**STAÐGREIÐI BÍLA 0-300 ÞÚS!**
Óska eftir að kaupa bíla á allt að 300 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en ,01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lýst vel á. Uppl. s. 691 9374.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

### Sendibílar




Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Alhliða flutninga og sendibílaþjónusta. Ódýr fyrirtækja og búslóðaflutningar. www.cargobilar.com & s. 772 1450.

### Húsbílar




### Vinnuvélar



Til sölu Case 695, 2004 árg. ekinn 2200 tíma. Nánari upplýsingar í síma 6608910.

### Hjólbarðar




**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

### Varahlutir




**FELGUR**
Nýjar og notaðar felgur í miklu úrvali. VAKA S:567 6700.

**ÓDÝRIR BÍLAVARAHLUTIR.**
Ódýrir varahlutir og dekk í ýmsa bíla s: 896 8568.

## ÞJÓNUSTA

### Pípulagnir

**VANTAR ÞIG PÍPARA?**
Getum bætt við okkur verkefnum, viðgerðir, viðhald og nýlagnir. Vönduð vinnubrögð. Tilboð/tímavinna. Uppl. í s. 869 4808 Heimslagnir ehf.

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315.

### Hreingerningar

**A-Ö PRIF&HREINLÆTI S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Gluggaþvottur. Gerum verðtilboð. www. hreingerningar.is S. 772 1450

### Bókhald




Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**MÁLARAMEISTARI**
Við tökum að okkur alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verði. Uppl. í s. 868 5171 & egillsverris@gmail.com

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald







**LEKUR ÞAKIÐ ?**
Þakpappalagnir / Pakviðgerðir. Á steypt og timbur þök. Mikil reynsla, meðmæli geta fylgt. s. 8498700.

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Viðgerðir, flotun og flísal. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 896-5778.

### Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

### Rafvirkjun




**AH-RAF**
Dyrasímakerfi, töfluskipti og öll almenn raflagnavinna. Tilboð/ tímavinna arnar@ahraf.is Arnar s: 897-9845.

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

### Trésmíði

**INNRETTINGAR.IS**
Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

### Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Ódýr blekhylki í flesta prentara, ný verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150.

## KEYPT & SELT

### Til sölu




**ÓDÝR HEIMILSTÆKI**
Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. Sala og viðgerðir. S. 845 5976.

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**
Ísskápar, þvottavélar, uppþvottavélar, þurrkara, örbylgjuofnar og fleira. S: 896 8568.

### Óskast keypt

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

### Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/ örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.



## HEILSA

### Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## HEIMILIÐ

### Dýrahald

HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS
4. september 1969
Félag allra hundeigenda

**LANGAR ÞIG Í HUND?**
Hundaræktarfélag Íslands er eina hundaræktarfélagið á Íslandi, sem er aðili að FCI, alþjóðasamtökum hundaræktarfélaga. Hundaræktarfélag Íslands stuðlar að réttri meðferð, aðbúnaði og uppeldi hunda og góðum samskiptum milli hundeigenda, yfirvalda og almennings. Leitaðu upplýsinga á vefsíðu HRFÍ, www.hrfi.is



hreinræktaðir Husky hvolpar tilbúnir a ný heimili 1 strákur og 2 stelpur ættbókafærðir frá HRFÍ allar uppl. síma 8673551.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Funahöfða 17a-19, Reykjavík
Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi
VERÐ FRÁ 45.000 á mán. Rent a room price from 45.000 kr per month
gsm 824 4535
leiga@leiguherbergi.is

Leigusali auglýstu FRÍTT
Leiga.is
Löggild leigumiðlun
Vinsælasta leigumiðlun landsins*
Sími 450-5544 *skv.modernus

Herbergi til leigu í hfj. Uppl. í síma 841-1230.

**TIL LEIGU Í MIÐBÆNUM**
4 herb. 105. fm íbúð á góðum stað við laugarveg. Laus strax. Uppl. í S. 897 1488.

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR**
Tvær glæsilegar 3 herb. íbúðir til leigu í tvíbýli í Vesturbæ Kópav. Mjög nálægt verslunarkjarna og sundlaug. Meðmæli. S.8966306

**STÚDÍÓ Á LAUGAVEGI**
Góð 25fm stúdíó á laugaveginum. Leiga 85 þús. pr.mán. Laus 1. jan. Uppl. í s. 824 6692.

**STÚDÍÓÍBÚÐ**
Nýlega 20 fm. stúdíoíbúð, Dugguvogi. Þvottavél, þurrkari og internet fylgir. Verð 69 þ. S. 824 6692 e. kl. 17.

Til leigu í Grindav. einbýlishús m/ 2föld um bílskúr, ásamt bát, sóma 800. Laus strax. Uppl. í S 897 1494.

Til leigu frá 1. jan. 3ja hergb., 120 fm íbúð við Vatnsstíg í rvk. Leigist í 6 mánuði í senn. Leiga 180 þús.pr.mán., bankaábyrgð. Uppl. í s. 660 7799.

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## ATVINNA

### Atvinna í boði

símstöðin

**KVÖLD- OG HELGARVINNA.**
Við leitum að öflugu og skemmtilegu fólki til úthringinga. Fjölbreytt verkefni, tímakaup og bónusar. Lágmarkslaun 18 ára.

Hringið í síma 7767400 og 7747400 eða sendið mail á kvoldvinna@simstodin.is

kvosin ferskt og fljótt

**VERSLUNIN KVOSIN**
leitar að framtíðarstarfsfólki á fastar vaktir. Viðkomandi þarf að hafa ríka þjónustulund, dugleg(ur) til verka, 18 ára eða eldri og með góða íslensku og ensku kunnáttu. Vinsamlegast sendið ferilskrá og upplýsingar um meðmælendur á telma@kvosin.is fyrir 1. janúar.

## TILKYNNINGAR

### Einkamál

Rauða Torgið
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlífsögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999






### skemmtanir

BOLTINN Í BEINNI

Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

**LEIKIR HELGARINNAR:**

LAUGARDAGURINN 28. DES
14:50 NORWICH - MAN. UTD.
14:50 MAN. CITY - CRYSTALPALACE

SUNNUDAGURINN 29. DES
13:20 EVERTON - SOUTHAMPTON
13:20 NEWCASTLE - ARSENAL
15:50 CHELSEA - LIVERPOOL
15:50 TOTTENHAM - STOKE




HLJÓMSVEITIN KLETTAR, RÚNAR ÞÓR, RÚNAR VILBERGS, SIGGI ÁRNA OG BJÖRGVIN GÍSLA SPILA UM HELGINA.

*Allir velkomnir*

http://www.facebook.com/cafecatalina

Snyrtilegur klæðnaður áskilin • Heimilismatur í hádeginu virka daga • Boltatilboð • Hamborgaratilboð • Veislusalur til útleigu

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

Tökum að okkur snjómokstur á höfuðborgarsvæðinu allan sólarhringinn.
LÍNUBORUN EHF
820 0070 577 5177

- Steypusögun
- Kjarnaborun
- Múrbrot
- Hellulagnir
- Jarðvegsvinna
- Öll almenn verktakavinna

BROTAFL STEINSÖGUN - BORUN - BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

XPRENT
stofnað 2010
Kynntu þér þjónustu Xprent á nýrri heimasíðu: www.xprent.is
xprent@xprent.is - s. 777 2700 - Sundaborg 1 - Fylgstu með okkur á FACEBOOK

**SPARAÐU BENSÍN!**
Metan uppfærðu bílinn þinn
Bjóðum hátækni búnað frá Bigas International srl, einum þekktasta framleiðanda á gas búnaði fyrir bifreiðar í Evrópu. Leitið tilboða í búnað og ísetningu – sparið með Metan
Lán til allt að 48 mánaða
bigas
VélRás Velras.is • Sími: 555 6670 • Álhella 4

BÍLAÞJÓNUSTA BJARKA ehf
alhliða bílaviðgerðir
Tímapantanir s: 445 4540/697 4540
viðarhöfði 2 · 110 reykjavík · sími 445 4540 / 697 4540
bilathjonustabjarka@gmail.com
http://www.facebook.com/bilathjonustabjarka

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist

**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

## Dagvinna – fjölbreytt verkefni – þjálfun – sveigjanlegur vinnutími

Vegna aukinna verkefna vantar okkur fleiri þjónustulipra sölufulltrúa í dagteymið okkar.

25 ára+ og fólk með reynslu gengur fyrir.

**Upplýsingar í s. 647 4700 og dagvinna@simstodin.is**

símstöðin

---

HEILSUBORG

## ÞJÁLFARI ÓSKAST !!

Óskum eftir þjálfara til að kenna á námskeiðum seinnipartinn. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af þjálfun og geti hafið störf sem fyrst.

**Menntunarkröfur:**
Íþróttafræðingur, íþróttakennari eða sjúkraþjálfari.

**Umsóknir sendist á oskar@heilsuborg.is fyrir 29. desember n.k.**

---

Fjallabyggð

## Forstöðumaður Bóka- og héraðsskjalasafns Fjallabyggðar

Fjallabyggð auglýsir laust til umsóknar starf forstöðumanns Bóka- og héraðsskjalasafns Fjallabyggðar.

Leitað er eftir kraftmiklum og áhugasömum einstaklingi til að leiða stofnunina. Forstöðumaður sér um flokkun og skráningar safngagna, daglegan rekstur, starfsmannamál, skipulag og umsýslu. Hann sér jafnframt um upplýsingamiðstöð ferðamála sem staðsett er í bókasafni. Starfsstöðvar bóka- og héraðsskjalasafns eru á Siglufirði og í Ólafsfirði.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Menntun í bókasafns- og upplýsingafræðum æskileg.
- Reynsla í starfi æskileg.
- Reynsla og þekking af málefnum sveitarfélaga er kostur.
- Leiðtogahæfileikar og færni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, skipulagshæfileikar og metnaður í starfi.
- Góð kunnátta í íslensku auk kunnáttu í öðru tungumáli.
- Góð tölvukunnátta.
- Bílpróf.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Nánari upplýsingar um starfið gefa,
Sigríður Halldóra Gunnarsdóttir forstöðumaður
í síma 464 9128, netfang: sigridur@fjallabyggd.is
og Ólafur Þór Ólafsson skrifstofu- og fjármálastjóri
í síma 464-9100, netfang: olafur@fjallabyggd.is

Umsóknum með upplýsingum um menntun og starfsferil skal skilað rafrænt á netfangið olafur@fjallabyggd.is
**Umsóknarfrestur er til og með 10. janúar 2014.**

Sveitarfélagið Fjallabyggð varð til við sameiningu Ólafsfjarðarbæjar og Siglufjarðarkaupstaðar árið 2006. Fjallabyggð er nyrst á Tröllaskaga. Í sveitarfélaginu, sem telur rúmlega 2.000 í búa, eru tveir þéttbýliskjarnar, bæirnir Ólafsfjörður og Siglufjörður. Báðir bæir byggja afkomu sína að mestu á sjávarútvegi, vinnslu fiskafurða og ýmiskonar þjónustu við þessar greinar iðnaðar, svo sem vélsmiði og netagerð. Í seinni tíð hefur fjölbreytnin í atvinnulífinu aukist og mikill vaxtarbroddur er í ferðaiðnaði og ýmiskonar fjarvinnslu fyrir fyrirtæki og stofnanir á höfuðborgarsvæðinu.
Mikil náttúrufegurð er í Fjallabyggð og margar góðar gönguleiðir liggja um sveitarfélagið. Í Fjallabyggð eru tveir leikskólar, grunnskóli, framhaldsskóli og tónskóli. Góð aðstaða er til íþróttaiðkunar. Í Fjallabyggð eru landsþekkt söfn og menningarlífið blómstrar. Fjallabyggð er fjölskylduvænt sveitarfélag.

---

Government of Canada / Gouvernement du Canada
Embassy of Canada / Ambassade du Canada

The Embassy of Canada in Reykjavík is looking to hire an

## International Business Development & Public Affairs Officer

For details regarding the position and the application process please visit our website at www.canada.is

---

MOSFELLSBÆR

## Dönskukennari, þroskaþjálfi / sérkennari (tímabundin ráðning) og stuðningsfulltrúar óskast við Varmárskóla haustið 2013

Varmárskóli er 50 ára gamall skóli staðsettur við Skólabraut í Mosfellsbæ. Skólinn er í tveimur byggingum og er með um 700 nemendur og 100 starfsmenn. Varmárskóli leggur upp með gildi Mosfellsbæjar sem eru virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja. Skólinn er staðsettur í náttúruparadís og lögð er áhersla á nýtingu umhverfis í námi nemenda.

### Dönskukennari – tímabundin ráðning

Um tímabundna ráðningu döskukennara er að ræða frá áramótum og fram í júní. Um er að ræða kennslu í 7.-10. bekk. Fyrir er annar dönskukennari við skólann og mikil samvinna þarf að vera á milli þessara kennara.

### Þroskaþjálfi / sérkennari við Varmárskóla - tímabundin ráðning

Laus er til umsóknar staða þroskaþjálfa eða sérkennara við Varmárskóla. Um tímabundna ráðningu er að ræða, frá áramótum og fram í júní.
Starfið felst meðal annars í vinnu með einhverfum nemendum í námsveri og bekkjum. Mikið er unnið í teymisvinnu.

**Menntunar- og hæfnikröfur:**

- BA gráða í þroskaþjálfafræðum eða kennsluréttindi
- Góð samskiptafærni
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð tölvukunnátta
- Áhugi á að vinna með börnum og unglingum

Laun samkvæmt kjarasamningi ÞÍ eða KÍ og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

### Stuðningsfulltrúar:

Leitað er eftir kröftugum stuðningsfulltrúm sem hafa reynslu og áhuga á að starfa með fjölbreyttum nemendahópi skólans. Stuðningsfulltrúanám er æskilegt. Krafist er íslenskukunnáttu og færni í tölvum. Í boði er 50% starfshlutfall og 70% starfshlutfall sem er hægt að hækka í 100% ef vinnu í frístundaseli er bætt við.
Laun eru greidd í samræmi við kjarasamning Sambands íslenskra sveitarfélaga við Starfsmannafélag Mosfellsbæjar.

Upplýsingar gefur Þórhildur Elfarsdóttir skólastjóri (thorhildur@varmarskoli.is)

Ráðið verður í störfin frá janúar 2014 til 6. júní 2014. Í framhaldi verður skoðað hvort þörf verður á áframhaldandi ráðningu.

**Umsóknarfrestur er til föstudagsins 13. janúar 2014.**

Umsóknir sem greina frá menntun, reynslu og fyrri störfum skulu sendast á netfangið thorhildur@varmarskoli.is

Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um störfin.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

---

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

## EMBÆTTI HÉRAÐSDÓMARA LAUST TIL SETNINGAR

Innanríkisráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur til setningar, vegna leyfis skipaðs dómara. Miðað er við að sett verði í embættið frá og með 17. febrúar 2014 til og með 31. desember 2014, eða hið fyrsta eftir að dómnefnd sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti hefur lokið starfi sínu. Laun eru samkvæmt ákvörðun kjararáðs.

Umsækjendur skulu fullnægja skilyrðum 2. mgr. 12. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998. Áskilið er að í umsókn komi fram upplýsingar um 1) menntun og framhaldsmenntun, 2) reynslu af dómstörfum, 3) reynslu af lögmannsstörfum, 4) reynslu af stjórnsýslustörfum, 5) reynslu af fræðistörfum, s.s. kennslu og öðrum akademískum störfum og upplýsingar um útgefnar ritrýndar greinar og bækur, fræðilega fyrirlestra o.s.frv., 6) reynslu af stjórnun, 7) reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni, s.s. vinnu í tengslum við undirbúning lagasetningar o.fl., 8) upplýsingar um almenna og sérstaka starfshæfni, 9) upplýsingar um andlegt atgervi og sjálfstæði í vinnubrögðum og 10) upplýsingar um tvo fyrrverandi/núverandi yfirmenn/samstarfsmenn sem geta veitt bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni umsækjanda og 11) aðrar upplýsingar sem varpað geti ljósi á faglega eiginleika og færni umsækjanda sem máli skipta fyrir störf héraðsdómara.

Með umsókn skal fylgja eftir því sem við á: 1) afrit af prófskírteinum, 2) afrit dóma í munnlega fluttum málum sem umsækjandi hefur samið atkvæði í síðustu 12 mánuði, 3) afrit af stefnu og greinargerð í málum sem umsækjandi hefur samið og flutt munnlega síðustu 12 mánuði, 4) afrit af úrskurðum stjórnvalda sem umsækjandi hefur samið síðustu 12 mánuði og 5) útgefin fræðirit og ljósrit af tímaritsgreinum umsækjenda. Þess er óskað að þær tímaritsgreinar sem hafa verið ritrýndar verði auðkenndar. 6) Önnur gögn sem varpa ljósi á faglega færni umsækjanda til starfa sem héraðsdómari.

Til þess að hraða afgreiðslu umsókna og bréfaskiptum, er áskilið að umsækjendur gefi upp netfang sem notað verður til að eiga samskipti við umsækjendur. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um setningu liggur fyrir.

Umsóknir skulu berast innanríkisráðuneytinu, Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík og í pósthólfið postur@irr.is, eigi síðar en 10. janúar 2014.

*Innanríkisráðuneytinu,*
*23. desember, 2013.*

---

Vissir þú að...
börn eiga rétt á að leita sér
Barnaheill Save the Children á Íslandi

*Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Þökkum viðskipti og samstarf á líðandi ári.*

*Ráðgjafar Intellecta*

intellecta

Síðumúla 5
108 Reykjavík
Sími 511 1225
www.intellecta.is



# Ertu í stuði?

Hófst þú nám í rafiðngrein,
raf- eða rafvélavirkjun, rafveituvirkjun eða rafeindavirkjun en laukst því ekki?

Ertu að starfa við þær greinar þrátt fyrir að hafa ekki lokið sveinsprófi?
Hefur þú hug á að ljúka því námi sem þú hófst?

Kynningarfundur verður á Stórhöfða 27 fimmtudaginn 2. janúar 2014 kl. 17:00.

"Ertu í stuði?" er verkefni sem ætlað er að finna leiðir til að meta þá færni sem þátttakendur hafa aflað sér í námi og starfi.
Markmiðið er að þátttakendur ljúki sveinsprófi.

**Nánari upplýsingar er hægt að fá á heimasíðu Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins www.rafnam.is - Raunfærnimat eða í síma 580 5252**

## MÓTAÐU SJÓNVARP FRAMTÍÐARINNAR



Skjárinn er leiðandi í miðlun sjónvarps á netinu og leitar að vönum forriturum. Starfið gengur út á að móta nýtt vefumhverfi Skjásins og taka þátt í framtíðarstefnu í miðlun afþreyingar á netinu.

- **Æskilegt er að hafa þekkingu á Python, Django og Linux.**
- **Góð þekking á JS, CSS og HTML er nauðsynleg.**
- **Háskólamenntun er kostur en ekki skilyrði.**
- **Áhugi og vilji til að læra nýja hluti er skilyrði.**

Nánari upplýsingar veitir Birkir Björnsson forstöðumaður upplýsingatæknideildar Skjásins í síma 897 4017.
Fullum trúnaði er heitið.

**Umsóknir sendist á birkir@skjarinn.is fyrir 14. janúar**

SKJÁREINN

**VERTU MEÐ Í FJÖRINU!**
skjarinn.is - 595 6000

**MARORKA**

Empower yourself
to save energy
and the environment



# Marorka leitar sérfræðinga!

Marorka er öflugt 50 manna tæknifyrirtæki sem þróar og framleiðir kerfi til þess að spara orku í rekstri skipa. Um er að ræða gagnasöfnunar- og orkustjórnunarkerfi sem þegar hafa verið sett upp í hundruðum skipa í Evrópu, Asíu og Mið-Austurlöndum. Marorka hyggst nú sækja enn frekar fram í vöruþróun og uppbyggingu á sölu- og þjónustuskrifstofum erlendis. Við leitum því að öflugu og framsæknu fólki til þess að vinna með okkur að þessari spennandi alþjóðlegu uppbyggingu.

**Forritara** í hóp C# forritara þar sem unnið er í krefjandi umhverfi. Sækjumst eftir 5+-ára starfsreynslu í hugbúnaðarþróun og háskólamenntun í faginu.

**Kerfisstjóra** með víðtæka reynslu og próf í m.a.: Deployment Services, Exchange Server, AD, SQL Server, netkerfum, IP símkerfum og öryggismálum.

**Véla-, orku- eða skipaverkfræðing** með góða þekkingu á helstu orkukerfum skipa og/eða straumfræði. Viðkomandi þarf að hafa að lágmarki M.Sc. gráðu.

Hjá Marorku munntu vinna að því að leysa mest aðkallandi verkefni skipaiðnaðarins – að bæta orkunýtingu og tryggja sjálfbærni umhverfis okkar.
Umsóknir sendast á careers@marorka.com með ferilskrá og þar sem tilgreint er hvaða starf sótt er um fyrir 15. janúar.

Markmið Marorku er að vera leiðandi í orkustjórnunarlausnum fyrir alþjóðlegan skipaiðnað

www.marorka.com

**www.hagvangur.is**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

# Verk- og tæknistjóri

**óskast til starfa á Volvo vörubifreiðaverkstæði Brimborgar**

VOLVO

## Stutt lýsing á starfi:

- Verk- og tæknistjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri verkstæðis, stjórnun starfsmanna og samskiptum við erlenda birgja.

## Hæfniskröfur

- Sveinspróf eða meistararéttindi í bifvélavirkjun, vélvirkjun og/eða vélstjórn
- Hafa þekkingu á búnaði og kerfum, bifreiða og tækja
- Hæfileika til að liðsinna og leiðbeina samstarfsmönnum, viðskiptavinum og þjónustuaðilum
- Gilt bílpróf skilyrði - meirapróf æskilegt
- Góða samskiptahæfileika
- Góða þjónustulund
- Heiðarleg(ur) og áreiðanleg(ur) og vönduð vinnubrögð
- Stundvís
- Geta sýnt frumkvæði í starfi og unnið sjálfstætt
- Grunnþekkingu á tölvum (PC/Windows umhverfi)
- Góða íslensku- og enskukunnáttu, rit og mál

**Umsóknarfrestur er til 15. janúar**
**Nú er tækifærið - við bíðum eftir þér**

*Skelltu þér á brimborg.is og sæktu um.*
*Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.*
*Nánari upplýsingar veitir Jóhann R. Ívarsson, í síma 515 7072.*

brimborg
Öruggur staður til að vera á



FERÐA MÁLA STOFA
ICELANDIC TOURIST BOARD

# FRAMKVÆMDASJÓÐUR FERÐAMANNASTAÐA AUGLÝSIR EFTIR UMSÓKNUM UM STYRKI

**Framkvæmdasjóður ferðamannastaða auglýsir eftir umsóknum um styrki til uppbyggingar á ferðamannastöðum árið 2014.**

**Framkvæmdasjóðurinn styrkir verkefni sem uppfylla amk. eitt af eftirfarandi skilyrðum:**

1. Verkefnið er til uppbyggingar, viðhalds og verndunar mannvirkja og náttúru á ferðamannastöðum í eigu opinberra aðila eða á náttúruverndarsvæðum.
2. Verkefnið er til framkvæmda sem varða öryggi ferðamanna og verndun náttúru á ferðamannastöðum í eigu opinberra aðila jafnt sem einkaaðila.
3. Verkefnið er til undirbúnings- og hönnunarvinnu sem er nauðsynleg vegna framkvæmda á ferðamannastöðum eða á náttúruverndarsvæðum.

**Áherslur og ábendingar til umsækjenda :**

1. Framkvæmdasjóðurinn leggur sérstaka áherslu á verkefni þar sem horft er til heildarmyndar ferðamannastaða og ferðamannaleiða.
2. Framlög eru háð því skilyrði að um sé að ræða ferðamannastaði sem eru opnir almenningi.
3. Að jafnaði getur styrkur ekki numið hærri upphæð en 50% af kostnaði.
4. Við yfirferð umsókna er tekið mið af gæðum og trúverðugleika umsókna, mikilvægi verkefnis m.t.t. markmiða Framkvæmdasjóðsins og Ferðamálaáætlunar 2011-2020, sjálfbærnisjónarmiða, nýnæmis ofl
5. Áherslur Framkvæmdasjóðsins er varða skipulag og hönnun, útlit og gæði mannvirkja og merkinga koma m.a. fram "Menningarstefnu í mannvirkjagerð", leiðbeiningarritinu „Góðir staðir" og „Handbók um merkingar á ferðamannastöðum og friðlöndum. Sjá nánar á umsóknasíðu.

**Allar umsóknir skulu innihalda:**

a. Verkefnislýsingu sem lýsir hugmyndinni með rökstuddum og skýrum hætti.
b. Kostnaðar- og verkáætlun.
c. Ef sótt er um styrk fyrir byggingu mannvirkja eða til annarra framkvæmda þá verður deiliskipulag, fullnaðarhönnun og framkvæmdaleyfi að liggja fyrir.
d. Ef sótt er um styrk til skipulags- og hönnunarvinnu eða undirbúningsrannsókna þá verður að fylgja skriflegt samþykki sveitarstjórnar og/eða skipulagsfulltrúa viðkomandi sveitarfélags.
e. Skriflegt samþykki allra landeigenda og/eða umsjónaraðila.

**Hverjir geta sótt um:**

Öllum sem hagsmuna eiga að gæta er frjálst að sækja um styrk að uppfylltum ofangreindum skilyrðum.

**Hvar ber að sækja um:**

Umsókn skal skila á vef Ferðamálastofu www.ferdamalastofa.is á sérstakri umsóknasíðu. Þar eru jafnframt leiðbeiningar um hvernig skal sækja um.

**Umsóknarfrestur:**

Umsóknarfrestur er til og með 22. janúar 2014. Umsóknir sem berast eftir það eru ekki teknar gildar.

**Námskeið fyrir umsækjendur:**

Jafnframt vekur sjóðurinn athygli umsækjenda á námskeiðum sem haldin verða til að leiðbeina umsækjendum gegnum umsóknarferlið. Námskeið verða haldin á eftirtöldum stöðum:

*Reykjavík 9. janúar kl. 13-15*
*Akureyri 10. janúar kl. 13-15*

Nánari upplýsingar og skráning á www.ferdamalastofa.is

Nánari upplýsingar veitir Björn Jóhannsson umhverfisstjóri Ferðamálastofu í síma 535-5500 eða með vefpósti. bjorn@ferdamalastofa.is.

Hönnun: PORT hönnun

Geirsgata 9 | 101 Reykjavík | Iceland | Sími/Tel +354 535 5500 | Fax +354 535 5501
Strandgata 29 | 600 Akureyri | Iceland | Sími/Tel +354 535-5510 | Fax +354 535 5501

ÓBYGGÐANEFND

# Áskorun frá óbyggðanefnd

Fjármála- og efnahagsráðherra hefur, fyrir hönd íslenska ríkisins, afhent óbyggðanefnd kröfur sínar um þjóðlendur á svokölluðu svæði 8 vestur - Mýra- og Borgarfjarðarsýsla að undanskildum fyrrum Kolbeinsstaðahreppi ásamt Langjökli. Á því landsvæði eru sveitarfélögin Borgarbyggð, Skorradalshreppur, Hvalfjarðarsveit og Akraneskaupstaður. Þjóðlendukröfur ríkisins ná til afmarkaðra hluta þessa landsvæðis, sjá nánari lýsingu og yfirlitskort á heimasíðunni obyggdanefnd.is og á skrifstofum viðkomandi sveitarfélaga og sýslumannsembætta.

Óbyggðanefnd, sem er sjálfstæður úrskurðaraðili, kallar nú eftir kröfum þeirra sem kunna að eiga öndverðra hagsmuna að gæta á þjóðlendukröfusvæði ríkisins.

**Hér með er skorað á þá er þar telja til eignarréttinda að lýsa kröfum sínum skriflega fyrir óbyggðanefnd, Hverfisgötu 4a, 101 Reykjavík, í síðasta lagi fimmtudaginn 20. mars 2014. Með kröfum þurfa að fylgja þær heimildir og gögn sem aðilar byggja rétt sinn á. Leiðbeiningar um frágang kröfulýsinga, þ.á m. korta, fást á heimasíðunni obyggdanefnd.is og á skrifstofu óbyggðanefndar.**

Hlutverk óbyggðanefndar er að 1) kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda, 2) skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur og 3) úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendu.

Í samræmi við ákvæði laga nr. 58/1998 verður yfirlýsingu um þjóðlendukröfur ríkisins þinglýst á þær fasteignir á svæðinu sem skráðar eru í þinglýsingabók og málið varðar.

***Óbyggðanefnd***

## fasteignir

# Fasteignir.is

# -Nú með Fasteigna-App

## Fáðu Fasteigna-Appið í símann þinn!

- Nýjar og skemmtilegar leiðir til að leita að fasteignum í símanum
- Allar eignir sem eru til sölu og leigu á Íslandi
- Myndir af eignum koma upp í símann þinn ásamt upplýsingum um opin hús
- Nákvæm leiðarlýsing

VISIR.IS





FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Mídasar-listanum svokallaða hjá Forbes yfir bestu sérfræðingana vestanhafs í áhættufjárfestingum [e. *venture capital*] undanfarin ár. Botha er í stjórn Instagram og Square.

*Botha hefur væntanlega skýrar hugmyndir um hvaða stefnu Plain Vanilla eigi að taka?*

„Þessir sjóðir ganga allir út á það sama, að treysta frumkvöðlinum. Það er þeirra mottó að virða sýn þeirra sem létu þetta verða að veruleika. Þeir eru þekktir fyrir að koma að sem ráðgjafar og hjálpa mjög mikið. Þegar einhver krísa kemur upp eiga þeir að vera eins og klettur sem hægt er að leita til. Að öðru leyti vilja þeir að sama fólk og hafði sýnina leiði fyrirtækið áfram. Að sjálfsögðu hafa þeir skoðanir. Þegar allt gengur vel þá leyfa þeir frumkvöðlinum að ráða ferðinni, en væntanlega ef að hlutirnir fara að ganga illa breytist það. Við höfum ekki enn þá upplifað það að þeir hafi tekið fram fyrir hendurnar á okkur. Ég vona að það gerist aldrei.“

**Hundrað þúsund nýir notendur á dag**

*Hvað þýðir það að ganga vel? Það sækja 100 þúsund nýir notendur Quiz Up daglega. Er það gott?* „Ég veit að þetta er gott. Við höfum verið mikið í fjölmiðlum vestanhafs. Við erum eitt af hraðast vaxandi samfélagsnetum sem hefur komið út. Að fá 100 þúsund notendur á dag nægir til þess að vera nálægt toppnum á App Store. Við höfum verið að skoppa í kringum efstu sætin. Stundum farið í efsta sæti, farið niður og svo aftur upp. Við höfum haldið stöðugum vexti sem fólki finnst mjög gott.“

Starfsmenn Plain Vanilla hafa fundið mjög sterkt fyrir því að eftirspurn eftir Quiz Up tekur kipp þegar leikurinn er í fjölmiðlum vestanhafs. Þá hafa skapast heilu menningarkimarnir í kringum leikinn og má þar nefna umræðuþræði á netinu og vefsíður tileinkaðar leiknum.

*Er ekki erfitt að halda sér á jörðinni þegar maður stendur frammi fyrir velgengni af þessu tagi?* „Mér finnst gott að vera ekki of lengi úti og koma heim og hitta börnin mín. Ég hef hitt börnin mín minna en ég hefði viljað, en að taka helgi með börnunum þar sem hversdagsleikinn tekur við og venjuleg vandamál sem honum fylgja hjálpar manni mikið. En það hefur verið áskorun eftir að Quiz Up kom út að halda sér niðri á jörðinni.“

## Hvernig á Quiz Up að afla sér tekna?

Fram að þessu hefur verið í lausu lofti hvernig Quiz Up eigi að afla sér tekna. Tekjuleysi tæknifyrirtækja hefur hins vegar ekki staðið í vegi fyrir því að þau séu metin á miklar fjárhæðir. Snapchat aflar t.d. engra tekna en hluthafar þess höfnuðu samt þriggja milljarða dollara yfirtökutilboði frá Facebook. Þorsteinn segir að áhugi hafi skapast hjá kvikmyndastúdíóum og vörumerkjum að kaupa sig inn í ákveðna spurningaflokka í Quiz Up. „Pælingin á bak við það er ekki að vera með beinar auglýsingar inni í leiknum. Okkar draumur er að búa til nýjar tegundir af auglýsingum sem felast í því að fá stórfyrirtæki til að búa til skemmtilega spurningaflokka sem tengjast þeirra vöru. Það væri virðisaukandi fyrir viðkomandi fyrirtæki en einnig fyrir notendur okkar. Það er engin upplifun fyrir notandann að sjá auglýsingu, en ef þetta er skemmtilegur spurningaflokkur þá munu allir vinna. Þetta erum við að skoða núna. Fyrirtæki vestanhafs hafa leitað til okkar með þessa hugmynd.“

## Spurningaleikir brúa kynslóðabil

Ein af ástæðum þess að Quiz Up er jafn vinsæll og raun ber vitni er sú staðreynd að spurningaleikir brúa kynslóðabil og njóta vinsælda í öllum aldurshópum. „Við höfum séð að margir, sem spila aldrei leiki, prófa þetta og finna sitt áhugamál. Það er lykillinn í því sem við erum að gera, þessi ótrúlegi fjöldi spurninga og spurningaflokka í Quiz Up. Það getur hver sem er fundið eitthvað sem hann hefur virkilega áhuga á. Ef þú finnur eitthvað sem þú hefur áhuga á þá finnst þér gaman að svara spurningum um það, gaman að keppa við aðra um það og það er lykillinn að okkar velgegni. Efnið sem er inni í leiknum,“ segir Þorsteinn.

## Á þemadögum er mætt í gallafatnaði eða náttfötum

Fyrirtækjamenningin hjá Plain Vanilla er einstök á íslenskan mælikvarða en sækir óbeint innblástur í tækni- og nýsköpunarfyrirtæki í Sílikondal í Kaliforníu þar sem frjálslyndi ræður ríkjum. Plain Vanilla hefur haft sérstaka þemadaga þar sem starfsmenn mæta í galla-alklæðnaði (e. „denim on denim“) og þá hafa starfsmenn mætt í náttfötum í vinnuna og borðað saman morgunkorn. „Fyrirtækjamenningu má aldrei þvinga upp á starfsmenn. Þessir þemadagar eru ekki eitthvað sem kemur frá mér sérstaklega heldur er þetta eitthvað sem verður bara til af því að við erum að fíflast yfir daginn og einhver segir: Það væri gaman næsta föstudag ef við gerum þetta. Þetta er sjálfsprottið sem er mikilvægt. Lykillinn er að gefa starfsfólki frelsi. Það er ekki mikill þríhyrningur í stjórnun fyrirtækisins heldur er þetta á jafningjagrundvelli,“ segir Þorsteinn.

## Í dómnefnd Markaðarins

Árni Hauksson fjárfestir • Eggert Þór Aðalsteinsson, sérfræðingur hjá Virðingu • Hafliði Helgason, sérfræðingur hjá Framtakssjóði Íslands • Hallbjörn Karlsson fjárfestir • Hákon Gunnarsson, stofnandi og framkvæmdastjóri Gekon • Gestur G. Gestsson, forstjóri Advania • Gísli Hauksson, forstjóri Gamma • Haraldur Guðmundsson, blaðamaður á Fréttablaðinu • Hjálmar Gíslason, stofnandi og framkvæmdastjóri Datamarket • Hulda Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri Félags kvenna í atvinnurekstri • Jafet S. Ólafsson fjárfestir • Kolbrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Kjölfestu • Margrét Kristmannsdóttir, framkvæmdastjóri Pfaff og formaður Samtaka verslunar og þjónustu • Óli Kristján Ármannsson, blaðamaður á Fréttablaðinu og umsjónarmaður Markaðarins • Páll Harðarson, forstjóri Nasdaq OMX Iceland • Svana Helen Björnsdóttir, forstjóri Stika og formaður Samtaka iðnaðarins • Thor Thors, framkvæmdastjóri Keldunnar • Vilhjálmur Bjarnason, framkvæmdastjóri Samtaka fjárfesta og dósent við HÍ • Þóranna Jónsdóttir, forseti viðskiptadeildar HR.

**2. SÆTI OG 3. SÆTI**

# Stefán Hrafnkelsson og Björgólfur Jóhannsson

Stefán Hrafnkelsson, stofnandi og framkvæmdastjóri Betware, hlaut næstflest atkvæði í kjöri dómnefndar Markaðarins á viðskiptamanni ársins. Í rökstuðningi nefndarmanna er bent á að Stefán sé frumkvöðull sem náð hafi að byggja upp hátæknifyrirtæki með höfuðstöðvar á Íslandi og útibú á nokkrum stöðum erlendis. Þá komi nær allar tekjur fyrirtækisins frá erlendum viðskiptavinum. „Mikil fagmennska einkennir rekstur Betware og er fyrirtækið með faggilda vottun samkvæmt alþjóðlegum öryggisstöðlum. Salan á fyrirtækinu fyrir tvo til þrjá milljarða króna sýnir að það er eftirspurn eftir íslensku hugviti.“ Stefán er sagður hafa alið upp sterkan hóp ungra stjórnenda og búið til sterkan og frjóan fyrirtækjakúltúr í Betware.

Í þriðja sæti í kjörinu var svo viðskiptamaður ársins frá því í Markaðnum í fyrra, Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group. „Bubbi heldur áfram að draga ferðamenn til landsins eins og enginn sé morgundagurinn,“ segir einn dómnefndarmaður og bendir á að um leið sé ferðaþjónustan að verða mikilvægari en sjávarútvegurinn.

Þá er bent á að félagið hafi notið mikillar velgengni á árinu og að uppbygging þess hafi verið markviss. Þá hafi hlutabréf félagsins í Kauphöll Íslands hækkað um rúm hundrað prósent á einu ári. „Björgólfur er ótrúlega jafnvígur á fjármál og fólk og gríðarlega fljótur að greina hismið frá kjarnanum.“



**AÐRIR NEFNDIR**

### Brynjólfur Bjarnason
***framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands***

„Sjóðurinn hefur gríðarlegt bolmagn og hefur raunar gengið mjög vel að ávaxta fé eigenda sinni í krafti stærðar og þess viðsnúnings sem nauðsynlegur var hjá mörgum af stærstu fyrirtækjum landsins. Þetta eru allt saman viðskipti af „gamla skólanum“, en fáir sem hafa sambærileg ítök og reynslu eins og Brynjólfur til að stunda slík viðskipti á Íslandi á árangursríkan hátt.“

### Sigrún Ragna Ólafsdóttir
***forstjóri VÍS***

„Fyrsta konan eftir hrun til að stýra félagi sem skráð er í Kauphöll Íslands. Hún hefur verið ábyrgur og farsæll stjórnandi.“

### Jón Stephenson von Tetzchner
***fjárfestir***

„Jón veðjar stórt á Íslandi þessi misserin og það er gaman að því. Reynsla hans, þekking og tengsl laða „smart money“ að í íslenskum sprota- og nýsköpunarheimi, en þar hefur raunar verið allnokkur þurrð á peningum – hvort heldur sem þeir eru gáfaðir eða heimskir. Hann hefur líka látið til sín taka á fasteignamarkaði og víðar og virðist fullviss um að íslenska efnahagskerfið muni rétta úr kútnum.“

### Ásdís Halla Bragadóttir
***forstjóri Sinnum***

„Við þurfum að beina athyglinni að nýrri hugsun í heilbrigðiskerfinu og nýjum leiðum. Ásdís Halla og hennar samstarfsfólk hefur verið óhrætt að taka frumkvæðið í stað þess að bíða eftir því að stjórnmálamenn leiði nauðsynlegar breytingar – sem þeir munu seint gera.“

### Liv Bergþórsdóttir
***forstjóri Nova***

„Glæsilegur árangur í markaðssetningu Nova. Félagið nýtur vaxandi markaðshlutdeildar á hörðum samkeppnismarkaði um leið og góðum rekstrarárangri er skilað.“

### Eggert Benedikt Guðmundsson
***forstjóri N1***

„Hann kom úr fiskinum, hefur endurskipulagt félagið, selt frá því einingar og nú síðast skráð það á markað með velheppnuðu hlutafjárútboði.“

### Kristján Loftsson
***forstjóri Hvals***

„Kristján er orðinn einn valdamesti maður viðskiptalífsins eftir kaup hans á hlutabréfum erfingja Árna Vilhjálmssonar í Fiskveiðahlutafélaginu Venusi. Hann heldur nú um alla þræði í HB Granda og fær að veiða hvali óáreittur. Auk þess hafa Kristján og Arion banki sammælst um að skrá HB Granda á aðalmarkaðinn á næsta ári sem mun auka verðmæti útgerðarrisans til muna.“

### Skúli Mogensen
***forstjóri WOW Air***

„Skúli virðist staðráðinn í að afsanna kenningu Richards Branson um að leiðin til að verða milljónamæringur sé að verða fyrst milljarðamæringur og stofna svo flugfélag. Fáir höfðu trú á WOW þegar Skúli lagði af stað í þennan leiðangur.“

### Valur Ragnarsson
***forstjóri Medis***

„Oft á tíðum er horft fram hjá dótturfélögum Actavis í vali af þessu tagi en Medis hefur náð eftirtektarverðum árangri fyrir Actavis-samstæðuna. Valur leikur lykilhlutverk í tekjumyndun á samheitasviði Actavis.

### Jón Sigurðsson
***forstjóri Össurar***

„Jón hefur tekist á við krefjandi markaðsaðstæður og mætt þeim með kostnaðaraðhaldi sem farið er að skila sér í betri afkomu sem styrkir félagið til langframa og getu þess til að takast á við vöxt þegar markaðir taka við sér.“

# Mannabreytingar á árinu 2013

**Mörg af stærstu samtökum og fyrirtækjum landsins skiptu um stjórnendur á árinu. Þar á meðal má nefna nýja stjórnendur hjá fernum af stærstu heildarsamtökum landsins. Markaðurinn tók saman helstu mannabreytingar á árinu sem nú er að líða.**




## ÞORSTEINN VÍGLUNDSSON SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



MARS
Þorsteinn Víglundsson tók í mars við starfi framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins (SA) af Vilhjálmi Egilssyni. Hann starfaði áður sem framkvæmdastjóri Samtaka álframleiðenda á Íslandi (Samál) og þar á undan hjá BM Vallá og Kaupþingi.



**BJARKI A. BRYNJARSSON, MARORKA**
JANÚAR
Bjarki A. Brynjarsson verkfræðingur tók við forstjórastarfi hjá Marorku í janúar. Hann tók við keflinu af Jóni Ágústi Þorsteinssyni, stofnanda fyrirtækisins.



**FROSTI ÓLAFSSON VIÐSKIPTARÁÐ**
MAÍ
Viðskiptaráð gekk í lok maí frá ráðningu Frosta Ólafssonar hagfræðings í starf framkvæmdastjóra félagsins. Frosti hóf störf í byrjun júnímánaðar og hafði þá starfað í tvö ár hjá Kaupmannahafnarskrifstofu alþjóðlega ráðgjafarfyrirtækisins McKinsey & Company.



**FINNUR ODDSSON, NÝHERJI**
ÁGÚST
Finnur Oddsson var ráðinn forstjóri Nýherja í ágúst. Hann hafði áður gegnt starfi aðstoðarforstjóra og framkvæmdastjóra Viðskiptaráðs. Finnur sagði í samtali við Markaðinn að hann gæti ekki hugsað sér skemmtilegra verkefni til að takast á við.



**PÉTUR BLÖNDAL, SAMÁL**
ÁGÚST
Pétur Blöndal var í júlí ráðinn framkvæmdastjóri Samtaka álframleiðenda á Íslandi (Samál). Hann hóf störf í ágúst og tók þá við af Þorsteini Víglundssyni sem fór yfir til Samtaka atvinnulífsins. Pétur hafði meðal annars gegnt starfi ritstjórnarfulltrúa á Morgunblaðinu frá 2006 og stýrt menningardeild blaðsins.



**ÁRNI STEFÁNSSON, HÚSASMIÐJAN**
JÚNÍ
Árni Stefánsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri vöru- og rekstrarsviðs N1 og Bílanausts, var í júní ráðinn forstjóri Húsasmiðjunnar. Hann tók við af Sigurði Arnari Sigurðssyni sem hafði verið forstjóri fyrirtækisins í þrjú ár.



**VILHJÁLMUR EGILSSON, HÁSKÓLINN Á BIFRÖST**
JÚLÍ
Háskólinn á Bifröst tilkynnti í mars um ráðningu Vilhjálms Egilssonar í stöðu rektors skólans. Vilhjálmur hafði verið framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins frá árinu 2006.

## KOLBEINN ÁRNASON LANDSSAMBAND ÍSLENSKRA ÚTVEGSMANNA



ÁGÚST
Landssamband íslenskra útvegsmanna (LÍÚ) auglýsti eftir nýjum framkvæmdastjóra í maí. Kolbeinn Árnason lögmaður var á endanum ráðinn úr hópi 38 umsækjenda og hóf hann störf í ágúst. Hann var áður framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Skilanefndar Kaupþings banka hf. og skrifstofustjóri alþjóðaskrifstofu sjávarútvegsráðuneytisins.



**HELGA ÁRNADÓTTIR SAMTÖK FERÐAÞJÓNUSTUNNAR**
SEPTEMBER
Helga Árnadóttir var ráðin framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) í september. Hún tók við starfinu 1. desember af Ernu Hauksdóttur, sem hafði gegnt því frá stofnun samtakanna árið 1998. Helga hafði starfað hjá VR frá árinu 2008 og síðustu þrjú árin sem framkvæmdastjóri félagsins.



**HRUND RUDOLFSDÓTTIR, VERITAS**
SEPTEMBER
Hreggviður Jónsson steig úr forstjórastóli Veritas í september og Hrund Rudolfsdóttir tók við um miðjan október. Hrund hafði setið í stjórn samstæðunnar frá árinu 2009.

## PÁLL MATTHÍASSON LANDSPÍTALINN



SEPTEMBER
Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra skipaði Pál Matthíasson geðlækni forstjóra Landspítalans í lok september í stað Björns Zoëga, sem hafði áður sagt upp störfum. Páll hafði þá starfað sem framkvæmdastjóri geðsviðs Landspítalans í fjögur ár og setið í framkvæmdastjórn spítalans.



**STEFÁN SVEINBJÖRNSSON, VERZLUNARMANNAFÉLAG REYKJAVÍKUR (VR)**
SEPTEMBER
Stefán Sveinbjörnsson var í september valinn úr hópi 65 umsækjenda í starf framkvæmdastjóra VR. Hann starfaði áður sem framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Háskólans á Bifröst.



**PETREA INGILEIF GUÐMUNDSDÓTTIR TAL**
SEPTEMBER
Í september barst fréttatilkynning frá fjarskiptafyrirtækinu Tal um að Petrea Ingileif Guðmundsdóttir hefði verið ráðin framkvæmdastjóri fyrirtækisins. Hún tók við starfinu af Viktori Ólafssyni sem sagði upp störfum í júní.



**ÓLAFUR PÁLL GUNNARSSON ÍSLENSKI LÍFEYRISSJÓÐURINN**
OKTÓBER
Lögfræðingurinn Ólafur Páll Gunnarsson var í október ráðinn framkvæmdastjóri Íslenska lífeyrissjóðsins. Hann hafði þá starfað hjá Landsbankanum frá árinu 2008.



**HALLDÓR ÁRMANNSSON, LANDSSAMBAND SMÁBÁTAEIGENDA**
OKTÓBER
Halldór Ármannsson var kjörinn formaður Landssambands smábátaeigenda á aðalfundi félagsins á Grand Hóteli Reykjavík þann 18. október. Halldór er fyrrverandi varaformaður sambandsins og skipstjóri.



**ORRI HAUKSSON SKIPTI**
OKTÓBER
Orri Hauksson settist í forstjórastól fjarskipta- og upplýsingafyrirtækisins Skipta í október eftir þriggja ára starf sem framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins. Hann tók við starfinu af Steini Loga Björnssyni.



**GUÐRÚN Ó. BLÖNDAL VERÐBRÉFASKRÁNING ÍSLANDS**
NÓVEMBER
Guðrún Ó. Blöndal var ráðin framkvæmdastjóri Verðbréfaskráningar Íslands í nóvember. Hún gegndi áður stöðu framkvæmdastjóra Arion verðbréfavörslu (síðar Verdis) allt frá stofnun árið 2002 til 2012.



**BJÖRN ZOËGA, NEXTCODE**
NÓVEMBER
Björn Zoëga tók við af Hannesi Smárasyni sem forstjóri Nextcode á Íslandi, sem er systurfyrirtæki Íslenskrar erfðagreiningar.



**REGÍNA BJARNADÓTTIR, ARION BANKI**
NÓVEMBER
Regína Bjarnadóttir tók við starfi forstöðumanns greiningardeildar Arion Banka í nóvember. Hún starfaði áður sem hagfræðingur á hagfræðisviði Seðlabankans.

## KRISTRÚN HEIMISDÓTTIR SAMTÖK IÐNAÐARINS



NÓVEMBER
Samtök iðnaðarins (SI) tilkynntu í síðustu viku nóvembermánaðar að Kristrún Heimisdóttir, lögfræðingur og lektor við Háskólann á Akureyri, væri nýr framkvæmdastjóri samtakanna. Alls voru 45 umsækjendur um starfið. Kristrún hafði áður starfað sem lögfræðingur samtakanna í nærri fimm ár (2001-2006), sem aðstoðarmaður utanríkisráðherra (2007-2009) og á LEX lögmannsstofu.



**ELVAR STEINN ÞORKELSSON, NÝHERJI**
NÓVEMBER
Elvar Steinn Þorkelsson hóf störf sem framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Nýherja í nóvember. Hann var einn af stofnendum Teymis, setti Microsoft á Íslandi á laggirnar, starfaði hjá Microsoft í Rússlandi og í Austur-Evrópu og síðast sem ráðgjafi hjá Capacent.



**ÁRNI ODDUR ÞÓRÐARSON, MAREL**
NÓVEMBER
Stjórn Marels réð Árna Odd Þórðarson, stjórnarformann Eyris Invest, í starf forstjóra fyrirtækisins í byrjun nóvember. Árni tók við af Theo Hoen sem hafði starfað sem forstjóri frá 2009.

# ÁRAMÓTATILBOÐ

## 40.000 KRÓNA ÁRAMÓTAAFSLÁTTUR MILLI JÓLA OG NÝÁRS !

TOSHIBA



-40.000

**119.990**

FULLT VERÐ 159.990

TOS-U840T105



-40.000

**129.990**

FULLT VERÐ 169.990

TOS-LX83012Z

### 14" INTEL i3 MEÐ SSD

Stílhrein og glæsileg 14" Toshiba fartölva með SSD diski sem gerir hana ofurspræka í allri vinnslu. Intel i3 örgjörvi og Intel HD4000 skjákort. Létt og meðfærileg með langri rafhlöðuendingu.

### 23" SKJÁTÖLVA

Heimilistölva með stórum 23" kristaltærum snertiskjá í háskerpu. Intel i3 örgjörvi og stór 750GB harður diskur. HDMI inntak sem býður upp á skemmtilega tengimöguleika. Skemmtilegt að spila vinsæla spjaldtölvuleiki á 23" snertiskjá. Fyrirferðalítil og tekur lítið pláss á borði þar sem skjárinn og tölvan eru sambyggð.

### OFURTILBOÐ Á 3TB FLAKKARA



-7.000

INTENSO

Traustur og nettur Intenso flakkari USB 3.0 flakkari. Aðeins kr. 5.996 pr. TB !

**17.990**

FULLT VERÐ 24.990

INT-MEMORYCENTER3TB

### 8" QUAD CORE MEÐ IPS



-10.000

ARCHOS

Fjögurra kjarna Archos Platinum spjaldtölva með Mali 400 grafíkkjarna. Android 4.2 Jelly Bean.

**29.990**

FULLT VERÐ 39.990

ARO-502427

### VERTEX 450 128GB SSD DISKUR



-5.000

OCZ Technology

Ótrúlegur hraðamunur með SSD. Acronis True Image afritunarhugbúnaður fylgir.

**17.990**

FULLT VERÐ 22.990

OCZ-VTX45025SAT3128G

Birt með fyrirvara um innsláttarvillur og myndabrengl.

PROMENNT

### ÓKEYPIS WINDOWS 8.1 NÁMSKEIÐ FYLGIR ÖLLUM TÖLVUM !

Allir sem versla fartölvu hjá Tölvulistanum fá í kaupbæti ávísun á fræðandi og skemmtilegt Windows 8.1 námskeið sem haldið er í samstarfi við Promennt sem sérhæfa sig í fjölbreyttu tölvunámi. Á þessu vinsæla námskeiði fara Microsoft sérfræðingar Promennt yfir nýtt viðmót Windows 8.1 og hvernig best er að fullnýta möguleika þess. Gagnlegt og fræðandi námskeið sem viðskiptavinir hafa verið mjög ánægðir með.

tl.is

TÖLVU LISTINN




| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

# 2013 markar upphaf endurreisnar skuldabréfamarkaðar

***Forstjóri Kauphallarinnar segir útlit fyrir áframhaldandi skráningar og aukið líf á verðbréfamarkaði. Árið markist af áframhaldandi viðreisn á hlutabréfamarkaði og marki upphaf endurreisnar á skuldabréfamarkaði. Kauphöllin sé nauðsynleg og komin til að vera. Ríkið hefur sparað milljarðatugi með útgáfu ríkisskuldabréfa.***

**VERÐBRÉFAVIÐSKIPTI**

Óli Kristján Ármannsson | olikr@frettabladid.is

Óhætt er að segja að á árinu 2013 hafi haldið áfram viðreisn á hlutabréfamarkaði. Árið fylgir 2012 nokkuð vel eftir með þremur skráningum og góðu gengi á markaðnum," segir Páll Harðarson, forstjóri Nasdaq OMX Iceland, Kauphallar Íslands.

„En að sumu leyti eru merkin um endurreisnina ekki síður skýr á skuldabréfamarkaði. Þar má segja að árið marki upphaf endurreisnar." Páll bendir á að útgáfa fyrirtækjaskuldabréfa á þessu ári sé meira en tvöföld uppsöfnuð útgáfa áranna þriggja þar á undan. „Við erum sennilega með um 90 milljarða sem komið hafa inn á markaðinn í fyrirtækjaskuldabréfum. Árin þrjú á undan 2010 til 2012 er upphæðin samtals innan við 40 milljarðar."

Páll segir útgáfur sem að einu eða öðru leyti séu tryggðar með fasteignum hafa verið leiðandi, en merki séu um aðrar útgáfur líka. „Við lítum á þennan markað sem ákveðinn valkost við bankafjármögnun, auk þess sem hann veitir mikilvægt aðhald í fjármögnun fyrirtækja."

**Höfum ekkert val**

Eftir hrun gjaldeyrisins og fjármálakerfisins fyrir rúmum fimm árum voru uppi vangaveltur um hvort hér gæti yfir höfuð starfað hlutabréfamarkaður og þeir voru til sem töldu að aðrar kauphallir á Norðurlöndum gætu tekið starfsemina yfir. Endurreisnin sem átt hefur sér stað og á sér enn stað kann þó að hafa kveðið slíkar raddir í kútinn.

„Ég held raunar að við höfum ekkert val," segir Páll. „Ef þessi vettvangur væri ekki fyrir hendi þá væru fjármögnunarmöguleikar íslenskra fyrirtækja skertir. Það held ég hugnist ekki neinum."

Aukinheldur segir Páll ekki mega gleymast að markaðurinn hafi þjónað ríkinu alveg gríðarlega vel síðustu ár. „Að mínu viti er markaður með íslensk ríkisskuldabréf á heimsmælikvarða varðandi gegnsæi og hvernig viðskiptin eru framkvæmd," segir hann. Þetta skili sér í lægri ávöxtunarkröfu fyrir ríkið. „Ef maður bara hugar að þeim fjárhæðum sem eru útistandandi í gegnum árin hefur þetta án efa sparað ríkissjóði verulega fjármuni. Líkast til er ekki óvarlega reiknað að þar sé um að ræða milljarðatugi," segir Páll.

**Áhersla lögð á fræðslu**

Meðal annarra merkja á markaði sem gefa tilefni til bjartsýni og eru frábrugðin síðustu árum segir Páll til dæmis vera aukna þátttöku almennings. „Við sáum merki um þetta á síðasta ári en sjáum það enn frekar á þessu ári, sérstaklega í útboðunum."

Kauphöllin hefur enda á árinu lagt aukna áherslu á fræðslustarf, bæði til almennings og fjárfesta. Haldin hafa verið námskeið og segir Páll gott samstarf hafa verið við fjölda stofnana og fyrirtækja.

Í haust var svo haldinn Kauphallardagur í Háskólanum í Reykjavík þar sem boðið var upp á tólf örnámskeið sem Kauphöllin, bankarnir, HR og Klak Innovit önnuðust. Í þeim var fjallað um markaðinn frá öllum mögulegum hliðum. „Á þetta höfum við lagt mjög mikla áherslu því við höfum átt von á því að fólk kæmi í auknum mæli inn á markaðinn og viljum leggja okkar af mörkum til þess að fólk komi inn á réttum forsendum."

Páll segir Kauphöllina hafa talað fyrir því að fólk fari sér að engu óðslega þegar fyrstu skrefin eru tekin í verðbréfaviðskiptum. Þar segir hann nýja kauphallarsjóði líka geta hjálpað. „Við fengum tvo inn á markaðinn á þessu ári, einn hlutabréfasjóð og annan skuldabréfasjóð og ég á von á því að við fáum fleiri inn á næsta ári." Þarna sé almennum fjárfestum gefinn kostur á að koma inn í sjóð sem hægt sé að versla með á markaði eins og um hlutabréf væri að ræða. Hægt sé að dreifa áhættu um leið og versla að sé með sjóðinn á markaði. „Hann hefur því kosti umfram aðra sjóði sem líka fela í sér áhættudreifingu." Breytingin eigi sérstaklega við á skuldabréfamarkaði þar sem bein þátttaka almennings hafi verið lítil.

„Þótt almenningur sé ekki beinn viðskiptavinur og enn sem komið er ekki stór hluti af markaðnum, þá er aðkoma almennings samt sem áður að vissu leyti hjartað í markaðnum. Lífeyrissjóðirnir eiga auðvitað mjög stóran hluta af markaðnum og þar með almenningur. Og þó ekki væri nema bara út af því þá finnst okkur það nauðsynlegt, bara til þess að fólk geti veitt ákveðið aðhald," segir Páll og kveðst mjög ánægður með hvernig tekist hafi til í fræðslustarfi. „Til dæmis er alveg klárt að Kauphallardagurinn er kominn til að vera."

**Nýskráningar halda áfram**

Næsta ár og þarnæsta á hlutabréfamarkaði segist Páll giska á að verði ekki síðri en þetta hvað varðar nýskráningar í Kauphöllina. „En auðvitað er svolítið erfitt að tímasetja þessa hluti nákvæmlega," bætir hann við.

Komið hefur fram að Sjóvá vinnur að skráningu og eins eru Reitir með skráningu í sigtinu. Þá ætlar HB Grandi að færa sig yfir á aðalmarkaðinn af First North-hlutabréfamarkaðnum. „Það held ég líka að sé mikil lyftistöng fyrir markaðinn," segir Páll og vonast til þess að þar með sé tekið fyrsta skrefið að almennari þátttöku í hluthafahópi sjávarútvegsfyrirtækja.

„Síðan eykst óvissan eftir því sem lengra er horft fram á veginn," segir Páll og bendir á að eftir eigi að koma í ljós hvaða leið verði farin með Landsbankann. „Íslandsbanki hefur lýst því yfir að bankinn sé að skoða möguleikann á tvískráningu. Og svo eru félög sem hafa viðrað mögulega skráningu, svo sem Skipti, Advania, Promens og jafnvel MP banki. En hvað af því gæti orðið á næsta ári er svolítið erfitt að segja. Og svo eru náttúrulega aðilar sem hafa komið að máli við okkur og eru að huga að skráningu annaðhvort á þessu ári eða næsta. Ég á von á því að ef við horfum á 2014 og 2015 saman verði þetta lífleg ár, en erfiðara að giska á hvort verður sterkara. En öll teikn eru um að þau geti orðið býsna góð."



**PÁLL HARÐARSON** Forstjóri Kauphallarinnar sér heilbrigðismerki í verðmyndun félaga á markaði. Markaðurinn bregðist við slæmum uppgjörsfregnum með lækkun hlutabréfa og öfugt þegar uppgjör hafa verið góð. Félög sem koma inn á markaðinn taki líka hlutverk sitt mjög alvarlega. „Ég held við getum verið mjög sátt við hlutabréfamarkaðinn," segir hann. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## SKAÐSEMI HAFTA VELDUR ÞUNGUM ÁHYGGJUM




**PÁLL HARÐARSON** Skaði gjaldeyrishaftanna er dulinn þar sem tækifæri ónýtast og ævintýri ná ekki að verða til. Hefðu höft verið á fyrir tuttugu árum er til dæmis óvíst að Marel hefði orðið til. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Komið er að þeim tímapunkti að áframhaldandi gjaldeyrishöft hindra, að mati Páls Harðarsonar forstjóra Kauphallarinnar, ákveðna uppbyggingu á markaði. Hann segir „deginum ljósara" að markaðurinn nýtist ekki félögum sem hug hafi á að sækja sér fjármagn til fjárfestinga utan landsteinanna. „Undanfarið eitt og hálft ár höfum við þegar nokkur dæmi um að fulltrúar fyrirtækja hafi komið og rætt við okkur um mögulegar skráningar en ekki séð sér fært að taka málið lengra. Þetta hafa verið glæsileg félög sem hafa í hyggju að vaxa erlendis en hafa ekki séð fram á að geta nýtt fjármagn, sem þau vissulega gætu sótt sér hér. Að mínu viti er þetta býsna alvarlegt," segir Páll.

Jafnvel þó svo að félög séu með bróðurpart starfsemi sinnar í útlöndum segir hann ávinning af starfsemi þeirra geta verið lúmskt mikinn fyrir íslenskt þjóðarbú. Nægi þar að horfa til þátta á borð við þekkingu sem til verði innan þeirra. Dæmin séu til staðar, svo sem Actavis, Össur og Marel. „Þeim hefur gengið mjög vel og eru með mikla starfsemi annars staðar, en starfsemin hér er engu að síður gríðarlega mikilvæg."

Páll segir að velta megi fyrir sér hvað hefði gerst fyrir 20 árum þegar Marel var að koma inn á markaðinn, ef við lýði hefði verið sama umhverfi og nú. „Félagið hefði gengið á fund Seðlabankans og sagst hafa hug á að vaxa eitthvað hér en ætlunin væri líka að vaxa mikið erlendis. Í núverandi umhverfi er ljóst að þeim hefði verið settur stóllinn fyrir dyrnar því á þeim tíma hefði ekki verið litið á þau sem þjóðhagslega mikilvæg. Félaginu hefði verið sagt: „Nei, þú færð engar undanþágur," og við orðið af öllum þessum ævintýrum." Páll segist hræddur um að afleiðingar þeirrar stefnu sem nú sé rekin eigi eftir að lifa með landinu til mjög langs tíma. „Þær eru hins vegar ekki augljósar núna og þess vegna er takmörkuð pressa á að greiða fyrir fyrirtækjum af þessum toga. Þarna sjáum við fram á nokkuð sem gæti lýst sér í varanlegum skaða fyrir þjóðarbúið." Fyrirtæki segir hann eðlilega bregðast við með því að flytja allt sem þau geti til útlanda. „Og við sjáum þegar merki um það."

Ljóst er, að mati Páls, að verðbréfamarkaðurinn verði fyrir skelli vegna áframhaldandi gjaldeyrishafta, sem sé slæmt fyrir viðskiptalífið, enda skerðist með þessu fjármögnunarmöguleikar hér á landi. „En þetta er líka gríðarlega slæmt fyrir allt efnahagslífið, alveg óháð verðbréfamarkaðnum og ég hef miklar áhyggjur af þessu. Við erum komin að tímapunkti þar sem við verðum að segja að þetta gangi ekki lengur. Pólitíska forystu þarf um að breyta þessu og gera það mjög snarlega."




# GULLFALLEG HÖNNUN
## FRÁBÆR HLJÓMBURÐUR



**YAMAHA** RESTIO

Restio frá Yamaha hefur farið sigurför um heiminn enda er hér á ferð stílhrein og glæsileg hljóðlausn inn í hvaða rými sem er. Hægt er að fá Yamaha Restio í fjórum litum og er með innbyggðum geislaspilara, USB afspilun, FM útvarpi og iPod/iPhone vöggu.

**VERÐ ▶ 129.990**

EINNIG FÁANLEGT MEÐ Bluetooth á 149.990 Bluetooth®

**Sjónvarpsmiðstöðin** YAMAHA

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

Netfang ritstjorn@markadurinn.is Sími 512 5000 Fax 512 5301
Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is

› klinkið
Kolbeinn Árnason, lögfræðingur og framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna (LÍÚ). vísir

## Hin hliðin

ÞÓRDÍS LÓA ÞÓRHALLSDÓTTIR

# 70 prósent minni hæfileikar?

Vorið 2009 stóð Félag kvenna í atvinnulífinu (FKA) að því ásamt Viðskiptaráði, Samtökum atvinnulífsins og CreditInfo að skrifa undir samstarfssamning til fjögurra ára um að nauðsynlegt væri að auka hlut kvenna í stjórnun íslensks atvinnulífs enda yrði íslenska þjóðin að nýta mannauð sinn til fulls.

### Margir lögðu hönd á plóg

Á þessum fjórum árum átti að hvetja til þess og leggja á það ríka áherslu að konum í íslensku viðskiptalífi yrði fjölgað þannig að hlutfall hvors kyns væri ekki undir 40 prósentum í lok árs 2013. Nú eru þessi fjögur ár liðin og allir þessir aðilar stóðu saman að umræðu, greinaskrifum og ráðstefnum um málefnið. Margt hefur breyst á þessum árum og margir lögðu hönd á plóg, en það sem breyttist ekki var hlutfall kvenna í stjórnun íslensks atvinnulífs.

### Misjafnar skoðanir

Vorið 2010 voru samþykkt á þingi lög sem gera meðal annars ráð fyrir því að í stjórnum opinberra hlutafélaga og einkahlutafélaga með fleiri en þrjá stjórnarmenn skuli hlutfall hvors kyns í stjórninni vera að minnsta kosti 40 prósent í lok árs 2013. Mjög misjafnar skoðanir hafa verið um lagasetningu á kynjakvóta en segja verður að ekki breyttist mikið þessi fjögur ár annað en að málefnið komst á dagskrá.

### Gamlar goðsagnir eiga ekki lengur við

Kynjakvótinn virðist vera sá þrýstingur sem nauðsynlegur er til að koma þessari samfélagslegu breytingu á skrið. Nú stöndum við á tímamótum, nýju lögin hafa tekið gildi og nýir tímar eru fram undan. Ekki verður sagt að konur hafi neitt minni hæfileika og klárlega hafa þær ekki 70 prósent minni hæfileika en karlmenn í viðskiptum eins og tölfræðin hefur verið í stjórnun íslensks atvinnulífs. Ljóst er að þær hafa bæði menntun og reynslu til að bera. Gamlar goðsagnir um hæfileika eiga því ekki lengur við.

### Fjölmiðlar spegill samfélagsins

Á þessum tímamótum hefur FKA ákveðið að leiða nýtt fjögurra ára verkefni sem snýr að ásýnd kvenna í fjölmiðlum. Staðan er 30/70 í ljósvakamiðlum samkvæmt tölum sem CreditInfo tók saman fyrir FKA. Þann 5. nóvember síðastliðinn hófst verkefnið formlega og mun það verða unnið í samstarfi við fjölmiðla, CreditInfo og háskólasamfélagið. Áhrif og ábyrgð fjölmiðla eru mikil og verða þeir að endurspegla lífið í landinu og samfélagið í heild. Til að svo verði þarf átak, áhuga og vilja til verka. FKA-konur hafa tekið kyndilinn og stíga nú fram sem leiðandi afl í þessum samfélagslegu breytingum.




Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**




INHOPE insafe SAFT

# FERSKUR KALKÚNN

*Þú færð úrval af ljúffengum áramótakalkún í Iceland*




## ALLT FYRIR ÁRAMÓTAVEISLUNA

- **598** — Súkkulaðihjúpuð kirsuber, 24 stk.
- **698** — Kremfylltar vatnsdeigsbollur, 30 stk.
- **998** — Kalkúnafylling með beikoni og ferskjum frá Kokkunum
- **1598** — Eftirréttaveisla, 75 stk.
- **2998** KR. KG. — Ferskt kalkúnaskip fyllt með alvöru amerískri fyllingu frá Ísfugli
- **3398** KR. KG. — Fersk kalkúnabringa frá Ísfugli.

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA

**Iceland**

PIPAR\TBWA • SÍA • 133803

## Konráð og félagar á ferð og flugi 76

Bragi Halldórsson

„Jæja þá, sudoku gáta," sagði Kata ákveðin. „Ég er búin að æfa mig og æfa og er bara orðin nokkuð lunkin í að leysa sudoku svo ég vil leyfa ykkur að reyna við þessa," sagði Kata. Konráð horfði á gátuna. „Allt í lagi," sagði hann. „Ég mun að minnsta kosti reyna." En Lísaloppa var ekki ánægð með þetta. „Við glímum bara öll við hana og þá kemur í ljós hversu klár þú ert orðin," sagði hún. „Allt í lagi," sagði Kata. „En ég vara ykkur við, ég er orðin mjög klár," bætti hún við og var bersýnilega mjög örugg um að hún myndi verða fyrst til að leysa gátuna.

Getur þú leyst þessa sudoku gátu?

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | 4 | 1 | | 6 | | 3 | 2 |
| 3 | | 9 | 5 | | 2 | 6 | 4 | |
| | 5 | | | 3 | | 9 | | 1 |
| 4 | | 2 | | | 3 | 7 | | 6 |
| 7 | 6 | | 2 | 4 | | 8 | 9 | 3 |
| | | 3 | 6 | | 9 | | 5 | |
| | 4 | | | 2 | 5 | | | 8 |
| 9 | 3 | 7 | 4 | | 8 | | 2 | 5 |
| | 2 | | | 1 | 7 | 4 | | 9 |



## Brandarar



Konan við húsbóndann: Læknirinn er kominn.
Húsbóndinn: Ég vil ekki hitta hann, segðu honum að ég sé veikur!

Maður fór til læknis og sagðist eiga við vandamál að stríða.
„Hvert er vandamálið?"
„Jú, sjáðu til, ég þarf alltaf að kúka klukkan 9 á morgnana".
„Er það eitthvert vandamál?"
„Já, ég vakna aldrei fyrr en 10!"

Í réttarsal:
Dómarinn: Ertu sekur?
Sá seki: Nei, herra dómari.
Dómarinn: Hefurðu stolið einhverju áður?
Sá seki: Nei, þetta var í fyrsta skipti.

Arnar við Stefán: „Það er góð lykt af þér í dag, fékkstu nýjan rakspíra?
Stefán: „Nei, ég fór í hreina sokka!"

## TEIKNAR ÞÚ FLOTTAR MYNDIR?

Sendu okkur myndina þína í pósti til Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á krakkar@frettabladid.is

# Áramótavenjur víða um heim

**Flestar þjóðir eiga sínar eigin venjur og siði til að kveðja gamla árið og fagna því nýja. Hér eru dæmi um nokkrar slíkar:**



**Í DANMÖRKU** henda sumir gömlum diskum og glösum í hurðirnar heima hjá ættingjum sínum. Margir standa líka á stól og hoppa af honum klukkan 12 á miðnætti á gamlárskvöld.



**Á SPÁNI** borða margir 12 vínber á miðnætti þegar nýtt ár gengur í garð.



**Í BRASILÍU** klæðast margir hvítum fötum á gamlárskvöld.



**Í RÚSSLANDI** fagna margir nýju ári með því að skrifa eina ósk niður á blað, kveikja í blaðinu, setja það ofan í kampavínsglas og drekka áður en klukkan slær eina mínútu yfir tólf.



**Í SUÐUR-AFRÍKU** henda sumir gömlum húsgögnum og tækjum út um gluggann á miðnætti.



**Í SÍLE** borða margir eina skeið af linsubaunum á miðnætti til að tryggja farsæld á nýju ári.



# Leiðinlegast að fara bara beint heim

Steinunn Kristín Valtýsdóttir er fimm ára gömul leikkona í Borgarleikhúsinu. Henni finnst skemmtilegast að sjá fólk sem hún þekkir í áhorfendaskaranum.

**Fullt nafn:** Steinunn Kristín Valtýsdóttir, alltaf kölluð Dídí.

**Hvað ertu gömul og hvenær áttu afmæli?** Ég varð fimm ára 8. október.

**Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?** Uppáhaldið mitt er túnfiskpasta með kapers.

**Hvað hefurðu leikið?** Ég lék í leikritinu Hús Bernhörðu Alba í Borgarleikhúsinu. Ég var fyrst á sviðið og fór með texta alveg sjálf. Ég og Áróra Vigdís skiptumst á að leika þetta hlutverk. Svo dansa ég líka og syng stundum fyrir fjölskylduna og set upp sýningar heima. Ég hef verið að því síðan ég var pínulítil.

**Í hvaða leikskóla eru?** Ég er í Stakkaborg.

**Áttu systkini?** Ég á eina litlu systur, hana Súsönnu. Hún er þriggja ára.

**Hvað finnst þér skemmtilegast að gera annað en að leika?** Mér finnst gaman að lita heima hjá mér. Mér finnst líka gaman að syngja og dansa.

**Hvað er leiðinlegast?** Það er leiðinlegt að sækja mömmu í vinnuna og fara svo bara beint heim.

**Hvað er skemmtilegast við það að vera leikkona?** Mér finnst skemmtilegt að hafa kyrrt og hljótt þegar ég labba upp stigann í leikritinu. Svo er gaman að sjá áhorfendur sem ég þekki. Krökkunum í leikskólanum finnst líka rosalega gaman að þekkja leikkonu.

**Hvað ætlarðu að verða þegar þú verður stór?** Ég ætla að verða leikkona og svo ég ætla líka í konukór og syngja í Gamla bíói eins og mamma mín gerði í leikritinu.

# ÁRAMÓTATILBOÐ

# SJÁIÐ SKAUPIÐ Á RISASKJÁ!



55"

## PHILIPS

- Pixel Precise HD myndvinnsla
- Dual-Core örgjörvi
- Ambilight XL baklýsing
- 700Hz Perfect Motion Rate
- Easy 3D og 4 gleraugu fylgja
- Wi-Fi Miracast
- Lyklaborð á fjarstýringu

ambi light · Full HD LED · Pixel Precise HD · EASY 3D · SmartTV · 700 Hz Perfect Motion Rate · WiFi CERTIFIED · skype

**TILBOÐ**
**349.995**
FULLT VERÐ 479.995




**Heimilistæki** ht.is

*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

# ALLT FYRIR ÁRAMÓTAV







**Franskir ostar í úrvali**



**Pretzel Crisps**
öðruvísi kex fyrir osta

**Hagkaups chilisulta, berjasulta og sultaður rauðlaukur**



**Breskir ostar og ostakex í úrvali**

25% afsláttur á kassa



**Monte Nevado Degustacion**
Hráskinkupakkar - 2 tegundir



399kr/stk
v.á. 549

**Hvítlauksostabaguette**



**Hátíðar Blanda**



**Flintstones drykkir**
Óáfengir freyðidrykkir.

FERSKT MEÐ FLUGI FRÁ ÍTALÍU



**Franchi salami, pancette og skinka**
Einungis selt í hágæða sælkeraverslunum á Ítalíu og í Evrópu og er nú fáanlegt í Hagkaup.



**Mikið úrval af snakki**

NÝ UPPSKERA FRÁ SUÐUR AFRÍKU

## FERSKT MEÐ FLUGI





FERSKT með FLUGI

- Bæjuber
- Kirsuber
- Trönuber
- Jarðarber
- Rifsber
- Brómber
- Hindber
- Bláber
- Vínber

Gildir til 31. desember á meðan birgðir endast.

**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

24 Hagkaup

# VEISLUNA Í HAGKAUP







SALT-MINNI!

**Hagkaups Hamborgarhryggur**
Úr nýju hráefni, sérvöldu af fagmönnum




**Smjörsprautað kalkúnaskip**
Tilbúið beint í ofninn.




**Valette andalæri**
Hægelduð andalæri tilbúin á pönnuna eða í ofninn. Frábær sem forréttur, aðalréttur og á jólahlaðborðið. 200gr




**Valette andabringur**
Hágæða franskar andabringur.




**Foie Gras steikur**
Frábært sem forréttur sem og aðalréttur með nautakjöti. 2x40gr

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**

1. Muna kvabb um lausn hjá heimspekingum (8)
8. Keyrði í Hvamm þótt líflaus væri (5)
11. Meðfætt skap mitt er sláandi (9)
12. Teikning sýnir hæð og gröf (8)
13. Hangi aftan í seyði boltafólks að norðan (5)
14. Burt vegna þess sem við réttlætum (7)
15. Espiskvetta er lostæti, jafnt græn sem hvít (8)
16. Grímufiskur á skamma ævi; frá miðnætti framundir morgun (9)
18. Bruðl og beygingar í vogi hinnar rísandi sólar (14)
20. Grynni í skarpar og skýrar (12)
21. Mála fjölbreytni sterkum litum (8)
22. Lýsi illræmdan mafíósa endanlega látinn (8)
25. Passið aurinn eins og peningapakkið (9)
27. Á þessari slóð er hvorki fák né fönn að sjá (6)
29. Langintes kippir í korn eins og aðrir sem út úr öllu snúa (10)
30. Borga fyrir matinn og heiðra kokkinn (9)
32. Dásama heiti (4)
33. Fjölskyldukrydd lýsir okkur leið (7)
34. Banki bankar Skagamenn og sjá: Þrælar erfa landið (7)
37. Er lómurinn og allt hans slekti úr sama dunki runnið? (8)
38. Hafa mætur á mildum nokkra hríð (6)
39. Ætli tóm fíli sig hjá FM95Blö ? (6)
40. Hverju dreifa lífræn dömufötin? (10)
41. Um heilsubót sem hér ber að afsaka (6)
42. Beiðni um brauð (6)

**LÓÐRÉTT**

1. Lofkastali er ranghugmynd (12)
2. Meiri óhappasendingin, glorían atarna (12)
3. Hér segir af umgengni við óhefta trassa (12)
4. Magnús Þór og allt hans nöldur – þvílíkt fjör! (8)
5. Hef krækt kló í hvel fyrir kúk (11)
6. Óðinn hefur alltaf verið æstur í síðu (7)
7. Ljúf dæmi kökur og súkkulaði (7)
8. Nótt þeirrar sem sjokkeruð er og skelfd (13)
9. Æ og ó, dægur sauða og sótta! (13)
10. Afkvæmið afsakar afl og undrið (12)
17. Hefur nóg fyrir fjörð og greinir gleði (9)
19. Þessar féllu ekki fram af fjallsbrún þótt einhver haldi það, heldur fyrir sverði (9)
22. Viðhaldskjaftæði snýst um sparsemi og þess háttar (10)
23. Hún kostar sitt, kenningin um skepnurnar (10)
24. Skil ekkert í lífsleiðanum hjá dásamlegum runnanum (10)
26. Líkar vel hjá karli, það skýrir dvölina (9)
28. Strípustuð er rastahampur og garðaprýði mikil (9)
30. Ekki jafn stöðugt vegna fimm fórnarsteina (7)
31. Sifjaspell – er það glæpur sem kostar fólk lífið ef upp kemst? (7)
35. Brasa við að koma eyju í Miðjarðarhafið (5)
36. Dýrgripur heiðins guðs í dýrlingatölu (5)



Lausnarorð síðustu viku var

**PIPARKÖKUHÚS**

FORLAGIÐ

## VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af Fjallabókinni eftir Jón Gauta Jónsson frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Áslaug Faaberg, Garðabæ.**





## LAUSNARORÐ

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist íþrótt. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 1. janúar næstkomandi á **krossgata@frettabladid.is** merkt „28. desember“.



HUGMYND #19
## SPJALLA SAMAN



HUGMYND #12
## HAFA KÓSÍKVÖLD SAMAN



HUGMYND #15
## ELDA SAMAN



HUGMYND #2
## HJÓLA SAMAN





HUGMYND #4
## FARA Í FJALLGÖNGU SAMAN



HUGMYND #17
## VEIÐA SAMAN

HUGMYND #18
## SPILA TÖLVULEIK SAMAN



HUGMYND #9
## Í SNÚ SNÚ SAMAN





HUGMYND #14
## GERA STUTTMYND SAMAN

# MEIRI SAMVERA Á NÝJU ÁRI

## Fleiri samverustundir unglinga og forráðamanna er besta forvörnin

Rannsóknir sýna að samvera fjölskyldunnar er ein besta forvörnin gegn vímuefnum. Þær sýna jafnframt að ungmenni vilja gjarnan eyða meiri tíma með fjölskyldunni og njóta stuðnings hennar.

Á **www.forvarnardagur.is/hugmyndir** finnur þú ýmsar skemmtilegar hugmyndir unglinga að ánægjulegum samverustundum.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA – 13-3260

*Actavis hefur verið bakhjarl Forvarnardagsins frá því að hann var haldinn fyrst árið 2006 að frumkvæði Actavis og Forseta Íslands, í samstarfi við Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík og Rannsókn og greiningu.*

FORVARNARDAGURINN
TAKTU ÞÁTT!
HVERT ÁR SKIPTIR MÁLI

Actavis

✝



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓN GUÐGEIRSSON**
**læknir,**
**Brúnavegi 9, Reykjavík,**

lést á Þorláksmessu á lungnadeild Landspítalans. Útför fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 2. janúar 2014 kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

**Ása Jónsdóttir**
**Guðgeir Jónsson** **Guðrún A. Árnadóttir**
**Guðrún Jónsdóttir** **Ingvar Stefánsson**
**Jóhannes H. Jónsson** **Agnes Benediktsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**INGIMUNDUR ÆVAR ÞORSTEINSSON**
**Ævar í Enni,**

lést á heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi 23. desember. Útför hans fer fram frá Blönduóskirkju laugardaginn 4. janúar.

**Ingibjörg Jósefsdóttir**
**Halldóra Ingimundardóttir** **Guðni Eðvarðsson**
**Jósteinn Ingimundarson**
**Fjóla Ævarsdóttir** **Guðmundur Guðbergsson**
**Ingibjörg Ingimundardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGRÚN STEFÁNSDÓTTIR**
**Sóltúni (áður Hallveigarstíg 2),**

lést á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni 26. desember.

**Oddný Björg Halldórsdóttir** **Helgi Kristjánsson**
**Ólöf Berglind Halldórsdóttir** **Stefán Örn Betúelsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Útför okkar hjartkæru mömmu, tengdamömmu, ömmu og langömmu,

**GUÐBJARGAR GUÐJÓNSDÓTTUR**
**Droplaugarstöðum,**
**áður til heimilis að Einholti 7, Reykjavík,**

fer fram frá Háteigskirkju mánudaginn 30. desember kl. 13. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Hollvinasamtök Droplaugarstaða - 0526-14-400973, kt. 611108-0870 eða KFUK 0526-14-400973, kt. 611108-0870.

**Margrét G. Einarsdóttir**
**Guðrún Ína Einarsdóttir** **Rúnar H. Hermannsson**
**Einar Ólafur Guðmundsson** **Sigrún Erna Guðjónsdóttir**
**Erla Guðmundsdóttir**
**Guðjón Valur Sigurðsson** **Guðbjörg Þóra Þorsteinsdóttir**
**Guðbjörg Lára Rúnarsdóttir** **Björgvin Þór Hólmgeirsson**
**og langömmubörn.**


ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Suðurhlíð 35, Rvík. • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is




ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

WWW.KVEDJA.IS
Útfararstofa
SVAFARS & HERMANNS




571 8222 · 820 3939 SVAFAR · 820 3938 HERMANN


# „Sýningin er í raun takmarkað augnablik“

**Sæmundur Þór Helgason opnar sína fyrstu einkasýningu í Kunstschlager í kvöld.**

Sæmundur Þór Helgason opnar sýninguna Inform í dag í gallerí Kunstschlager klukkan átta, en hún stendur til 8. janúar næstkomandi.



**SÆMUNDUR ÞÓR HELGASON**

„Ég útskrifaðist frá Gerrit Rietveld Academie í Amsterdam árið 2012 og er nú í mastersnámi í myndlist hjá Goldsmiths University í London en ég lýk því námi 2015, ef allt gengur upp,“ segir Sæmundur Þór, en sýningin er hans fyrsta einkasýning á Íslandi. „Sýningin samanstendur af tveimur vídeóinnsetningum sem eru búnar til á staðnum – og einni þrívíddarteikningu af sýningarplássinu sjálfu,“ útskýrir hann.

Verk Sæmundar eru iðulega framkvæmd á staðnum þar sem þau eru sýnd.

„Mín verk eru til fyrirfram sem aðferðafræði fyrir sýningar. Sýningin er í raun og veru mjög takmarkað augnablik, tímarammi í miklu lengra ferli, eins og hugmyndavinnu, rannsóknum og undirbúningi, sem er alltaf vinna sem á sér stað utan gallerísins,“ bætir Sæmundur við.

Nafnið á sýningunni, Inform, kemur út frá virkni verkanna. „Verkin upplýsa hvert annað, ef maður persónugerir þau,“ segir hann.

„Þau upplýsa áhorfandann um bæði tilurð hvers verks og einhvern veginn bendir það líka til nágrannaverks síns, hvernig verkin vinna saman,“ útskýrir Sæmundur og segir sýninguna vera nokkurs konar frásögn.

„Maður fer inn í tímaröð. Á milli verkanna er ákveðin tímaröð sem er ekkert endilega skýr,“ segir Sæmundur að lokum um sýninguna.



**STILLA ÚR VERKI SÆMUNDAR** Sýningin verður opnuð í Kunstschlager klukkan átta í kvöld.
MYND/ÚR EINKASAFNI

olof@frettabladid.is

✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**HJÖRTUR EINARSSON**
**Neðri-Hundadal, Dalasýslu,**

lést að morgni Þorláksmessu, 23. desember, að Silfurtúni í Búðardal. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Lilja Sveinsdóttir**
**Sigríður Hjartardóttir** **Helgi Reynisson**
**Sigursteinn Hjartarson** **María Guðmundsdóttir**
**Kristín Lára Hjartardóttir** **Jóhann Hreggviðsson**
**Signý Harpa Hjartardóttir** **Axel Gíslason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**BERTA GUÐRÚN ENGILBERTSDÓTTIR**
**Sléttuvegi 23, Reykjavík,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Skjóli 23. desember.

**Eyjólfur Davíðsson**
**Héðinn Eyjólfsson** **Guðrún H. Fjalldal**
**Guðrún S. Eyjólfsdóttir** **Snjólfur Ólafsson**
**Sigríður Eyjólfsdóttir** **Ólafur Ó. Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Hjartkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SONJA SIGRÚN NIKULÁSDÓTTIR**
**Kaplaskjólsvegi 29,**

lést á heimili sínu að morgni laugardags 14. desember. Útför hennar fer fram frá Neskirkju mánudaginn 30. desember 2013 kl. 15.00.

**Pétur Guðmundsson**
**Sigrún Sæmundsdóttir** **Steinar Már Gunnsteinsson**
**Ólöf Pétursdóttir** **Eyþór T. Heiðberg**
**Alda Rose Cartwright** **Pétur Már Guðmundsson**
**Eva Ýr Heiðberg**
**Hreiðar Þór Heiðberg**
**Máni Steinsson Cartwright**
**Urður Ylfa Pétursdóttir Cartwright.**

✝



Ástkær eiginkona mín, systir, móðir, tengdamóðir og amma,

**ERLA ÞÓRDÍS ÁRNADÓTTIR**
**Jaðarsbraut 25, Akranesi,**

lést 19. desember á Sjúkrahúsi Akraness. Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 3. janúar kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Sjúkrahús Akraness.

**Halldór Ármann Guðmundsson**
**Árni Þór Halldórsson** **Rannveig Lydia Benediktsdóttir**
**Guðmundur Bjarki Halldórsson** **Arndís Halla Guðmundsdóttir**
**Kristín Ósk Halldórsdóttir** **Finnbogi Jónsson**
**Þórunn Árnadóttir** **Böðvar Þorvaldsson**
**og barnabörn.**

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÁSTA SIGURÐARDÓTTIR**
**frá Syðra-Langholti,**
**til heimilis að Vitatorgi,**
**áður Skólagerði 6a, Kópavogi,**

lést á Borgarspítalanum að kvöldi aðfangadags. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 3. janúar kl. 13.00.

**Jónína Ágústsdóttir**
**Þorsteinn Ásgeirsson** **Ingibjörg Ásgrímsdóttir**
**Helga Ásgeirsdóttir Thorlacius** **Einar Thorlacius**
**Guðrún B. Zóphaníasdóttir**
**Kristjana Laufey Ásgeirsdóttir**
**Ólafía Ásgeirsdóttir** **Árni Rúnar Sverrisson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**SIGRÍÐUR HALLDÓRA GUÐMUNDSDÓTTIR**
**áður Kveldúlfsgötu 22, Borgarnesi,**

andaðist í Brákarhlíð, hjúkrunar- og dvalarheimili, mánudaginn 23. desember. Útförin fer fram frá Borgarneskirkju laugardaginn 4. janúar kl. 14.00.

**Ágústína Albertsdóttir** **Sigurður Arason**
**Katrín Albertsdóttir** **Loftur Jóhannsson**
**Kristján Þorkell Albertsson** **Elín Ebba Guðjónsdóttir**
**Annabella Albertsdóttir** **Sigurgeir Erlendsson**
**og ömmubörn.**

# Blásið til hátíðartónleika í Gamla bíói

Moses Hightower, Ylja og Snorri Helgason halda tónleika á laugardag klukkan 9.



SNORRI HELGASON

Hljómsveitirnar Moses Hightower, Ylja og Snorri Helgason hafa í sameiningu ákveðið að blása til hátíðartónleika milli jóla og nýárs. Tónleikarnir fara fram í Gamla bíói, laugardagskvöldið 28. desember. „Tónleikarnir eru því tilvaldir til þess að jafna sig eftir jólaösina sem og til að hita sig upp fyrir nýtt ár,“ segir Steinþór Helgi Arnsteinsson, einn skipuleggjenda tónleikanna.

„Hljómsveitirnar munu skarta sínu skærasta í sérstökum hátíðarbúningi og lofa einstakri upplifun. Þess vegna verður að teljast mjög líklegt að eitt eða tvö jólalög fái að hljóma í meðförum sveitanna á tónleikunum,“ bætir Steinþór við.

„Gamla bíó er líka einkar viðeigandi tónleikastaður fyrir kvöldstund sem þessa. Húsið hefur gengið í endurnýjun lífdaga undanfarið en staðurinn skartar að margra mati besta tónleikasal landsins,“ útskýrir hann.



YLJA FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



MOSES HIGHTOWER FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Moses Hightower hefur notið mikillar velgengni undanfarin ár, og síðasta breiðskífa sveitarinnar, Önnur Mósebók, kom út í ágúst árið 2012. Auk þess að platan væri valin plata ársins hjá Fréttablaðinu á síðasta ári hlaut sveitin Menningarverðlaun DV í tónlistarflokki fyrir sömu plötu. Nýlega kom út endurhljóðblönduð útgáfa af plötunni Annarri Mósebók undir heitinu Mixtúrur úr Mósebók þar sem fjölmargir lögðu hönd á plóg.

Hljómsveitin Ylja er tiltölulega ný en hefur hlotið mikla athygli. Lag hennar Út klifraði hátt á Vinsældalista Rásar 2. Frumburður sveitarinnar, sem er samnefnd hljómsveitinni, kom út í nóvember á síðasta ári.

Tónlistarmaðurinn Snorri Helgason hefur á undanförnum árum skapað sér gott orð í tónlistarheiminum bæði innan lands sem utan. Tónlist Snorra er nokkurs konar þjóðlagapoppbræðingur þar sem sterkar melódíur og kassagítarinn eru í forgrunni.

Tónleikarnir hefjast stundvíslega kl. 21.00 en húsið verður opnað klukkutíma fyrr.

olof@frettabladid.is

## MERKISATBURÐIR

**1887** Bríet Bjarnhéðinsdóttir flytur fyrst kvenna hérlendis opinberan fyrirlestur í Góðtemplarahúsinu í Reykjavík, Kjör og réttindi kvenna.

**1894** Ofsaveður gerir af vestri með allmiklum skaða, miklu sjávarflóði og hafróti í Reykjavík.

**1965** Eyja rís úr hafi skammt frá Surtsey og er nefnd Jólnir vegna þess að goshrinan hófst á annan í jólum.

**1983** Vogur, sjúkrastöð SÁÁ við Grafarvog, tekur til starfa.

**ÞETTA GERÐIST** 28. DESEMBER 1908:

## Jarðskjálfti skekur Ítalíu

Á þessum degi árið 1908 reið geysistór jarðskjálfti yfir Suður-Ítalíu með þeim afleiðingum að borgirnar Messina á Sikiley og Reggio di Calabria á meginlandinu jöfnuðust nánast við jörðu. Hátt í hundrað þúsund manns létust í jarðskjálftanum og flóðbylgjunni sem kom í kjölfar hans.

Sikiley og Calabria eru þekkt sem la terra ballerina, eða landið dansandi, vegna jarðskjálftavirkninnar á svæðinu. Mikið mannfall hefur orðið þar á undangengnum öldum en aldrei jafn mikið og á þessum afdrifaríka degi. Ástæðan er líklega sú að skjálftinn reið yfir snemma morguns meðan fólk lá enn sofandi heima.

Talið er að stærsti skjálftinn hafi verið 7,5 á Richterkvarða. Sá olli tólf metra hárri flóðbylgju sem gekk yfir þorp og borgir við ströndina. Um níutíu prósent allra bygginga í borgunum Messina og Reggio di Calabria gereyðilögðust. Ritsímalínur slitnuðu og járnbrautateinar skemmdust sem tafði fyrir öllu hjálparstarfi. Þá dóu einnig margir björgunarmenn í þeim fjölmörgu smáskjálftum sem á eftir fylgdu.

---



✝

Elskulegur eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**RICHARD ÞÓRÓLFSSON**
**Brekkugötu 36, Akureyri,**

lést á Dvalarheimilinu Hlíð þriðjudaginn 24. desember. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 2. janúar klukkan 13.30.

**Ally Aldís Lárusdóttir**
**Anna María Richardsdóttir** / **Wolfgang Frosti Sahr**
**Sæbjörg Richardsdóttir** / **Ólafur Magnússon**
**Áki Sebastian Frostason Sahr** / **Anne Belanant**
**Urður Steinunn Önnudóttir Sahr** / **Ernesto Camilo Valdés**
**Magnús Addi Ólafsson** / **Laura-Ann Murphy**
**Richard Helgi Ólafsson**

---



✝

Ástkær eiginmaður, faðir,
tengdafaðir, bróðir, mágur og afi,

**BALDUR SCHRÖDER**
**flugvélstjóri,**
**Steinási 27,**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sunnudaginn 22. desember. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 30. desember kl. 13.

**Naomi Dwi Herlita**
**Inga Vigdís Baldursdóttir**
**María Mekkín Baldursdóttir**
**Stella Björk Baldursdóttir**
**Gunnar Bjarnason**
**Erna María Jóhannsdóttir**
**Ásvaldur Andrésson**
**og barnabörn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**STELLA JÓNSDÓTTIR**
**Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri,**

lést mánudaginn 16. desember á Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri. Útförin fer fram frá Glerárkirkju mánudaginn 30. desember kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Dvalarheimilið Hlíð á Akureyri.

**Ingibjörg Kjartansdóttir** / **Gestur Björnsson**
**Kjartan F. Kjartansson** / **Dýrleif Ingvarsdóttir**
**Sumarliði M. Kjartansson** / **Björg Hjörleifsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginkona, dóttir, móðir,
tengdamóðir og amma,

**HEIÐRÚN FRIÐRIKSDÓTTIR**
**Birkihlíð 33, Sauðárkróki,**

lést sunnudaginn 22. desember á Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki. Útförin fer fram frá Sauðárkrókskirkju fimmtudaginn 2. janúar kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Skagafjarðar.

**Sveinn Sigfússon**
**Alda Ellertsdóttir**
**Hólmfríður Sveinsdóttir** / **Stefán Friðriksson**
**Ingibjörg Sveinsdóttir** / **Ingólfur Ingólfsson**
**Rúnar Sveinsson** / **Efemia R. Sigurbjörnsdóttir**
**og barnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, amma og langamma,

**ÞYRÍ SÓLEY VALBÝ JÓNSDÓTTIR**

lést að morgni dags 17. desember.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Valur Kristinsson**

---



✝

Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGURLÍN GUNNARSDÓTTIR**
**frá Þingvöllum,**

lést á sjúkrahúsi Stykkishólms 23. desember.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar og tengdamóður,

**STEINÞÓRU ÞÓRISDÓTTUR**

Sérstakar þakkir til starfsfólks á Grund fyrir góða umönnun og hlýju.

**Halldóra Halldórsdóttir Adler** / **Jeremy Adler**
**Anna Birna Halldórsdóttir**

---



✝

Ástkær móðir okkar,
tengdamamma, amma og langamma,

**ANNA MARGRÉT GUÐJÓNSDÓTTIR**

sem lést hinn 14. desember, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju mánudaginn 30. desember kl. 13.00.

**Guðjón Bjarki Sverrisson** / **Særún Þorláksdóttir**
**Heimir Þór Sverrisson** / **Sigríður Guðmundsdóttir**
**Guðlaugur Gylfi Sverrisson** / **Halla Unnur Helgadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**STEFANÍA ÁGÚSTSDÓTTIR**
**Víðilundi 24, Akureyri,**

lést á gjörgæsludeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri hinn 23. desember sl. Útförin verður auglýst síðar.

**Helena Sigtryggsdóttir** / **Eiríkur Rósberg**
**Viðar Þorleifsson** / **Brynja Friðfinnsdóttir**
**Hólmfríður Guðrún Þorleifsdóttir** / **Ari Axel Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**KRISTÍN SIGRÍÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR**
**Stapagötu 13, Njarðvík,**
**áður Sóltúni 10, Keflavík,**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja mánudaginn 23. desember. Útförin verður frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 7. janúar kl. 13.00.

**Sigurbergur Sverrisson**
**Ólafía Sigurbergsdóttir** / **Gylfi Örn Ármannsson**
**Hafdís Sigurbergsdóttir** / **Björgvin Gunnlaugsson**
**Jóhann Sigurbergsson** / **Þórunn Sveinsdóttir**
**Guðmundur Sigurbergsson** / **Gunnhildur Gunnarsdóttir**
**Kolbrún Sigurbergsdóttir**
**Hrafnhildur Sigurbergsdóttir** / **Gísli Helgason**
**Sveindís Sigurbergsdóttir**
**Kristín Hansdóttir** / **Hjalti Garðarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

**ÞÓRA KJARTANSDÓTTIR**
**Strikinu 10,**

lést á líknardeild LSH í Kópavogi þriðjudaginn 25. desember sl.

**Karl Guðmundsson**
**Þuríður Saga Guðmundsdóttir**
**Sigurbjörg Unnur Guðmundsdóttir** / **Bjarni Þór Óskarsson**
**Kjartan Ísak Guðmundsson** / **Erna Vigdís Ingólfsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur hinnar látnu.**

---



✝

Ástkær faðir minn, bróðir og mágur,

**PÉTUR BJÖRNSSON**
**rafvirki,**
**Flatahrauni 7, Hafnarfirði,**

andaðist á heimili sínu hinn 16. desember síðastliðinn. Útför hans verður frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 30. desember kl. 13.00.

**Guðrún Birta Pétursdóttir**
**Ármann Björnsson** / **Stefanía Ingimundardóttir**



**2 | KL. 21:05 ÓUPPLÝST LÖGREGLUMÁL**

Vandaðir þættir í umsjón Helgu Arnardóttur sem beinir sjónum að óupplýstum glæpum á Íslandi.

**Frábært**
sunnudagskvöld

**2 | KL. 19:10**
**HELLISBÚINN**
Jóhannes Haukur Jóhannesson fer á kostum í þessum bráðfyndna einleik sem er einn sá vinsælasta allra tíma á Íslandi.



**2 | KL. 21:35**
**THE TUNNEL**
Glæný bresk spennuþáttaröð sem byggir á dönsku þáttaröðinni Brúin.



**2 | KL. 22:25**
**THE ESCAPE ARTIST**
Fyrri hluti breskrar framhaldsmyndar með David Tennant í aðalhlutverki.



**BÍÓ STÖÐIN | KL. 20:25**
**THE STORY OF US**
Hjartnæm kvikmynd með Bruce Willis og Michelle Pfeiffer í aðalhlutverkum.



**Krakka stöðin | KL. 07:00-20:30**
**BARNAEFNI ALLA DAGA**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



**3 | KL. 20:30**
**VAMPIRE DIARIES**
Önnur þáttaröðin um unglingsstúlku sem fellur fyrir strák sem er í raun vampíra.



Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is **6 stöðvar aðeins 7.990 kr.**

2 3 Krakka stöðin POPP TÍVÍ BÍÓ STÖÐIN GULL STÖÐIN Tónlist.is 2 VILD




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | | 9 | | | 1 | | |
| | | 1 | | | 2 | 7 | | |
| | | 5 | 3 | | 4 | 6 | 8 | |
| | | 8 | 1 | 5 | 7 | | | |
| 9 | | | 8 | 2 | 6 | | 4 | |
| | | 6 | | | | | 7 | |
| | | | | | | | | |
| 1 | 5 | | 7 | 9 | | | | |
| 7 | | 4 | 2 | | 1 | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 3 | | | 5 | |
| | 7 | 1 | | | 2 | | | 9 |
| | 6 | 8 | | 9 | | | | 4 |
| 4 | 3 | 9 | | | 8 | | | 2 |
| 1 | | | 2 | | | 3 | | 8 |
| | | 6 | | 4 | | 7 | | |
| | 9 | 2 | | | | | | |
| | | | | | 3 | 8 | | |
| 8 | 1 | | 6 | | 4 | | 7 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 3 | | | | | | 5 | |
| | | | 3 | | | | | 2 |
| | 5 | 7 | | 4 | | | | 1 |
| 4 | 2 | | 1 | 9 | | 3 | | |
| | | | | | | | 8 | 4 |
| | 8 | 9 | 6 | 3 | | | 2 | |
| | 9 | | | | | | | |
| 6 | 1 | | | 5 | 9 | | 4 | |
| | | 3 | | 2 | | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | 1 | | | 6 | | |
| | 5 | | | 6 | 2 | 7 | | 9 |
| | 6 | 2 | | | | | 3 | |
| | 3 | | | 8 | 9 | | | |
| | | | 7 | | | 3 | | |
| 2 | | 9 | | 4 | 1 | 8 | | |
| 8 | | | 9 | 3 | | 4 | 6 | |
| | | | 8 | | | 5 | 7 | |
| | 4 | 7 | 2 | 5 | | | 1 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 6 | | 2 | | | | 3 |
| 3 | | 5 | 9 | 1 | | | | 7 |
| | | 9 | | | | | 1 | 2 |
| 6 | | | | | 8 | | | |
| 5 | | | | | 9 | 7 | | 6 |
| 8 | | | | | 4 | 3 | | 1 |
| | | 7 | | 5 | | | | |
| | | | 6 | 8 | | | | |
| | 3 | | | | 1 | 5 | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | | 2 | 8 | | 6 | | |
| | 3 | 6 | | 4 | | | | |
| | | | 3 | | | 4 | | |
| | | 1 | | 3 | | | | 5 |
| | | 9 | | | | | 1 | |
| 6 | 8 | 3 | | | | | 2 | 7 |
| 1 | | 7 | | | | 2 | | |
| | | 5 | | | | | 9 | |
| | | | 6 | 2 | 1 | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Hundar bíta mig aldrei, bara mannfólkið.“
*Marilyn Monroe*

## KROSSGÁTA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT 2.** fangi, **6.** stefna, **8.** hallandi, **9.** arr, **11.** í röð, **12.** hólf, **14.** hroki, **16.** Tímabil, **17.** hlóðir, **18.** grús, **20.** Ólæti, **21.** fugl.

**LÓÐRÉTT 1.** klastur, **3.** klaki, **4.** hjara, **5.** loka, **7.** aðdragandi, **10.** sægur, **13.** viðmót, **15.** bata, **16.** keraldi, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gísl, **6.** út, **8.** ská, **9.** sig, **11.** rs, **12.** klefi, **14.** dramb, **16.** ár, **17.** stó, **18.** möl, **20.** at, **21.** ugla.

**LÓÐRÉTT: 1.** fúsk, **3.** ís, **4.** skrimta, **5.** lás, **7.** tildrög, **10.** ger, **13.** fas, **15.** bóta, **16.** ámu, **19.** ll.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

George Henry Mackenzie hafði svart gegn gegn Joseph Henry Blackburne í London árið 1882.

**Svartur á leik**



**29...Dxd5!! 30. exd5 Bf5+ 31. Dc2 Ha1+! 32. Kxa1 Bxc2 og hvítur gafst upp þar sem hann er óverjandi mát eftir 33...Ha8#. Á morgun, sunnudag, fer Íslandsmótið í netskák fram á ICC. Það hefst kl. 20. Skráning á Skák.is. www.skak.is** Sveitakeppni Icelandair í dag á Hótel Natura.

# HVAÐ? HVENÆR? HVAR? LAUGARDAGUR

**28. DESEMBER 2013**

### Tónleikar

23.00 Ingvar Grétarsson og félagar skemmta á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8.

### Leiklist

**19.00** How to become Icelandic in 60 minutes í Hörpu er leiksýning sem leikin er á ensku, samin og flutt af Bjarna Hauki Þórssyni og leikstýrt af Sigurði Sigurjónssyni.
**19.30** Leikritið Lúkas frumsýnt í Þjóðleikhúsinu. Lúkas er tíður matargestur á heimili þeirra hjóna Sólveigar og Ágústs en líf þeirra virðist snúast um þessar heimsóknir. Þau dýrka Lúkas og leggja sig í líma við að gera honum til hæfis en Lúkas er hverflyndur og leikur sér að þeim líkt og köttur að mús og þau lifa í stanslausum ótta við refsingu. Leikarar: Edda Björg Eyjólfsdóttir, Friðrik Friðriksson, Stefán Hallur Stefánsson.

### Sýningar

**22.00** Skinnsemi í Iðnó er sirkussýning fyrir fullorðna og er ekki við hæfi barna. Henni er best lýst sem kabarettsýningu með sirkusívafi – þar sem lagt er upp úr fullorðinshúmor. Innblástur er sóttur í burlesque- og vaudeville-sýningar þriðja og fjórða áratugarins, en formið var endurvakið á tíunda áratugnum í Bandaríkjunum. Skinnsemi-sýningarnar eru aldrei eins.

### Tónlist

**17.00** Pearls of Icelandic Songs í Hörpu. Áheyrendur fá að kynnast sígildri íslenskri tónlist. Við flytjum ykkur perlur íslenskra sönglaga, þjóðlög, sálma og ættjarðarsöngva. Listrænn stjórnandi tónleikanna er óperusöngvarinn Bjarni Thor Kristinsson.
**20.00** Í kvöld syngur Fílharmónía hátíðlega jólatónlist í Háteigskirkju. Á efnisskránni eru verk eftir t.d. Sigvalda Kaldalóns, Jórunni Viðar, Oliver Kentish og fleiri góðkunna tónlistarmenn. Miðaverð er kr. 2.000 í forsölu og 2.500 við innganginn. Ókeypis er fyrir börn 12 ára og yngri. Gleðilega hátíð!
**20.00** Ásgeir Trausti heldur tónleika á Græna hattinum í kvöld. Með í för verður hin norska Farao sem hefur séð um upphitun á tónleikaferðalagi Ásgeirs um Evrópu og Bretland undanfarið.
**21.00** Fokk 2013 á Gauknum. Fram koma: Muck, Skelkur í bringu, Grísalappalísa, Kælan mikla ásamt gestum. Það kostar litlar 1.000 krónur inn.
**21.00** Hljómsveitirnar Moses Hightower, Ylja og Snorri Helgason hafa í sameiningu ákveðið að blása til sannkallaðra hátíðartónleika milli jóla og nýárs. Tónleikarnir fara fram í Gamla bíói í kvöld og eru því tilvaldir til þess að jafna sig eftir jólaösina sem og til að hita sig upp fyrir nýtt ár.
**23.00** Hljómsveitin Vinir vors og blóma a.k.a. VV&b leika á Stór-Jóladansleik á Gamla Kaupfélaginu Akranesi. VV&b fagnar 20 ára afmæli um þessar mundir.
**23.00** Ásgeir Trausti heldur tónleika á Græna hattinum í kvöld. Með í för verður hin norska Farao sem hefur séð um upphitun á tónleikaferðalagi Ásgeirs um Evrópu og Bretland undanfarið.

### Myndlist

**18.00** Sýning í Gallerí Gesti á myndverki eftir G.ERLU sem nefnist Hinsegin minningar um nokkra þeirra sem settust að í hjarta mér. Opnunin fer fram í Iðu Zimsen bókakaffi, Vesturgötu 2A. Sýningarýmið er í tösku sem eigandinn Dr. Magnús Gestsson hefur með sér. Á sama tíma munu nokkur skáld flytja brot úr verkum sínum. Dagskráin nefnist Sodo Poesy.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*

# HVAÐ? HVENÆR? HVAR? SUNNUDAGUR

**29. DESEMBER 2013**

### Leiklist

**19.00** How to become Icelandic in 60 minutes í Hörpu er leiksýning sem leikin er á ensku, samin og flutt af Bjarna Hauki Þórssyni og leikstýrt af Sigurði Sigurjónssyni. How to become Icelandic in 60 minutes er samband af söguleikhúsi og uppistandi þar sem reynt verður að kenna þeim sem sýninguna sækja að verða Íslendingar.
**19.30** Leikritið Lúkas í Þjóðleikhúsinu. Lúkas er tíður matargestur á heimili þeirra hjóna Sólveigar og Ágústs en líf þeirra virðist snúast um þessar heimsóknir. Þau dýrka Lúkas og leggja sig í líma við að gera honum til hæfis en Lúkas er hverflyndur og leikur sér að þeim líkt og köttur að mús og þau lifa í stanslausum ótta við refsingu. Leikarar: Edda Björg Eyjólfsdóttir, Friðrik Friðriksson, Stefán Hallur Stefánsson.

### Sýningar

**22.00** Skinnsemi í Iðnó er sirkussýning fyrir fullorðna og er ekki við hæfi barna. Henni er best lýst sem kabarettsýningu með sirkusívafi – þar sem lagt er upp úr fullorðinshúmor. Innblástur er sóttur í burlesque- og vaudevillesýningar þriðja og fjórða áratugarins, en formið var endurvakið á tíunda áratugnum í Bandaríkjunum. Skinnsemi-sýningarnar eru aldrei eins.



### Tónlist

**17.00** Pearls of Icelandic Songs í Hörpu. Áheyrendur fá að kynnast sígildri íslenskri tónlist. Við flytjum ykkur perlur íslenskra sönglaga, þjóðlög, sálma og ættjarðarsöngva. Listrænn stjórnandi tónleikanna er óperusöngvarinn Bjarni Thor Kristinsson.
**20.00** Jóladjass á Hressó. Þar koma fram: Ingi Bjarni Skúlason píanó, Gunnar Hrafnsson bassi, Scott McLemore trommur. Leikin verður afbragðs músík.
**20.30** Á jazzkvöldi Kex Hostels kemur fram kvartett söngkonunnar Stínu Ágúst. Hún er búsett í Svíþjóð en hefur einnig búið og starfað í Kanada. Auk hennar skipa hljómsveitina þeir Árni Heiðar Karlsson á píanó, Þorgrímur Jónsson á kontrabassa og Einar Scheving á trommur. Þau munu flytja væmna standarda úr amerísku söngbókinni í bland við hressandi dægurlög.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*


**20% afsláttur**

af Nicorette® QuickMist munnholsúðanum




Nicorette QuickMist munnholsúði er nikótínlyf sem dregur úr fráhvarfseinkennum og nikótínþörf þegar reykingum er hætt.

**Tilboðið gildir fyrir báðar pakkningastærðir 1 stk. og 2 stk.**

Tilboðið gildir til 26. janúar 2014

Nicorette® QuickMist

- Úðist í munn við reykingaþörf
- 1 mg nikótín í hverjum úða
- Nota skal 1-2 úða í hvert sinn
- Virkar á 60 sekúndum
- Er með mintubragði
- Hvert úðahylki inniheldur 150 úða
- Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

2 pakkningastærðir: 1 stk. og 2 stk.

**Landsbyggðin**

Glerártorg Akureyri
Hrísalundur Akureyri
Dalvík
Keflavík
Selfoss
Hveragerði
Þorlákshöfn
Hella
Hvolsvöllur
Vestmannaeyjar

**Höfuðborgarsvæðið**

Kringlan
Austurver
JL-húsið
Domus Medica
Eiðistorg
Hamraborg
Fjörður

**Nicorette® QuickMist munnholsúði, lausn** (inniheldur nikótín, inniheldur hjálparefnið etanól/alkohól, innan við 100 mg af etanóli/úða) er ætlaður til meðferðar við tóbaksfíkn með því að draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum. Helst á að nota lyfið samhliða atferlismeðferð ásamt stuðningi. **Skammtar:** Hætta skal reykingum á meðan meðferð stendur. Börn yngri en 18 ára eiga ekki að nota lyfið. Fullorðnir: Nota má allt að 4 úða á klst. en ekki fleiri en 2 úða við hverja skömmtun og ekki fleiri en 64 úða á 16 klst. á sólarhring. Eftir 6 vikna meðferð á að byrja að draga úr daglegum úðafjölda. Ekki er mælt með notkun lengur en 6 mánuði. Sumir geta þurft meðferð í lengri tíma til að koma í veg fyrir bakslag. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna. Þeir sem aldrei hafa reykt. **Varnaðarorð:** Reykingafólk með nýlegt hjartadrep, óstöðuga eða versnandi hjartaöng (þ.m.t. Prinzmetal), alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða sem hefur nýlega fengið heilablóðfall skal einungis nota Nicorette undir nákvæmu eftirliti læknis. Gæta skal varúðar og leita ráða hjá lækni við notkun Nicorette hjá einstaklingum sem hafa fengið ofnæmisbjúg eða ofsakláða, eru með skerta lifrar- eða nýrnastarfsemi, sykursýki, ómeðhöndlað skjaldvakaóhóf, krómfíklaæxli, skeifugarnar- eða magasár eða vélindabólgu. Yfirfærð ávanabinding getur komið fyrir. Gæta skal þess að úða ekki í augu. **Aðgát í návist barna:** Nikótínskammtar sem fullorðnir þola geta valdið alvarlegum eitrunareinkennum og verið banvænir litlum börnum. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. **Meðganga og brjóstagjöf:** Eingöngu skal nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Nikótín berst til fósturs og hefur áhrif á öndunarhreyfingar og blóðrás þess. Nikótín berst í brjóstamjólk í magni sem getur haft áhrif á brjóstmylking. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.

IS/NIC/2013-12-Q-3

Lyf & heilsa
*Við hlustum!*

# Ljúffengt um áramótin



**Bestir í kjöti**
Úr kjötborði

**Hátíðarlambalæri Nóatúns**
fyllt með camembert, trönuberjum og villisveppum

**3198 kr./kg**

Aðeins íslenskt kjöt í kjötborði



Aðeins íslenskt kjöt í kjötborði

Hamborgarhryggur Nóatúns
**1698 kr./kg**



Aðeins íslenskt kjöt í kjötborði

Grísabógur, hringskorinn
**698 kr./kg**
~~798 kr./kg~~



20% afsláttur

Aðeins íslenskt kjöt í kjötborði

Lambahryggur
**1798 kr./kg**
~~2298 kr./kg~~



15% afsláttur

Aðeins íslenskt kjöt í kjötborði

Lambafille m/fituröndd
**3998 kr./kg**
~~4798 kr./kg~~



Græn vínber
**949 kr./kg**



20% afsláttur

Sveppir í lausu
**798 kr./kg**
~~997 kr./pk.~~



Driscoll's jarðarber, 250 g
**599 kr./pk.**





H&G klettasalat
**399 kr./pk.**
~~435 kr./pk.~~





Parísar kartöflur, forsoðnar, 600 g
**475 kr./pk.**





Robbie bubble, 2 tegundir
**399 kr./stk.**





Thule léttöl, 0,33 l
**125 kr./stk.**
~~139 kr./stk.~~


Opið til miðnættis alla daga
8-24




Jólaostakaka m/skógarberjum

**1160** kr./stk.

~~1289 kr./stk.~~




Veisla desert, 3 tegundir

**298** kr./stk.

~~329 kr./stk.~~




Emmessís gamaldags, 1 lítri, 3 teg.

**699** kr./stk.

~~795 kr./stk.~~




Eftirréttur Ostahússins, Tíramísú fyrir 2

**499** kr./pk.

~~559 kr./pk.~~




WE lífrænt engiferöl, 33 cl

**178** kr./stk.

~~198 kr./stk.~~




Monster orku-drykkur, 0,5 lítrar

**279** kr./stk.

~~315 kr./stk.~~

# NÓATÚN

*Við gerum meira fyrir þig*



## Valette andabringur, franskar

**4998** kr./kg



Ísfugl kalkúnabringur, ferskar

**3498** kr./kg



Kalkúnn, ferskur

**1998** kr./kg



Ísfugl kalkúnabringa, m/döðlufyllingu

**3698** kr./kg



Skosk rjúpa, hamflett

**1398** kr./stk.

EXPO • www.expo.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# NÓATÚN

Hamraborg – Nóatún 17 – Hringbraut – Austurver – Grafarholt



**PERLUR** Lilja Guðmundsdóttir og Bjarni Thor Kristinsson flytja íslenska jóla- og áramótatónlist í Kaldalóni.

# Lilja, Bjarni Thor og Matthildur í Hörpu

Íslensk jóla- og áramótatónlist hljómar í Kaldalóni næstu daga á tónleikum í röðinni Perlur íslenskra sönglaga þar sem tónlistin er kynnt á ensku.



**BJARNI THOR KRISTINSSON**



**LILJA GUÐMUNDSDÓTTIR**

Lilja Guðmundsdóttir sópran, Bjarni Thor Kristinsson bassi og Matthildur Anna Gísladóttir píanóleikari flytja íslenska jóla- og áramótatónlist á nokkrum tónleikum í Kaldalóni Hörpu nú um áramótin. Tónleikarnir eru hluti af tónleikaröð sem ber nafnið Perlur íslenskra sönglaga en þar er íslensk tónlist flutt á íslensku en kynnt og þýdd á ensku.

Þrennir tónleikar eru í desember, þann 28., 29. og 30., og tvennir í janúar, 2. og 3.

Sérstakir gestir á tónleikunum í desember eru Peter Tompkins óbóleikari og Grímur Helgason klarinettuleikari og í janúar Pamela De Sensi flautuleikari og Kristín Mjöll Jakobsdóttir fagottleikari.

Tónleikarnir hefjast kl. 17.

# Fjölbreytt hátíðatónlist



Söngsveitin Fílharmónía í Háteigskirkju.

**Jólatónleikar Söngsveitarinnar Fílharmóníu verða haldnir í Háteigskirkju í kvöld kl. 20. Flutt verður fjölbreytt dagskrá hátíðatónlistar, íslenskrar sem erlendrar. Frumflutt verða tvö kórlög eftir Oliver Kentish við enskar þjóðvísur. Einsöngvari með kórnum er Benedikt Kristjánsson. Hörpuleikari á tónleikunum er Sophie Marie Schoonjans og stjórnandi er Magnús Ragnarsson.**

TJARNARBÍÓ

HORN Á HÖFÐI | 12. & 26. JAN. KL. 13:00
STÓRU BÖRNIN EFTIR LILJU SIGURÐARDÓTTUR | 10. & 11. JAN. KL. 20:00 AUKASÝNINGAR
ELDKLERKURINN | 12. 19. & 26. JAN.
LÚKAS EFTIR GUÐMUND STEINSSON | 16. 17. 18. 24. & 25 JAN.

MIÐASALAN ER OPIN FRÁ KL. 15:00-18:00 ÞRI-FÖS
MIDASALA@TJARNARBIO.IS / 527-2100 / MIDI.IS
WWW.TJARNARBIO.IS

# Leyfir fólki að gægjast í kistilinn

Listakvöld verður í Iðu Zimsen bókabúð á Vesturgötu 2A milli 18 og 20 í dag. Þrjár konur lesa úr verkum sínum og G.ERLA opnar sýningu á vegum Gallerís Gests.

Ljóðadagskráin í Iðu Zimsen bókakaffi hefur yfirskriftina Sodo Poesy. Þar lesa Auður Ava Ólafsdóttir, Ásdís Óladóttir og Eva Rún Snorradóttir úr verkum sínum og ljóð eftir Hörð Torfason verða túlkuð af Barða Guðmundssyni. Jafnframt opnar þar sýning í farandgalleríi Magnúsar Gestssonar, Gallerí Gesti, á verki myndlistarkonunnar G.ERLU sem hún nefnir Hinsegin minningar um nokkra þeirra sem settust að í hjarta mér.

„Galleríið hans Magnúsar er lítil taska og ég geri hana að mínu rými. Leyfi fólki að gægjast ofan í kistilinn minn,“ segir G.ERLA sem heitir fullu nafni Guðrún Erla. Hún segir um gjörning að ræða sem kallist á við annan sem hún hafi verið með í Gallerí Suðurgötu 7 á aðfangadagskvöld 1978.

„Í rauninni hélt ég jól þarna, var með nokkur gömul húsgögn og skreytti jólatré. Gjörningurinn fólst í því að ég tók umbúðir utan af hlutum sem höfðu tilfinningalegt gildi fyrir mig og skrifaði niður minningar sem tengdust þeim.“ - gun



**GUÐRÚN ERLA** Gjörningurinn hennar nefnist Hinsegin minningar um nokkra þeirra sem settust að í hjarta mér. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Kellur sýna klærnar

LEIKLIST ★★★☆☆

**Þingkonurnar eftir Aristófanes í Þjóðleikhúsinu**

**Leikstjórn:** Benedikt Erlingsson
**Tónlist:** Egill Ólafsson
**Leikmynd:** Axel Hallkell
**Búningar:** Helga Rós V. Hannam
**Lýsing:** Ólafur Ágúst Stefánsson
**Þýðing:** Kristján Árnason



**SÖNGGYÐJUR** „Tónlist Egils Ólafssonar hljómaði vel.“

Aristófanes er eitt af stórskáldum kómedíunnar. Sá eini sem er hægt að nefna í sömu andrá og Molière. Sumir, sem eru læsir á forn-grísku, segja að hann sé jafnvel enn stórbrotnari, fyndnari og beittari, en meistarinn franski. Samt er hann miklu minna leikinn en Molière og ástæðan er einkum sú hversu margt í ádeilu hans er bundið samtíð hans, aþenska lýðveldinu fyrir tvö þúsund og fimm hundruð árum.

Samt er enn hægt að leika hann í dag. Það er af því að hann er einn af þeim sem eiga til að fara beint í kjarnann, svo að allar þessar aldir, sem á milli ber, hætta að skipta máli. Þingkonurnar, jólaleikrit Þjóðleikhússins, er gott dæmi um það. Þetta er alls ekki besta leikrit Aristófanesar; Lýsistrata, sem var sýnd hér í frábærri uppfærslu fyrir fjórutíu árum og við mættum gjarnan fara að sjá aftur, er miklu heilsteyptara verk, og sömuleiðis Skýin, Fuglarnir eða Froskarnir. Það er djarft af Þjóðleikhúsinu að flytja verk sem þetta, verk sem er frekar ólíklegt að nái til fjöldans. En sú dirfska er virðingarverð. Þjóðleikhús á líka stundum að flytja verk af þessu tagi.

Þingkonurnar er pólitískur dæmileikur með öfgum og ærslum að aristófanískum hætti. Sem leikverk frekar þyngslalegur og laus í reipum; einstök atriði eiga til að verða of langdregin. En efnið og sýn skáldsins á það er mjög áhugavert. Þarna er tekið á einum helsta galla lýðræðisins: hversu auðvelt lítill meirihluti, undir forystu öflugs leiðtoga, getur átt með að ná völdum, koma á einræði og kúgun. Hugsjón lýðræðisins er göfug, en við erum ekki orðin nógu þroskuð fyrir hana, virðist skáldið vera að segja. Karlveldinu er hér steypt af stóli, með miklum látum, en kvenveldið sem við tekur er engu skárra; ef nokkuð er enn verra. Veldi karlanna var spillt, en kommúnismi kvenræðisins gengur þvert gegn manneðli. Var Aristófanes ef til vill kvenhatari, svona líkt og Strindberg? Því má hver svara fyrir sig, en ég held það sé ekki aðalatriðið í þessum leik.

Benedikt Erlingsson lagar textann til og sníður að okkar tíma. Hann gerir það smekklega og úthugsað; sviðsetningin er öll snyrtileg, leikræn og lífleg, eins og allt sem frá Benedikt kemur. Ótrúlegri framsýni Forn-Grikkjans er vel til skila haldið, og viðbætt skot Benedikts á okkar tíma misskiljast ekki. Leikurinn er látinn gerast í sal Alþingishússins okkar að næturþeli; það fór ánægju- og undrunarkliður um salinn þegar tjaldið fór frá í fyrrakvöld og leikmyndin blasti við. Ég er nú samt hræddur um að Aristófanes sjálfur hefði tekið þá við Austurvöll fastari tökum, saxað þá í spað, sparkað í þá, nítt og hrakið, því að hann var enginn þurr ídeólóg, heldur umfram allt óborganlegt sambland af ljóðskáldi og revíudóna. Gaf sér skotleyfi á allt og alla – og þeim þýddi víst lítið að væla undan því. Hér leið manni eins og undir frekar huggulegu áramótaskaupi í Sjónvarpi allra landsmanna. Maður glotti oft, hló jafnvel stöku sinnum, en varla mikið meir.

Frammistaða leikenda er þokkaleg, en hvergi stórkostleg. Við finnum alltof mikið til þess hversu óvanir þeir eru flestir að flytja svona hátíðbundinn, upphafinn texta; hversu bágt þeir eiga með að gefa sér frelsi gagnvart honum, leika sér að áherslunum, gæða samtölin léttleik og fjölbreytni. Ég segi alls ekki að sumir hafi ekki verið betri en aðrir: Atli Rafn, Þorsteinn Bachmann og Ragnheiður Steindórsdóttir standa vel fyrir sínu, en sumir aðrir eru síðri. Harpa Arnardóttir er víða mjög fyndin í lýsingu Praxagóru, byltingarleiðtoga kvennanna, en rómurinn, frekar mjór og hrjúfur, vinnur ekki með henni. Hún kemur hugsun textans yfirleitt vel til skila undir myndvísri og hnitmiðaðri leikstjórn Benedikts, ekki síst eftir að kella sýnir klærnar, með skemmtilega stílfærðum pósum og handatilburðum, þar sem bæði hitlerskveðjunni og verkalýðshnefanum bregður fyrir.

Leikgerðin er eðlilega byggð á snjallri þýðingu Kristjáns Árnasonar frá áttunda áratugnum. Hvað segja þeir nú, sem eru sífellt að tönnlast á því, að það verði að þýða öll leikrit á nokkurra áratuga fresti, af því að málið sé svo fljótt að fyrnast!? Kristján þýddi Lýsiströtu einnig afburðavel; það er mikill missir fyrir bókmenntir okkar og leiklist að leikhússtjórnendur skuli ekki hafa haft rænu á að fá þennan hógværa meistara til að þýða fleiri verk skáldsins, helst öll vitaskuld. Því að Aristófanes er eitt þeirra skálda sem hver menningarþjóð þarf að eiga á sinni eigin tungu. Og það komplett!

Tónlist Egils Ólafssonar hljómaði vel og ljóð hans, lagt í munn pattaralegri frelsisgyðju strax eftir hlé, sniðugt. Og leikslokin í senn grínaktug og hrollvekjandi: allir leggjast í sukk og svall, það er að segja allir hinir frjálsbornu – á meðan þrælarnir halda áfram að þræla. Ekki alveg ókunnugleg heimsmynd, er víst óhætt að segja!

Jón Viðar Jónsson

**NIÐURSTAÐA:** Vel unnin og lífleg útfærsla á 2.500 ára gömlum satíruleik Aristófanesar, frekar þyngslalegu verki um afar áhugaverð pólitísk álitamál sem enn eru í fullu gildi – illu heilli!

# Kvartett Stínu Ágúst annað kvöld á Kex

Söngkonan Stína Ágúst og kvartett hennar leika væmna standarda úr amerísku söngbókinni og hressandi dægurlög á djasskvöldi Kex Hostels.

Kvartett söngkonunnar Stínu Ágúst kemur fram á næsta djasskvöldi Kex Hostels annað kvöld. Stína er búsett í Svíþjóð en hefur einnig búið og starfað í Kanada. Auk hennar skipa hljómsveitina þeir Árni Heiðar Karlsson á píanó, Þorgrímur Jónsson á kontrabassa og Einar Scheving á trommur. Þau munu flytja væmna standarda úr amerísku söngbókinni í bland við hressandi dægurlög. Árið verður kvatt með pompi og prakt og vonandi nokkrum trommusólóum. Stína mætir sem fyrr í glimmerdressi og alltof háum skóm og kemur fólki í áramótaskap með óviðeigandi bröndurum og skemmtilegum danssporum, að því er fram kemur í fréttatilkynningu.

Mælt er með því að fólk mæti með eyrun í lagi og tilbúið að hrista af sér allt jólastress því líðandi ári verður fagnað með seiðandi og sófistíkeruðum tónum. Tónlistin hefst kl. 20.30 og stendur í um tvær klukkustundir með hléi.



**DÍVAN** Stína er þekkt fyrir glæsilegan klæðnað og líflega sviðsframkomu á tónleikum.






BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# AFGREIÐSLUTÍMI LAUGARDAG 10:00-




BÓNUS EKKERT BRUÐL

VISA



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
-19:00 SUNNUDAG 11:00-19:00
3598 krónur kg.
ÍSLANDSLAMB
FERSKT LAMBAFILLET
ÍSLANDS NAUT
2598 krónur kg
ÍSLANDSNAUT UNGNAUTAPIPARSTEIK
ÍSLANDS NAUT
3598 krónur kg.
ÍSLANDSNAUT FERSKT NAUTA RIBEY
AFGREIÐSLU-TÍMINN Í BÓNUS
28.des Laugardagur 10:00-19:00
29.des Sunnudagur 11:00-19:00
30.des Mánudagur 10:00-20:00
31.des Þriðjudagur 10:00-15:00
ÍSLENSKT HEIÐALAMB
1398 krónur kg.
KJARNAFÆÐI
FERSKT KRYDDAÐ HEIÐALAMBALÆRI
ÍSLANDSNAUT
3598 krónur kg.
ÍSLANDSNAUT
FERSKT NAUTAFILLET
VINSÆLUSTU
kjúklingabringurnar í verslunum Bónus
KYCKLINGFILÉ
1579 krónur 900g.
Frosin forelduð PEKINGÖND
FROSIN FORELDUÐ ÚRBEINUÐ PEKINGÖND
U.Þ.B. 600g 24 PÖNNUKÖKUR OG HOISIN SÓSA
AROMATIC CRISPY DUCK
MATUR FYRIR CA. FJÓRA
2895 krónur. pk.
GRÆNN ASPAS Í BITUM
159 krónur 283g
HEIMA
ASPAS Í BITUM 283g
FRÁ ÞÝSKALANDI
100% KJÖT
2298 krónur kg
FROSIN ÞÝSK ÚRBEINUÐ KALKÚNABRINGA
FRÁ ÞÝSKALANDI
3998 kr. kg.
FROSIN Heil nautalund
SLÁTRUN 2013
1298 krónur kg.
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA FROSIÐ LAMBALÆRI
Veislufugl
1259 kr. kg
Matfugl
með fyllingu
FERSKUR HEILL VEISLUKJÚKLINGUR
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA

# Nýtt ár – sama kjaftæðið

**BAKPANKAR**
Fanneyjar Birnu Jónsdóttur

